

Aðalskipulag Kópavogs 2000-2012



Aðalskipulag Kópavogs 2000-2012



ÚtgefandiBæjarskipulag Kópavogs
Hönnun og umbrot:Kristinn Gunnarsson
Prófarkarlestur:Skafti Þ. Halldórsson
Prentun:Svansprent

© Kópavogsbær 2002

Aðalskipulag Kópavogs 2000-2012 var samþykkt í skipulagsnefnd Kópavogs þann _____ 2002.

Aðalskipulag Kópavogs 2000-2012 sem auglýst hefur verið samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs þann _____ 2002.

Bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum 9. apríl 2002 að fresta ákvörðun um landnotkun á afrétti bæjarins austan Lækjarbotna.

Aðalskipulag þetta var afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra þann _____ 2002.

Aðalskipulag þetta var staðfest af umhverfisráðherra þann _____ 2002.

Aðalskipulag þetta er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem falla undir ákvæði laga nr. 106/2000 m. s. br.

Efnisyfirlit

Samþykkt og staðfesting Aðalskipulags Kópavogs 2000-2012	3
Efnisyfirlit	4
Ávarp bæjarstjóra	6
Ávarp formanns skipulagsnefndar	7
1 Aðalskipulag Kópavogs 2000-2012	9
1.1 Skipulag Kópavogs	9
1.2 Vinnan við gerð Aðalskipulags Kópavogs 2000-2012	9
2 Forsendur	18
2.1 Lög um skipulagsgerð	18
2.2 Lögsagnarumdæmi	18
2.3 Eignarhald	19
2.4 Fjárhagslegar forsendur	20
2.5 Byggðarþróun 1992 til 2000	20
2.6 Helstu áætlanir aðalskipulagsins	22
2.7 Svæðisskipulag 2024	22
3 Umhverfismál	24
3.1 Umhverfisstefna	24
3.2 Umhverfismat skipulagstillagna og mat á umhverfisáhrifum framkvæmda	26
4 Íbúar og húsnæði	28
4.1 Ný íbúðarhverfi í Vatnsendalandi	28
4.2 Eldri íbúðarhverfi og íbúðarbyggð á landfyllingum við Kársnes	33
5 Opín svæði og útivist	35
5.1 Óbyggð svæði	35
5.2 Opín svæði	37
5.3 Íþróttá-, æskulýðs- og tómstundastarf	39
6 Verndun	41
6.1 Bæjarvernd	41
6.2 Fólkvangar og friðlýstar náttúruminjar	45
6.3 Menningarminjar	46

7 Atvinna og athafnasvæði	.47
7.1 Miðbærinn	.48
7.2 Verslunar- og þjónustusvæði	.50
7.3 Athafnasvæði	.50
7.4 Kópavogshöfn	.52
7.5 Efnistökusvæði	.52
8 Samgöngur	.55
8.1 Stígar	.55
8.2 Bílaumferð	.58
8.3 Gatnakerfi	.58
8.4 Almenningsamgöngur	.60
8.5 Flug	.61
9 Veitur og sorp	.62
9.1 Veitur	.62
9.2 Sorp	.64
10 Fræðslu- og menningarmál, félags- og heilbrigðismál	.65
10.1 Leikskólar	.65
10.2 Grunnskólar	.65
10.3 Framhaldsskólar	.66
10.4 Aðrir skólar	.66
10.5 Menningarmál	.68
10.6 Félagsmál	.68
10.7 Heilbrigðismál	.69
10.8 Kirkjur	.69
11 Viðaukar	.70
11.1 Breytingar á landnotkun	.70
11.2 Heimildir	.75
11.3 Ljósmyndir	.78
11.4 Kort, töflur og línurit	.79



Ávarp bærstjóra

Aðalskipulag Kópavogs 2000-2012 lýsir stefnu bærstjórnar um uppbyggingu innan sveitarfélagsins næsta áratuginn. Það kynnir einnig forsendur og markmið í viðfangsefnum bæjarins og rekur leiðir að markmiðunum. Aðalskipulagið er sett fram í greinargerð, á sveitarfélagsuppdrætti og þéttbýlisuppdrætti.

Kópavogur hefur stækkað ört síðasta áratuginn og var uppbyggingin samkvæmt aðalskipulagi bæjarins frá 1994. Frekari uppbygging þarfnaðist nýrra áætlaða og nú var komið að því að vinna nýtt aðalskipulag.

Í Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 er gert ráð fyrir að bærjarlandið milli Kárness og Elliðavatns verði því sem næst fullbyggt við lok skipulagstímabilsins og að þá muni búa 32 til 35 þúsund manns í Kópavogi.

Í nýjum skipulagslögum er aukin kvöð um kynningu og samráð við almenning á öllum stigum vinnunnar við nýtt aðalskipulag. Kópavogur lítur svo á að þátttöku almennings ljúki ekki með útgáfu aðalskipulags. Með því að senda nýjan þéttbýlisuppdrátt til allra heimila bæjarins er íbúum gefinn kostur á kynna sér áætlanir bæjarins á sviði skipulagsmála. Almennigur hefur áhrif á mótun skipulags og því eru bærjarbúar hvattir til að kynna sér nýtt aðalskipulag og taka þátt í allri skipulagsvinnu í framtíðinni enda er Aðalskipulag Kópavogs 2000-2012 ekki hin eina endanlega niðurstaða á öllum atriðum. Reynslan sýnir að það mun taka breytingum í framtíðinni eins og hingað til. Þess vegna er mikilvægt að bærjarbúar hafi sem gleggstar upplýsingar um stefnu bæjarins.

Staðardagskrá Kópavogs, fornleifaskrá Kópavogs og Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins eru með ýmsu móti forsenda og grundvöllur fyrir áætlanir aðalskipulagsins. Staðardagskrá er stefna bæjarins í umhverfismálum og er stefnt að því að hún verði tilbúin á þessu ári. Hún fjallar m.a. um skipulag en nær til mun fleiri þátta í daglegu lífi bærjarbúa en aðalskipulag.

Fornleifaskrá fyrir heimaland Kópavogs var gefin út árið 2000. Fornleifaskrá fyrir aðra hluta bærjarlandsins verður unnin á næstu árum. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins er samvinnuverkefni sveitarfélaganna á svæðinu. Svæðisskipulagið var unnið á sama tíma og Aðalskipulag Kópavogs 2000-2012.

Aðalskipulagið var unnið hjá bæjarskipulagi undir stjórn skipulagsstjóra bæjarins Birgis H. Sigurðssonar sem naut liðsinnis margra af deildum bæjarins. Bærstjórn og fagnefndir fjölluðu ítarlega um skipulagið í heild eða einstaka þætti þess. Ennfremur átti Kópavogur gott samstarf við Skipulagsstofnun við mótun tillögunnar.

Öllum þessum aðilum kann ég hinar bestu þakkir fyrir mikið og gott starf.

Það er von mín að þetta aðalskipulag eigi eftir að reynast farsælt stjórn tæki við markvissa uppbyggingu öflugs og farsæls mannlífs í Kópavogi framtíðarinnar.

Sigurður Geirdal.



Ávarp formanns skipulagsnefndar

Aðalskipulag Kópavogs 2000-2012 var staðfest af umhverfisráherra 23. apríl 2002. Með staðfestingunni var jafnframt fellt úr gildi aðalskipulagið sem gefið var út árið 1994.

Það hefur verið ánægjulegt að sitja í skipulagsnefnd og taka þátt í mótun aðalskipulagsins. Skipulagsnefnd hefur unnið að gerð skipulagsins í góðri samvinnu við bæjarbúa, nefndir bæjarins, bæjarráð og bæjarstjórn.

Aðalskipulagið tekur með einhverjum hætti á flestu því sem fellur undir starfs svið bæjarstjórnarinnar. Eins og gefur að skilja þá er megin áherslan á landnotkun, byggðarþróun, samgöngur og umhverfismál. Inn í skipulagið fléttast líka íþrótt-, skóla- og félagsmál svo fátt eitt sé nefnt. Það má því segja að aðalskipulagið sé leiðsögn yfirvalda í hverju sveitarfélagi og því mikilvægt vanda vel til verksins. Gerð aðalskipulags er mikið verk fyrir bæ eins og Kópavog enda hefur verið unnið sleitulaust að gerð þess síðastliðin þrjú ár. Skipulagið er hins vegar ekki endanleg niðurstaða og getur að sjálfsögðu tekið breytingum, enda á það að vera í stöðugri endurskoðun.

Eins og sjá má á þéttbýlisupprættinum þá er búið að leggja línurnar fyrir nánast alla þá íbúðarbyggð sem kostur er á í bæjarlandinu. Framundan eru uppbygging á Vatnsendasvæðinu sem ég tel vera fallegasta byggingarsvæði sem í boði verður á öllu höfuðborgarsvæðinu á næstu árum. Möguleikar til fjölbreyttrar útivistar verða meiri þar en nokkurt annað sveitarfélag getur boðið upp á.

Að lokum vil ég færa skipulagsstjóra Birgi H. Sigurðssyni og starfsfólki hans innilegar þakkir fyrir þeirra framlag. Sérstaklega vil ég þakka Ólafi B. Halldórssyni sem hefur nær eingöngu helgað sig gerð skipulagsins meðan að gerð þess hefur staðið yfir. Síðast en ekki síst þakka ég skipulagsnefnd fyrir gott samstarf og það er trú mín að skipulagið sé grunnur að því að gera Kópavog að enn betri bæ á næstu árum.

Ármann Kr. Ólafsson.

Stjórn, nefndir og ráð bæjarins sem fjölluðu um Aðalskipulags Kópavogs 2000-2012

Bæjarstjórn

Aðalfulltrúar

Ármann Kr. Ólafsson
Birna G. Bjarnadóttir
Bragi Michaelsson
Flosi Eiríksson
Gunnar I. Birgisson
Halla Halldórsdóttir
Hansína Á. Björgvinsdóttir
Kristín Jónsdóttir
Sigrún Jónsdóttir
Sigurður Geirdal
Sigurrós Þorgrímsdóttir
Varafultrúar
Ásdís Ólafsdóttir
Birna Sigurjónsdóttir
Erla Björk Þorgeirsdóttir
Guðmundur Oddsson
Gunnsteinn Sigurðsson
Magnús Norðdahl
Margrét Björnsdóttir
Ómar Stefánsson
Sigfús A. Schopka
Sigurbjörg Vilmondardóttir
Vilmar Pétursson

Bæjarráð

Gunnar I. Birgisson, formaður
Ármann Kr. Ólafsson
Sigurður Geirdal
Flosi Eiríksson
Sigrún Jónsdóttir

Atvinnumálanefnd

Aðalmenn

Gestur Valgarðsson, formaður
Pétur Björnsson
Pétur Birgisson
Kristín Á. Guðmundsdóttir
Steingrímur Steingrímsson

Varamenn:

Halldór Högnason
Stefán Magnússon
Sigríður Jónasdóttir
Heiðrún Sverrisdóttir
Baldvin Björgvinsson

Byggingarnefnd

Aðalmenn:

Gunnsteinn Sigurðsson, formaður
Erla Björk Þorgeirsdóttir
Ómar Stefánsson
Gunnar Magnússon
Logi Kristjánsson
Varamenn:
Jónas Frímannsson
Gunnlaugur K. Hjálmarsson
Þorvaldur Guðmundsson
Ragna Karlsdóttir
Ingibjörg Hinriksdóttir

1 Aðalskipulag Kópavogs 2000-2012

Forsendur Aðalskipulags Kópavogs 2000-2012 eru lög og reglugerðir um skipulags- og byggingarmál, áherslur og markmið bæjarstjórnar og möguleikar og takmarkanir á nýtingu bæjarlandsins frá náttúrunnar hendi. Áætlanir byggja ekki aðeins á framreiknuðum tölum um íbúafjölda, bifreiðaeign og umferð heldur líka á almennum viðhorfum til viðfangsefna aðalskipulags hverju sinni. Þá hvíla þær á samstarfi við önnur sveitarfélög og fjárhagslegu bolmagni sveitarfélagsins til þess að framfylgja skipulagsáætlunum sínum.

Viðfangsefni aðalskipulagsins eru þau sömu og í fyrra skipulagi en úrlausn þeirra byggir í ríkara mæli en áður á umhverfissjónarmiðum.

1.1 Skipulag Kópavogs

Yfirstjórn skipulagsmála í Kópavogi.

Bæjarstjórn fer með stjórn bæjarfélagsins og skal ekkert mál er varðar hagsmuni þess til lykta leitt án samþykktar hennar. Undir bæjarstjórn heyra um þrjú tugir fagnefnda og ráða. Skipulagsnefnd er ein þeirra og fer hún með skipulagsmál bæjarins í umboði bæjarstjórnar. Skipulagsstjóri er framkvæmdastjóri skipulagsnefndar og umhverfisráðs og er yfirmaður skipulagsmála í bænum.

Skipulag.

Aðalskipulag er áætlun sem að öllu jöfnu nær til eins sveitarfélags. Það nær til alls lands sveitarfélagsins og er stefnuyfirlýsing sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngur og þróun byggðar. Aðalskipulag er því samþætting á viðfangsefnum og áætlunum sveitarfélagsins.

Deiliskipulag er áætlun fyrir afmörkuð svæði eða reiti innan sveitarfélags sem byggð er á aðalskipulagi og kveður nánar á um útfærslu þess.

Aðalskipulag Kópavogs er unnið samhliða gerð svæðisskipulags fyrir öll sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins til ársins 2024. Kópavogsbær átti tvo fulltrúa í samvinnunefnd sem stýrði því verki. Svæðisskipulagið er ein af forsendunum fyrir Aðalskipulag Kópavogs.

Hverfakort er ekki lögbundin skipulagsáætlun. Það er eingöngu unnið fyrir hverfi sem teljast fullbyggð og er leiðbeinandi fyrir gerð deiliskipulags og framkvæmdaáætlunar. Í hverfakorti er fyrst og fremst fjallað um umferð, húsnæði, þjónustu, útivistarsvæði, umhverfi og íbúafjölda.

Fyrri skipulagsáætlanir Kópavogs.

Skipulag elsta hluta Kópavogs byggir á skiptingu landsins í erfðaleigulönd á fjórða áratug 20. aldar. Eiginleg skipulagsvinna hófst árið 1946 þegar gert var skipulag fyrir hluta Digranesháls. Í framhaldinu voru smærri svæði bæjarins skipulögð. Vinna við fyrsta heildarskipulag bæjarins hófst árið 1965 og árið 1970 var samþykkt nýtt aðalskipulag fyrir bæinn. Tvisvar hefur Aðalskipulag Kópavogs verið staðfest, árin 1990 og 1994.

Með staðfestingu Aðalskipulags Kópavogs 2000-2012 fellur úr gildi Aðalskipulag Kópavogs 1992-2012 en það var gefið út árið 1994. Samþykkt deiliskipulag er til fyrir stærstan hluta heimalandsins. Um miðjan tíunda áratuginn var gefið út hverfaskipulag fyrir vestur- og austurbæ Kópavogs.

1.2 Vinnan við gerð Aðalskipulags Kópavogs 2000-2012

Vinna við gerð Aðalskipulags Kópavogs 2000-2012 stóð yfir í rúm tvö ár. Hún mótaðist af nýjum áherslum í skipulags- og byggingarlögum sem tóku gildi árið 1998. Í þeim felast meðal annars breytingar á vinnuferli og kynningu

Félagsmálaráð

Aðalmenn:

Hansína Ásta Björgvinsdóttir, formaður
Arnór L. Pálsson
Sveinbjörn Sveinbjörnsson
Birna Bjarnadóttir
Magnús M. Norðdahl

Varamenn:

Sólveig Árnadóttir
Margrét Sigurgeirsdóttir
Linda Björk Bentsdóttir
Kristín Á. Guðmundsdóttir
Birna Sigurjónsdóttir

Húsnæðisnefnd

Aðalmenn:

Halla Halldórsdóttir, formaður
Sveinbjörn Strandberg
Sveinn Sigurðsson
Helga E. Jónsdóttir
Birna Sigurjónsdóttir

Varamenn:

Pétur Maack
Þóra Þórarinsdóttir
Guðmundur Stefánsson
Guðrún Jónsdóttir
Helgi Helgason

Íþrótta- og tómstundaráð

Aðalmenn:

Una María Óskarsdóttir, formaður
Þórir Bergsson
Sigurður Konráðsson
Sigrún Jónsdóttir
Vilmar Pétursson

Varamenn:

Súsanna Gísladóttir
Aðalsteinn Jónsson
Einar Tómasson
Loftur Þór Pétursson
Gylfi Freyr Gröndal

Leikskólanefnd

Aðalmenn:

Sigurrós Þorgrímsdóttir, formaður
Jón Gunnarsson
Ingibjörg Ingvadóttir
Hallveig Thordarson
Kristín Jónsdóttir

Varamenn:

Margrét Halldórsdóttir
Þorgerður Aðalsteinsdóttir
Linda Björk Bentsdóttir
Kolbrún Sigurðardóttir
Ragnheiður Þorsteinsdóttir

tillagna. Viðfangsefni aðalskipulagsins er það sama og við fyrri endurskoðun. Í því er sett fram stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar. Aðalskipulag er sett fram í greinargerð og á þéttbýlisupprætti og sveitarfélagsupprætti. Öllum málaflokkum aðalskipulagsins eru sett meginmarkmið, síðan undirmarkmið og leiðir að þeim.

Aðalskipulag er ekki endanleg niðurstaða því áherslur þess munu breytast í framtíðinni eins og hingað til. Við upphaf hvers kjörtímabils skal bæjarstjórn meta hvort þörf sé á endurskoðun aðalskipulagsins.

Gildistími aðalskipulags skal vera minnst 12 ár. Við þessa endurskoðun Aðalskipulags Kópavogs var ákveðið að miða við skemmstan gildistíma vegna þess að allar líkur eru á því að heimalandið verði fullbyggt á þeim tíma sem skipulagið nær til. Næsta endurskoðun skipulagsins mun því væntanlega fjalla um fullbygðan Kópavog og verða áherslur og markmið skipulagsins að einhverju leyti önnur en í bæ í hröðum vexti.

Aðalskipulag Kópavogs nær til alls lands bæjarins en hingað til hefur það fyrst og fremst verið unnið fyrir heimalandið.

Samhliða gerð aðalskipulagsins var unnið að Staðardagskrá 21 fyrir Kópavog. Sjá 3. kafla, Umhverfismál.

Hverjir taka þátt í gerð aðalskipulags?

Kópavogsbær hefur frumkvæði að gerð aðalskipulags fyrir bæinn og leitar eftir samráði við íbúa, nágrennasveitarfélög og umsagnaraðila sem tilgreindir eru í grein 3.2. í skipulagsreglugerð. Samráð við íbúa fer fram með almennum fundum og kynningum, samráð við nágrennasveitarfélögin felst í gerð svæðisskipulags og samráð við umsagnaraðila byggist á óskum þeirra um tillöguna.

Skipulagsstofnun fer með faglegt eftirlit með því að aðalskipulag samrýmist lögum og reglugerð en umhverfisráðherra, sem er æðsta yfirvald skipulagsmála, staðfestir nýtt aðalskipulag.

Kynning og umfjöllun í nefndum og ráðum bæjarins.

Aðalskipulagið var rætt á 27 fundum skipulagsnefndar, einum í upphafi vinnunnar, fjórum vegna mótunar markmiða og leiða, og þremur fyrir afgreiðslu tillögunnar til bæjarstjórnar. Þá voru ábendingar og athugasemdir sem bárust við tillöguna ræddar á tveimur fundum nefndarinnar.

Atvinnuálanefnd, félagsmálaráð og skólanefnd fjölluðu um aðalskipulagið á tveimur fundum, íprótta- og tólmstundaráð á þremur fundum, umhverfisráð á fimm fundum, bæjarráð á sex fundum og húsnæðisnefnd, umferðarnefnd og leikskólanefnd á einum fundi.

Bæjarstjórn fjallaði um tillögu að aðalskipulagi á fimm fundum og samþykkti á fundi sínum 30. október 2001 að leita heimildar til að auglýsa tillöguna í samræmi við 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Kynning fyrir almenningi.

Sveitarfélag skal kynna aðalskipulagstillögu á þremur stigum vinnunnar skv. skipulags- og byggingarlögum og skipulagsreglugerð sem hér segir:

1. Með samráði við almenning og hagsmunaaðila um mótun tillögu.
2. Með kynningu á tillögu áður en hún verður lögð fyrir bæjarstjórn til formlegrar afgreiðslu.
3. Með formlegri kynningu á tillögu samkvæmt 18. grein skipulags- og byggingarlaga.

Fyrsti almenni kynningarfundurinn var haldinn í Félagsheimili Kópavogs 17. apríl 2000. Tilefni fundarins var að „kynna áform um skipulagsgerð“ eins og segir í grein 3.2 í skipulagsreglugerð. Þar voru kynnt viðfangsefni skipulagsins, forsendur og vinnuferill og óskað eftir ábendingum og hugmyndum frá almenningi. Um 70 manns sóttu fundinn. Umræður snerust mest um Vatnsenda og um umferðamál. Í kjölfar fundarins lögðu íbúar í Vatnsenda fram tillögu að uppbyggingu þar í framtíðinni.

Drög að tillögu að aðalskipulagi voru kynnt á almennum fundi 9. maí 2001. Er það í samræmi við 1. málsgrein, 17. greinar skipulags- og byggingarlaga sem kveður á um almenna kynningu á markmiðum og forsendum skipulagstillögunnar áður

Skipulagsnefnd

Aðalmenn:

Ármann Kr. Ólafsson, formaður
Margrét Björnsdóttir
Stefán Arngrímsson
Tryggvi Felixson
Guðmundur Jónsson
Varamenn:
Pétur Birgisson
Ragnheiður Guðmundsdóttir
Gestur Valgarðsson
Hjördis Magnúsdóttir
Helgi J. Hauksson

Skólanefnd

Aðalmenn:

Bragi Michaelsson, formaður
Sigfús Schopka
Sigurbjörg Vilmundardóttir
Brynhildur Flóvenz
Garðar Vilhjálmsson
Varamenn:
Hildigunnur Högnadóttir
Eyrún Gísladóttir
Ingví Þorkelsson
Hannes Hauksson
Rannveig Jónsdóttir

Umferðarnefnd

Aðalmenn:

Guðmundur Þorsteinsson formaður
Sverrir Matthíasson
Þór Guðmundsson
Þórir Steingrímsson
Heiðrún Sverrisdóttir
Varamenn:
Grétar Norðfjörð
Eiríkur Hreinn Helgason
Kristján Ingimundarson
Hafís Benediktsdóttir
Eyrún Jónsdóttir

Umhverfisráð

Aðalmenn:

Ásdís Ólafsdóttir, formaður
Hafsteinn Reykjálín
Bergþór Skúlason
Margrét Rafnsdóttir
Yr Gunnlaugsdóttir
Varamenn:
Sturla Rafn Guðmundsson
Ragnar Borgþórsson
Ómar Ingi Bragason
Svala Jónsdóttir
Jón Ólafsson

Starfsmenn Kópavogsbæjar sem unnu að gerð Aðalskipulags Kópavogs 2000-2012

Bæjarskipulag

Birgir H. Sigurðsson
Aðalheiður Kristjánsdóttir
Andri Helgi Sigurjónsson
Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir
Málfríður Klara Kristiansen
Ólafur Brynjar Halldórsson
Smári Smárason

Bæjarverkfræðingur

Þórarinn Hjaltason
Friðrik Baldursson
Stefán L. Stefánsson
Steingrímur Hauksson

Félagsmálasvið

Aðalsteinn Sigfússon
Ragnar Snorri Magnússon

en hún er tekin til formlegrar afgreiðslu í bæjarstjórn. Efni tillögunnar var einnig kynnt á heimasíðu Kópavogs á veraldarvefnum. Um þrjátíu manns fengu greinargerðina senda í kjölfar fundarins.

Veturinn 2000 til 2001 hélt Kópavogsbær fjölmarga fundi með íbúum og öðrum hagsmunaaðilum í Vatnsenda. Á fundunum var leitað leiða til að leysa úr mál-efnum hvers og eins og kynna þeim á ítarlegri hátt hugmyndir bæjarins í skipulagsmálum í Vatnsenda. Einnig voru farnar margar vettvangsferðir í kjölfar fundanna.

Tillaga að Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 var kynnt skv. 18. grein skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, frá 19. desember 2001 til 24. janúar 2002. Skipulagið var kynnt hjá Bæjarskipulagi og í Smáralind. Jafnframt var greinargerðin kynnt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, á veraldarvefnum. Frestur til athugasemda var til kl. 15, fimmtudaginn 7. febrúar 2002. Kynninging var auglýst í Lögbirtingarblaðinu 19. desember 2001. Jafnframt var vakin athygli á kynningunni með bæklingi sem sendur var á öll heimili í bænum í byrjun árs 2002. Í bæklingnum var spurningaleikur en svörin við spurningunum var að finna þar sem aðalskipulagið var kynnt.

Athugasemdir og ábendingar vegna kynninga

Tillögur og athugasemdir í kjölfar kynningarfundar í apríl 2000.
Bréf íbúa í Vatnsenda dagsett 13. júní 2000.

Tillögur og athugasemdir í kjölfar kynningarfundar í maí 2001:
Bréf Péturs Valdimarssonar, dagsett 29. maí 2001.
Bréf Rutar Kristinsdóttur og Sigurlaugar Jónsdóttur, dagsett 29. júní 2001.
Bréf Péturs U. Fengers f.h. Strætó bs., ódagsett.

Tillögur og athugasemdir í kjölfar lögboðinnar kynningar frá 19. desember 2001 til 7. febrúar 2002:
Alls bárust athugasemdir frá 16 aðilum við tillöguna á kynningartímanum og frá fjórum aðilum eftir að fresturinn var runninn út.
Þessi bréf bárust fyrir lokafrest kl. 15, fimmtudaginn 7. febrúar 2002:

1. Bréf Ólafs R. Dýrmundssonar, dags. 27. janúar 2002.
2. Bréf Karls Kreidler, dags. 30. janúar 2002.
3. Bréf jafnréttisnefndar Kópavogs, dags. 4. febrúar 2002.
4. Bréf íbúa að Brekkuhvarfi 1, dags. 4. febrúar 2002.
5. Bréf Auðbjargar Bergsveinsdóttur og Jóns Baldurs Þorbjörnssonar, dags. 5. febrúar 2002.
6. Bréf LOGOS lögmannsþjónustu f.h. Niðursuðverksmiðjunnar Ora ehf., dags. 5. febrúar 2002.
7. Bréf Kjartans Reynis Ólafssonar, hrl., f.h. Þorbjargar Guðjónsdóttur, dags. 5. febrúar 2002.
8. Bréf LOGOS lögmannsþjónustu f.h. Kynnisferða sf., dags. 6. febrúar 2002.
9. Bréf Náttúruverndar ríkisins, dags. 6. febrúar 2002.
10. Bréf Péturs Valdimarssonar, dags. 6. febrúar 2002.
11. Bréf Sævars Þórs Guðmundssonar og Guðmundar Þórs Jónssonar, dags. 4. febrúar 2002.
12. Bréf Gerðar G. Óskarsdóttur, dags. 6. febrúar 2002.
13. Bréf Valdimars Skarphéðinssonar, dags. 6. febrúar 2002.
14. Bréf hverfasamtaka Vatnsenda "Sveit í borg", dags. 7. febrúar 2002.
15. Bréf Borgarskipulags Reykjavíkur, dags. 7. febrúar 2002.
16. Bréf stjórnar íbúasamtaka vesturbæjar Kópavogs, dags. 6. febrúar 2002.

Þessi bréf bárust eftir lokafrest kl. 15, fimmtudaginn 7. febrúar 2002.

17. Bréf Halldórs Halldórssonar, dags. 6. febrúar 2002.
18. Bréf Mosfellsbæjar, dags. 5. febrúar 2002.
19. Bréf Svandísar Sigvaldadóttur, Hönnu Báru Guðjónsdóttur, Péturs Hallssonar og Guðmundar Helga Ólafssonar, dags. 5. febrúar 2002.

Athugasemd Ragnars Guðmundssonar, Huldubraut 48, dags. 12. febrúar 2002, barst nokkrum dögum eftir að frestur til athugasemda rann út.

Fræðslu- og menningarsvið
Hrafnhildur Sigurðardóttir
Jón Júlíusson
Kristinn Kristjánsson
Linda Udengard
Sesselja Hauksdóttir
Valdimar F. Valdimarsson

Prófarkalestur
Sigurborg Kr. Hannesdóttir
Sigurður Benjamínsson

Skipulagsskylda

Landið allt er skipulagsskylt. Bygging húsa og annarra mannvirkja ofan jarðar og neðan og aðrar framkvæmdir og aðgerðir, sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess, skulu vera í samræmi við skipulagsáætlunir.

Í skipulagsáætlunum er mörkuð stefna um landnotkun og þróun byggðar. Þar eru sett fram markmið um einstaka þætti varðandi íbúðarbyggð, atvinnusvæði, náttúruvernd, samgöngur o.fl.

Í skipulagsáætlunum skal meðal annars lýsa náttúru og aðstæðum öllum á skipulagssvæðinu við upphaf áætlunarinnar og forsendum þeirrar stefnu sem hún felur í sér. *Útdráttur úr 9. grein Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.*

Skipulagsferillinn

Ákvörðun um gerð skipulags.
Samráð við almenning og hagsmunaaðila um mótun tillögu.
Kynning á tillögu áður en hún verður lögð fyrir bæjarstjórn til formlegrar afgreiðslu.
Kynning fyrir „umsagnaraðilum“.
Formleg kynning á tillögu skv. 18. grein skipulags- og byggingarlaga.
Umsögn um athugasemdir.
Endanleg tillaga.
Afgreiðsla í nefndum.
Samþykkt bæjarstjórnar.
Umsögn Skipulagsstofnunar.
Auglýsing á umsögnum við athugasemdum.
Staðfesting.
Útgáfa.
Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997.

Kynning

Við gerð skipulagsáætlana skal eftir föngum leita eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa og annarra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta um mörkun stefnu og skipulagsmarkmið.
Samráð við almenning og hagsmunaaðila um mótun tillögu.
Kynning á tillögu áður en hún verður lögð fyrir bæjarstjórn til formlegrar afgreiðslu.
18. grein Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.



Umsögn bæjarins var auglýst í Morgunblaðinu þann 14. apríl 2002 og send þeim sem gerðu athugasemdir 26. og 27. mars 2002.

Umsagnaraðilar.

Við skipulagsgerð skal haft samráð við þá aðila sem fjalla um eða fara með þá málaflokka sem aðalskipulagið fjallar um. Í byrjun september 2001 sendi Bæjarskipulag eftirtöldum aðilum handrit að greinargerð (dagsett 28. ágúst 2001) til umsagnar: Siglingastofnun Íslands vegna Kópavogshafnar, Landbúnaðarráðuneytinu vegna landbúnaðarsvæða, Vegagerðinni vegna samgangna, Flugmálastjórn vegna flugsamgangna, Náttúruvernd ríkisins vegna náttúruverndarsvæða, Þjóðminjasafni Íslands vegna fornleifa, Hollustuvernd ríkisins vegna flokkunar strandsvæða og Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæmis vegna kirkjugarðs. Handritið var einnig sent yfirvöldum á Seltjarnarnesi, í Mosfellsbæ, Reykjavík, Garðabæ, Hafnarfirði og Bessastaðahreppi.

Svör höfðu borist frá sjö aðilum fyrir kynningu á aðalskipulaginu, skv. 18. grein skipulags- og byggingarlaga sem hófst 19. desember 2001.

Siglingastofnun Íslands hefur ekki svarað erindi Bæjarskipulags.

Landbúnaðarráðuneytið svaraði með bréfi dagsettu 6. september 2001.

Vegagerðin hefur ekki svarað erindi Bæjarskipulags.

Flugmálastjórn hefur ekki svarað erindi Bæjarskipulags.

Náttúruvernd ríkisins svaraði með bréfi dagsettu 28. september 2001.

Fornleifavernd ríkisins svaraði með bréfi dagsettu 13. nóvember 2001.

Hollustuvernd ríkisins hefur ekki svarað erindi Bæjarskipulags.

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæmis hafa ekki svarað erindi Bæjarskipulags.

Mosfellsbær svaraði með tölvupósti dagsettum 17. september 2001 og bréfi dagsettu 20. september 2001.

Seltjarnarneskaupstaður svaraði með bréfi dagsettu 18. september 2001.

Reykjavík hefur ekki svarað erindi Bæjarskipulags.

Garðabær hefur lagt fram ábendingar á fundum með Bæjarskipulagi vegna aðalskipulagsins.

Hafnarfjörður svaraði með bréfi dagsettu 16. október 2001.

Bessastaðahreppur svaraði með tölvupósti dagsettum 18. september 2001.

Samstarf við Skipulagsstofnun

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn skipulags- og byggingarmála og Skipulagsstofnun er honum til ráðgjafar. Hlutverk Skipulagsstofnunar er meðal annars að hafa eftirlit með framkvæmd skipulagslaga, veita ráðgjöf og fylgjast með stöðu skipulagsmála hjá sveitarfélögunum.

Við vinnu við nýtt aðalskipulag Kópavogs leitaði Bæjarskipulag ráða hjá Skipulagsstofnun strax í byrjun og síðar við aðdraganda kynninga. Starfsmenn Skipulagsstofnunar lásu yfir tillögu að greinargerð skipulagsins á öllum stigum vinnunnar og komu með gagnlegar ábendingar.

Afgreiðsla skipulagsnefndar, bæjarráðs og bæjarstjórnar

Skipulagsnefnd Kópavogs samþykkti tillögu að Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 á fundi sínum 25. febrúar 2002. Nefndin samþykkti einnig umsögn Bæjarskipulags um athugasemdir og ábendingar sem bárust vegna kynningar á tillögunni.

Tillagan lögð fram að nýju ásamt athugasemdum og ábendingum er borist höfðu ásamt ofangreindri umsögn Bæjarskipulags.

A. Skipulagsnefnd samþykkti eftirfarandi leiðréttingar á auglýstum þéttbýlisupprætti aðalskipulagsins:

1. Leikskóli við Rjúpnasali verði sýndur með táknlit stofnanasvæða en ekki með táknlit íbúðarsvæðis eins og fram kemur á auglýstum þéttbýlisupprætti.
2. Sundlaug og íþróttahús við Salaskóla verði sýnd með táknlit stofnanasvæða en ekki sem opið svæði til sérstakra nota eins og fram kemur á auglýstum þéttbýlisupprætti.

Kynning á skipulagstillögu

Áður en tillaga að aðalskipulagi eða verulegum breytingum á því er tekin til formlegrar afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan, markmið hennar og forsendur kynnt íbúum sveitarfélagsins á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Skal kynningin auglýst með áberandi hætti. Einnig skulu tillögurnar kynntar sveitarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga.

Að lokinni kynningu skal tillagan lögð fyrir sveitarstjórn til fyrri umræðu. Sveitarstjórn skal að henni lokinni senda Skipulagsstofnun tillöguna til athugunar. Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst henni skal tillagan auglýst óbreytt samkvæmt 18. grein. Telji Skipulagsstofnun að tillagan fullnægi ekki settum kröfum um aðalskipulag skal hún leita samkomulags við sveitarstjórn um breytingar. Náist ekki samkomulag er sveitarstjórn engu að síður heimilt að auglýsa tillöguna en sýna skal athugasemdir Skipulagsstofnunar við hana.

17. grein Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

B. Skipulagsnefnd samþykkti eftirfarandi breytingar á greinargerð aðalskipulagsins:

1. Í inngang í kafla 7, ATVINNA OG ATHAFNASVÆÐI, komi eftirfarandi málsgrein: Opnun og rekstur næturklúbba skv. skilgreiningu um veitinga- og gististaði, nr. 66/2000 er ekki heimil í sveitarfélaginu. Þessu ákvæði verður fylgt eftir í deiliskipulagi á grundvelli greinar 3.1.4 í skipulags-reglugerð nr. 400/1998 sem heimilar þrengri skilgreiningu á landnotkun en gert er í aðalskipulagi.
2. Í inngang í kafla 9, VEITUR OG SORP, komi eftirfarandi málsgrein: Bækistöðvar slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins eru á þremur stöðum í Reykjavík og einum í Hafnarfirði.
3. Í kafla 5.1, ÓBYGGÐ SVÆÐI, þar sem fjallað er um umhverfisvöktun verði bætt eftirfarandi setningu: Á grundvelli niðurstaðna verði lokið gerð heildstæðrar og vel rökstuddrar vöktunaráætlunar.

C. Skipulagsnefnd samþykkti umsögn Bæjarskipulags um framkomnar athugasemdir og ábendingar. Umsögnin er dags. 19. febrúar 2002.

D. Eftirfarandi bókun lögð fram og samþykkt:

Ellidavatnsvegur í núverandi legu er þjóðvegur. Í athugasemdum og ábendingum við auglýsta tillögu að Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 hafa komið fram áhyggjur m.a. íbúa um breytta legu Ellidavatnsvegur og flokkun hans sem þjóðvegur, en sem þjóðvegur muni vegurinn verða áfram í umsjá Vegagerðarinnar en ekki Kópavogsbæjar. Helgunarsvæði þjóðvega er 60 m breitt eins og stofnbrauta og því geti komið til þess að skipulagi Ellidavatnsvegur verði breytt síðar úr tveggja akreina tengibraut, eins og drög að deiliskipulagi fyrir Norðursvæði Vatnsendalands gera ráð fyrir, í fjögurra akreina stofnbraut. Í athugasemdunum hefur jafnframt komið fram að Ellidavatnsvegur, sem þjóðvegur, geti þjónað efri byggðum höfuðborgarsvæðisins, einn og sér og orðið jafnvel til þess að framkvæmdum við fyrirhugaðan Arnarnesveg í vestanverðu Vatnsendahvarfi verði slegið á frest eða fallið verið alfarið frá lagningu Arnarnesvegur sem samkvæmt skipulagi á að verða stofnbraut svæðisins.

Það er skoðun skipulagsnefndar að verði Ellidavatnsvegur í framtíðinni nýttur sem stofnbraut fyrir efribyggðir höfuðborgar-svæðisins muni það hafa alvarlegar afleiðingar fyrir byggð í Vatnsenda. Skipulagsnefnd leggur því til við bæjarráð og bæjarstjórn að Kópavogsbær óski eftir því við ríkisvaldið að Ellidavatnsvegur, austan Hörðuvalla, verði felldur út af þjóðvegaskrá og að veghaldari Ellidavatnsvegur verði Kópavogsbær en ekki Vegagerðin. Tillaga að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins verði leiðrétt hvað þetta varðar.

Skipulagsnefnd leggur jafnframt til að í deiliskipulagi Norðursvæðis Vatnsendalands sem nú er unnið að, verði Ellidavatnsvegur tveggja akreina tengibraut í 40 m breiðu veghelgunarsvæði. Þjóðvegurinn frá Garðabæ verði um Hörðuvelli og tengist því Arnarnesvegi við Salahverfi. Þá leggur skipulagsnefnd til að skorað verði á ríkisvaldið um að lagningu Arnarnesvegur í vestanverðu Vatnsendahvarfi verði flýtt til ársins 2005 eða til þess tíma sem drög að vegaáætlun gerði ráð fyrir lagningu Ellidavatnsvegur. Þannig er betur tryggt að Ellidavatnsvegur þjóni eingöngu byggð í Vatnsenda.

Trygvi Felixson og Guðmundur R. Jónsson bóka:

Vegna ábendinga sem fram hafa komið um íbúafjölda í Vatnsendahverfi og aðlögun nýrra mannvirkja og núverandi byggðar, viljum við koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri:

Við teljum mikilvægt að við þróun deiliskipulags á norður- og suðursvæði verði áfram haft gott samráð við íbúa á svæðinu og reynt að koma á móts við sjónarmið um aðlögun eldri og nýrri byggðar. Þetta gæti þýtt að ekki reynist unnt að ná markmiðum um 5000 manna byggð.

Við gerð deiliskipulags á norðursvæði verði vegastæði Vatnsendavegar endurmetið.

Það er rík ástæða til að endurmeta deildiskipulag fyrir F-reit í tengslum við gerð deiliskipulags fyrir norðursvæði.

Ármann Kr. Ólafsson, Margrét Björnsdóttir og Pétur Birgisson bóka:

Í kynnisferð skipulagsnefndar um Vatnsendasvæðið þann 22/2 var vegastæði

Vatnsendavegar skoðað sérstaklega. Kom þá upp sú hugmynd fulltrúa minnihluta og meirihluta að skoða bæri sérstaklega hvort ekki væri rétt að mjókka væntanlegt helgunarsvæði vegarins úr 60m í 40m svo ljóst væri að ekki verði rými fyrir þjóðveg í framtíðinni. Í framhaldinu voru því skoðaðar 4 tillögur að vegstæðum. Þykir meirihluta nefndarinnar rétt að áréttu að í þeirri endurskoðun var nefndin sammála um að besta lausnin væri samkvæmt því sem fram kemur í bókun D hér að ofan.

E. Þá lögð fram tillaga að Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, með ofangreindum breytingum og leiðréttingum; greinargerð, þéttbýlisuppráttur og sveitarfélagsuppráttur. Skipulagsnefnd samþykkir framlagða tillögu og vísar henni til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

Bæjarráð samþykkti fundargerð skipulagsnefndar 1. mars 2002. Á fundinum tóku Flosi Eiríksson og Birna Bjarnadóttir undir sjónarmið þau sem fram komu í bókun Tryggva Felixsonar og Guðmundar R. Jónssonar í lið D.

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti Aðalskipulagið á fundi sínum 12. mars 2002 sbr. fundargerð:

Lögð fram til síðari umræðu tillaga Bæjarskipulags að Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, greinargerð, þéttbýlisuppráttur, sveitarfélagsuppráttur ásamt skýringaruppráttum. Tillagan var auglýst í samræmi við 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, frá 19. desember 2001 til 24. janúar 2002. Frestur til að skila inn athugasemdum og ábendingum rann út 7. febrúar 2002. Athugasemdir og ábendingar bárust frá 16 aðilum auk fjögurra aðila eftir að athugasemdafrestur var liðinn. Þá voru lagðar fram athugasemdir og ábendingar er tillagan var auglýst ásamt umsögn Bæjarskipulags. Umsögnin ásamt fylgiskjöllum er dags. 19. febrúar 2002.

Á fundi skipulagsnefndar 25. febrúar 2002 voru samþykktar eftirfarandi leiðréttingar og breytingar:

A. (leiðréttingar á þéttbýlisupprætti):

1. Leikskóli við Rjúpnasali verði sýndur með táknlit stofnanasvæða en ekki með táknlit íbúðarsvæðis eins og fram kemur á auglýstum þéttbýlisupprætti.
2. Sundlaug og íþróttahús við Salaskóla verði sýnd með táknlit stofnanasvæða en ekki sem opið svæði til sérstakra nota eins og fram kemur á auglýstum þéttbýlisupprætti.
3. Í umsögn Bæjarskipulags bls. 10. um athugasemd VII. 1 kemur fram að göngustígur á landi Vbl. 42 verði aðlagður gildandi deiliskipulagi.
4. Í umsögn Bæjarskipulags bls. 22. um athugasemd XVII. 1 kemur fram að reiðstígur á landi Vbl. 45 hafi verið færður út fyrir afmörkun leigulandsins.

B. (breytingar/leiðréttingar á greinargerð):

1. Í inngang í kafla 7, ATVINNA OG ATHAFNASVÆÐI, komi eftirfarandi málsgrein: Opnun og rekstur næturklúbba skv. skilgreiningu um veitinga- og gististaði, nr. 66/2000 er ekki heimil í sveitarfélaginu. Þessu ákvæði verður fylgt eftir í deiliskipulagi á grundvelli greinar 3.1.4 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 sem heimilar þrengri skilgreiningu á landnotkun en gert er í aðalskipulagi.
2. Í inngang í kafla 9, VEITUR OG SORP, komi eftirfarandi málsgrein: Bækistöðvar slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins eru á þremur stöðum í Reykjavík og einum í Hafnarfirði.
3. Í kafla 5.1, ÓBYGGÐ SVÆÐI, þar sem fjallað er um umhverfisvöktun verði bætt eftirfarandi setningu: Á grundvelli niðurstaðna verði lokið gerð heildstæðrar og vel rökstuddrar vöktunaráætlunar.
4. Í köflum 8.2, BÍLAUMFERÐ, og 8.3, GATNAKERFI, þar sem fjallað er um umferð á Arnarnesvegi kemur fram að vegurinn þurfi að anna 10 þús. bílum á sólarhring. Ármann Kr. Ólafsson formaður skipulagsnefndar kynnti ofangreinda tillögu og lagði til að hún yrði samþykkt. Flosi Eiríksson ræddi hana næstur, þá Gunnar I. Birgisson, og Kristín Jónsdóttir sem flutti eftirfarandi tillögu:

„Breytingartillaga.

Á bls 43 í lok annarrar málsgreinar, þar sem stendur: „haldið er opnum möguleika á að hátæknimiðstöð geti risið í landi Lundar í Fossvogsdal“, þar bættist við: „enda verði ný byggð á Lundarsvæðinu aðlöguð að byggðinni sem er austan og sunnan við svæðið“.

Kristín Jónsdóttir“

Bragi Michaelsson tók fyrstur til máls eftir matarhlé um tillögu um Aðalskipulag Kópavogs. Sigrún Jónsdóttir talaði næst, þá Birna Sigurjónsdóttir, Bragi Michaelsson, Ármann Kr. Ólafsson. Flosi Eiríksson óskaði eftir fundarhléi. Bragi Michaelsson lagði fram þá breytingartillögu við tillögu Kristínar Jónsdóttur að orðin „láreist og“ bættustu við þannig að byggð þar yrði láreist og aðlöguð að byggðinni sem er austan og sunnan við svæðið.

Sigrún Jónsdóttir ræddi aðalskipulag út frá umferðartæknilegum forsendum, tengingar Hafnarfjarðar- og Fífuhammsvegur, þá Ármann Kr. Ólafsson, sem bar af sér sakir, þá Flosi Eiríksson um Aðalskipulag og flutti eftirfarandi bókun fulltrúa Kópavogslista:

“Undirrituð samþykkja aðalskipulag Kópavogs 2000-2012. Við gerum þó fyrirvara við íbúafjölda á Vatnsendasvæðinu sem við teljum of mikinn samkvæmt skipulagstillögunni.

Flosi Eiríksson Sigrún Jónsdóttir Kristín Jónsdóttir Birna Sigurjónsdóttir”
Ármann Kr. Ólafsson ræddi skipulagið næstur og fagnaði því að eining virtist hafa myndast um helstu niðurstöður Aðalskipulags. Ásdís Ólafsdóttir ræddi Aðalskipulagið út frá nokkrum forsendum.

Forseti bar undir atkvæði breytingartillögu Braga Michaelssonar við breytingartillögu Kristínar Jónsdóttur.

Hafnað með 4 atkvæðum gegn 6 og einn sat hjá.

Forseti bar undir atkvæði breytingartillögu Kristínar Jónsdóttur.

Samþykkt með 8 samhljóða atkvæðum.

Forseti bar undir atkvæði ofangreinda tillögu Bæjarskipulags Kópavogs að bókun um Aðalskipulags Kópavogs 2000-2012. Flosi Eiríksson óskaði eftir nafnakalli.

Hansína Björgvinsdóttir sagði já.

Kristín Jónsdóttir gerði grein fyrir atkvæðinu, sagði já en vísaði til fyrirvara fulltrúa Kópavogslista í bókun.

Margrét Björnsdóttir sagði já.

Ómar Stefánsson sagði já.

Sigrún Jónsdóttir gerði grein fyrir atkvæði sínu, sagði já en vísaði til fyrirvara fulltrúa Kópavogslista í bókun auk þess sem hún gerði fyrirvara við mislæg gatnamót Fífuhammsvegur og Hafnarfjarðarvegur.

Sigurrós Þorgrímsdóttir sagði já.

Ármann Kr. Ólafsson sagði já.

Birna Sigurjónsdóttir sagði já og vísaði til fyrirvara í bókun Kópavogslista.

Flosi Eiríksson gerði grein fyrir atkvæði sínu, sagði já, vísaði til fyrirvara í bókun fulltrúa Kópavogslista og óskað bæjarstjórn til hamingju með samhljóða afgreiðslu Aðalskipulags Kópavogs.

Bragi Michaelsson gerði grein fyrir atkvæði sínu með eftirfarandi bókun:

“Þótt breytingartilaga mín um lágreista byggð í Lundarlandi hafi verið felld samþykki ég Aðalskipulag Kópavogs 2000 — 2012 og segi já. Ég vonast til þess að Bæjarstjórn Kópavogs beri gæfu til þess að samþykkja lágreista byggð í Lundarlandi og aðlaga hana byggð í Fossvogsdal”.

Ásdís Ólafsdóttir sagði já.

Bæjarstjórn samþykkti þannig með 11 atkvæðum framlagða tillögu að Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, greinargerð, þéttbýlisupprátt í mkv. 1:10.000 og sveitarfélagsupprátt í mkv. 1:50.000 með ofangreindum leiðréttingum og breytingum. Bæjarstjórn samþykkir jafnframt umsögn Bæjarskipulags um framkomnar athugasemdir og ábendingar. Bæjarstjórn felur skipulagsstjóra að senda Skipulagsstofnun Aðalskipulag Kópavogs 2000-2012 til afgreiðslu.

Staðfesting ráðherra og gildistaka nýs aðalskipulags.

[Vegna ágreinings um lögsögu og lögsögumörk Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness í fráttu ofan Lækjarbotna lagði Skipulagsstofnun til að skipulagi þar yrði frestað. Bréf Skipulagsstofnunar frá 8. apríl 2002:

„Vísað er til erindis Kópavogsbæjar dags. 13. mars 2002 þar sem Skipulagsstofnun er sent Aðalskipulag Kópavogs 2000-2012 til afgreiðslu skv. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga. Fyrir liggur að ágreiningur er um lögsögumörk Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarneskaupstaðar, sbr. bréf Seltjarnarneskaupstaðar dags. 18. september 2001, bréf Mosfellsbæjar dags. 5. febrúar 2002 og umfjöllun í kafla 2.2 í greinargerð aðalskipulagsins.

Skipulagsstofnun telur að ekki sé unnt að staðfesta landnotkun á því svæði sem ágreiningur um lögsögu er um, þ.e. á afrétti ofan Lækjarbotna og leggur til að skipulagi á því svæði verði frestað, sbr. 20. gr. skipulags- og byggingarlaga, þar til ágreiningur um mörk sveitarfélaganna hefur verið leystur. Sveitarfélagsupprætti verði breytt á þann veg að þetta svæði verði ólitað og merkt "skipulagi frestað", sbr. gr. 4.23 og viðauka 1 í skipulagsreglugerð. Lagfæra þarf umfjöllun í greinargerð til samræmis við þessar breytingar á upprætti. Skipulagsstofnun mun gera samsvarandi kröfu til frágangs aðalskipulags fyrir Mosfellsbæ og Seltjarnarness til staðfestingar umhverfisráðherra þegar þar að kemur.

Annar möguleiki í þeirri stöðu sem komin er upp væri sá að fresta staðfestingu aðalskipulags þeirra sveitarfélaga sem hlut eiga að máli þar til skorið hefur verið úr ágreiningi um lögsögumörk."

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti á fundi sínum 9. apríl 2002 eftirfarandi bókun:

„Bæjarstjórn Kópavogs samþykkir að fresta ákvörðun um landnotkun á umrættu svæði sbr. upprátt í mkv. 1:50.000 dags. 9. apríl 2002. Jafnframt samþykkir bæjarstjórn að fela bæjarstjóra í samvinnu við bæjarstjóra Mosfellsbæjar og bæjarstjóra Seltjarnarness að koma á laggirnar viðræðunefnd til að yfirfara sveitarfélagamörk á umræddu svæði.“

Samþykktin hefur áhrif á kafla 5.1, sem fjallar m.a. um skógrækt, kafla 7.4, sem fjallar um flug og 8.5, sem fjallar um efnisnám.

Skipulagsstofnun sendi umhverfisráðuneytinu aðalskipulagið 11. apríl 2002 og mælti með að það verði staðfest skv. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga. Umhverfisráðherra staðfesti Aðalskipulag Kópavogs 2000-2012 þann 23. apríl 2002.

Staðfest gögn aðalskipulagsins eru greinargerð, þéttbýlisuppráttur í mælikvarða 1:10.000 og sveitarfélagsuppráttur í mælikvarða 1:50.000.

Texti á spássíum í greinargerð er til útskýringar á hugtökum eða tilvitnun í lög sem eiga við hverju sinni.

Forsendur Aðalskipulags Kópavogs 2000-2012 eru lög og reglugerðir um skipulags- og byggingarmál, áherslur og markmið bæjarstjórnar og möguleikar og takmarkanir á nýtingu bæjarlandsins frá náttúrunnar hendi. Áætlanir byggja ekki aðeins á framreiknuðum tölum um íbúafjölda, bifreiðaeign og umferð heldur líka á almennum viðhorfum til viðfangsefna aðalskipulags hverju sinni, samstarfi við önnur sveitarfélög og fjárhagslegu bolmagni sveitarfélagsins til þess að framfylgja skipulagsáætlunum sínum.

Viðfangsefni aðalskipulagsins eru þau sömu og í fyrra skipulagi en úrlausn þeirra byggir í ríkara mæli en áður á forsendum umhverfismála.

2 Forsendur

Forsendur Aðalskipulags Kópavogs 2000-2012 eru lög og reglugerðir um skipulags- og byggingarmál, áherslur og markmið bæjarstjórnar og möguleikar og takmarkanir á nýtingu bæjarlandsins frá náttúrunnar hendi. Áætlanir byggja ekki aðeins á framreiknuðum tölum um íbúafjölda, bifreiðaeign og umferð heldur líka á almennum viðhorfum til viðfangsefna aðalskipulags hverju sinni, samstarfi við önnur sveitarfélög og fjárhagslegu bolmagni sveitarfélagsins til þess að framfylgja skipulagsáætlunum sínum.

Viðfangsefni aðalskipulagsins eru þau sömu og í fyrra skipulagi en úrlausn þeirra byggir í ríkara mæli en áður á forsendum umhverfismála.

2.1 Lög um skipulagsgerð

Ný skipulags- og byggingarlög tóku gildi í ársbyrjun 1998. Í þeim eru nokkrar veigamiklar breytingar frá fyrra lögum sem voru að stofninum til frá árinu 1964. Ný skipulagsreglugerð var gefin út á miðju ári 1998. Reglugerðin er nánari útfærsla á lögum.

Helstu áherslur og nýjungar í skipulags- og byggingarlögum:

Sjálfbær þróun er þróun samfélags sem tekur mið af vistfræðilegum, hagrænum, menningarlegum og félagslegum þörfum núlifandi og komandi kynslóða.

Hverfisvernd kemur í stað bæjarverndar og er einnig umfangsmeiri því að hún getur náð jafnt til byggðar sem náttúruminja.

Framkvæmdaleyfi nær til framkvæmda sem ekki eru háðar byggingarleyfi. Bæjarstjórn gefur út slík leyfi að því tilskyldu að framkvæmdin sé í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum í þeim tilvikum sem það á við..

Aukin er áhersla á kynningu og samráð við íbúa og hagsmunahópa. Tillöguna, markmið hennar og forsendur skal kynna áður en hún verður tekin til formlegrar afgreiðslu í sveitarstjórn.

Úrskurðarnefnd skipulagsmála kveður upp úrskurði í ágreiningsmálum um skipulags- og byggingarmál.

Gera skal grein fyrir landnotkun á öllu landi sveitarfélagsins.

Aðalskipulagi fylgja tveir uppdráttir, þéttbýlisuppdráttur sem nær yfir byggð innan sveitarfélagsins og sveitarfélagsuppdráttur sem nær yfir allt land sveitarfélagsins.

Lög um mat á umhverfisáhrifum frá árinu 2000 eiga m.a. að tryggja að áður en tekin er ákvörðun um framkvæmdir, sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag, hafi farið fram mat á áhrifum þeirra á umhverfið. Sjá nánar kafla 3.2.

2.2 Lögsagnarumdæmi

Lögsagnarumdæmi Kópavogs er um 8.370 hektarar. Heimalandið nær frá Kársnesi í vestri og að Elliðavatni í austri og er um 1.730 hektarar. Stærstur hluti þess er þegar byggður og stefnt er að því að deiliskipulag fyrir austasta hlutann verði tilbúið á árunum 2001 til 2005. Rúm 40% heimalandsins nýtast sem byggingarland samkvæmt þessu aðalskipulagi, um 5% í stofnbrautir og helstu samgöngumannvirki og um helmingur fyrir opin svæði.

Austan Elliðavats er land Kópavogs tvískipt. Syðra svæðið nær frá Heiðmörk og að efstu brún Bláfjalla. Það er um 2.850 hektarar að stærð, allt innan Bláfjallafólkvangs og er háð kvöð um vatnsvernd. Nyrðra svæðið nær frá Lækjarbotnum að Bláfjöllum og er um 3.820 hektarar. Það er að hluta innan Bláfjallafólkvangs og allt háð kvöð um vatnsvernd.

Skipulagsgerð

Í skipulagstillögu skal greina frá og lýsa aðdraganda skipulagsgerðar og meginmarkmiðum skipulagstillögunnar, uppruna og inntaki. Greina skal frá markmiðum skipulagstillögunnar í einstökum málaflökkum, forsendum þeirra markmiða og hvernig þau samrýmast meginmarkmiðum skipulagstillögunnar og fyrirliggjandi áætlunum. Einnig skal, eftir því sem tilefni er til, greina frá hvernig stefnt er að framkvæmd markmiða, s.s. áfangaskiptingu og röð byggingarsvæða eða hvort markmið sett fram í aðalskipulagi þarfnist frekari útfærslu í deiliskipulagi og/eða kalli á mat á umhverfisáhrifum allra framkvæmda á tilteknum svæðum, eða tiltekinn tegunda framkvæmda. *Skipulagsreglugerð nr. 400/1998.*

Dæmi um þéttleika byggðar

stærð í hekturum	íbúar	íbúar/ha.	
Kársnes	114	4.408	39
Fossvogsdalur	42	2.837	68
Nónhæð	30	3.752	125

Íbúa- og íbúðafjöldi m.v. árslok 2000. Athafnasvæðin og land ríkisins eru ekki talin með í flatarmáli Kársness.

Byggðin í Fossvogsdal er 42 hektarar en útvistarsvæðið er ekki talið með.

Allt land innan Fífuhvamsvegjar, Smárahvamsvegjar og Arnarnesvegjar er talið með í flatarmáli Nónhæðar.



Lögsagnarumdæmi Kópavogs.

Kópavogshreppur fékk kaupstaðarréttindi með lögum nr. 30 frá 11. mars 1955. Í 1. grein laganna segir að „Kópavogskaupstaður nái yfir allan Kópavogshrepp.“ Kópavogshreppur var skilgreindur sem sá hluti Seltjarnarneshrepps hins forna, sem er sunnan og austan Reykjavíkur. Bæjaryfirvöld í Kópavogi hafa ætíð litið svo á að Kópavogur hafi þá fengið lögsögu yfir afréttarlöndum, annars vegar sunnan Vatnsenda og allt til sýslumarka og hins vegar sunnan og austan heimalands Lækjarbotna.

Engar breytingar hafa orðið á lögsögumörkum bæjarins frá staðfestingu Aðalskipulags Kópavogs 1992-2012. Breytt lega Arnarnesvegar í Vatnsendahvarfi mun líklega leiða til breytinga á lögsögumörkum Kópavogs og Reykjavíkur þar.

Ágreiningur er við Mosfellsbæ um lögsögumörk í nágrenni við Sandskeið og við Seltjarnarnes um lögsögu á hluta austursvæða Kópavogs. Sveitarfélögin gerðu grein fyrir afstöðu sinni þegar leitað var umsagnar þeirra um tillögu að Aðalskipulagi Kópavogs 2001-2012.

Vegna ágreinings um lögsögu og lögsögumörk Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnes í afrétti ofan Lækjarbotna var samþykkt að fresta skipulagi þar. Samþykktin hefur áhrif á kafla 5.1, sem fjallar m.a. um skógrækt, kafla 7.4, sem fjallar um flug og 8.5, sem fjallar um efnisnám.

Þemakortum var ekki breytt þar sem litið er á þau sem skýringarkort en ekki eiginlegan hluta staðfests aðalskipulags.



Eignarhald.

2.3 Eignarhald

Kópavogsbær á um 70% lands innan heimalandsins. Árið 2000 tók bærinn eignarnámi um 90 hektara úr landi Vatnsenda en 335 hektarar eru enn í einkaeign. Gunnarshólmi, Geirland og ýmsar smærri spildur við Suðurlandsveg eru í einkaeign. Syðra svæðið, milli Heiðmerkur og Bláfjalla, er afréttur Vatnsenda. Hluti Vatnsendahvarfs og Rjúpnahæðar er í eigu Landssímans og Ríkisútvarpsins og lóð Kópavogshælis er í eigu Ríkisspítala. Alls eru þetta um 180 hektarar. Verði breyting á starfsemi ríkisins á þessum svæðum verður landnotkun endurskoðuð.

2.4 Fjárhagslegar forsendur

Í upphafi nýs kjörtímabils skal sveitarstjórn gera þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Skipulags- og framkvæmdaáætlanir byggja á þeim.

Sveitarfélögin tóku við rekstri grunnskóla árið 1996. Horfur eru á að þau taki við fleiri verkefnum af ríkinu á skipulagstímabilinu, svo sem málefnum fatlaðra.

Lagning stofnbrauta (þjóðvega í þéttbýli) og bygging mislægra gatnamóta eru fjármagnaðar af ríkissjóði og byggja á vegaáætlun Alþingis sem nær til þriggja ára í senn.

Kópavogsbær innheimtir gatnagerðargjöld af lóðum sem bærinn úthlutar en gatnagerðargjöldin eiga að standa undir kostnaði bæjarins af gatna- og veitukerfum.

Breytingar á íbúafjölda 2000 til 2012			Helstu áætlanir aðalskipulagsins		
	2000	2012		2000	2012
Vesturbær	4.408	5.600-5.800	Byggt land (ha) *	600	710
Austurbær	12.170	12.000-12.400	Íbúar	23.500	32-35 þús.
Smárar	3.752	3.700-3.900	Íbúðir	8.400	11.500
Salir og Lindir	2.936	6.200-6.800	Íbúar á hektara *	39	45 - 49
Vatnsendi	317	5.000-5.300	Íbúðir á hektara *	14	16,2
Samtals	23.583	32.500-34.200	Bílaeign	12.700	19-21 þús
			Atvinnuhúsnæði	443	835 þús m ²

*Aðeins heimalandið, sem er um 1.730 ha.



Byggðapróun í Kópavogi 1992-2000.



2.5 Byggðarþróun 1992-2000

Í Aðalskipulagi Kópavogs 1983-2003, 1988-2008 og 1992-2012 var lagt til að byggt yrði í Fífuhvamslandi og Vatnsenda. Uppbygging í Kópavogi á árunum 1992 til 2000 varð hins vegar mun hraðari en aðalskipulagið gerði ráð fyrir og því þurfti að breyta því árið 1996 vegna deiliskipulags Linda- og Salahverfa.

Kópavogsbúum fjölgaði úr 16.832 í 23.527 á árunum 1992 til 2000 og hlutfall bæjarbúa af íbúafjölda höfuðborgarsvæðisins hækkaði úr 11,1% í 13,4%. Á þessum árum risu íbúðarhverfin í Smárum og að stærstum hluta í Fífuhvamslandi, einnig athafnahverfin í Smárum, Lindum (sunnan Fífuhvamsvegur) og við Dalveg. Alls voru byggðir um 200 þúsund m² atvinnuhúsnæðis á þessum tíma. Störfum fjölgaði úr 4.600 árið 1990 í 8.100 árið 1997. Atvinnutækifærum í þjónustugreinum fjölgaði mest.

Fólksbifreiðum fjölgaði um 4.559 í Kópavogi á þessum árum og var það nokkru meiri fjölgun en rekja má til fólksfjölgunar því að bifreiðaeign óx úr 486 bílum á hverja 1000 íbúa árið 1992 í 565 árið 2000.

2.6 Helstu áætlanir aðalskipulagsins

Árið 2000 er grunnár Aðalskipulags Kópavogs sem þýðir að framreikningar byggja á stöðu þess árs og þróun næstu ára á undan.

Gert er ráð fyrir að heimalandið verði fullbyggt við lok skipulagstímabilsins. Íbúðarhverfin í Fífuhvams- og Vatnsendalöndum munu rísa á þessu tímabili sem og verslunar- og þjónustusvæði við Reykjanesbraut. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir allt að fimm þúsund manna byggð í Vatnsendalandi, 1.000 til 1.250 íbúa byggð á landfyllingum við norðanvert Kársnes og að í fullbyggðum Kópavogi búi 32 til 35 þúsund manns.

Gert er ráð fyrir að í fullbyggðum Kópavogi verði atvinnuhúsnæði samanlagt um 834 þúsund m². Sjá töflu á bls. 10. Lögð er áhersla á að eldri athafnahverfi fái að þróast og breytast eftir þörfum hvers tíma en þess verði gætt að landnotkun verði áfram tengd atvinnu (7. kafli).

Bæjarlandið austan Elliðavatns er samanlagt um 6.600 hektarar. Það hefur að hluta til verið skipulagt, til dæmis skíðasvæðið í Bláfjöllum og skógræktarsvæði. Lög um Bláfjallafólkvang (kafli 6.2) og vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu (kafli 9.1) setja einnig skilyrði fyrir skipulagi og framkvæmdum. Skipulag þessa hluta lögsögunnar og framkvæmdir verða því að einhverju leyti samstarfsverkefni með öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.

Gunnarshólmi og Geirland voru landbúnaðarlönd, sumarbústaðabyggð er í Lækjarbotnum og miðstöð svifflugs er á Sandskeiði. Með aðalskipulaginu er sett fram stefna um landnotkun og gatna- og stígakerfi á austursvæðunum. Íbúðarbyggð í Gunnarshólma og Geirlandi gæti orðið góður kostur síðar (4. kafli) og lagt er til að miðstöð svifflugs verði áfram á Sandskeiði (kafli 8.5). Í Lækjarbotnum er gert ráð fyrir svæði fyrir sumarhús og starfsemi Kópasels. Austast í bæjarlandinu eru fjögur svæði fyrir efnisnám (kafli 7.5).

2.7 Svæðisskipulag 2024

Svæðisskipulag er áætlun sem nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag. Markmiðið með svæðisskipulagi er að vinna samræmda áætlun um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar á minnst 12 ára tímabili.

Helstu áætlanir svæðisskipulagsins

Í tillögu að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er m.a. gert ráð fyrir að íbúum fjölgi um 40% og verði um 230 þúsund árið 2024, íbúðum fjölgi um 53%, úr 62.500 í 95.500, atvinnutækifærum fjölgi um 40%, bílum fjölgi um 20% og umferð vaxi um 50-60%. Þar er líka áætlað að þörf sé fyrir 2.350 hektara byggingarsvæði vegna fólksfjölgunar og fjölgunar atvinnutækifæra.

Íbúaspá Aðalskipulags Kópavogs er hærri heldur en spá svæðisskipulagsins

Í tillögu svæðisskipulagi er gert ráð fyrir að íbúar Kópavogs verði 27.600 árið 2012 og 26.600 árið 2024. Bæjaryfirvöld telja þessa spá of lága og reiknar með 32 til 35 þúsund íbúum í Kópavogi árið 2012. Spá skipulagstillögunnar gerir ráð fyrir að

meðalfjöldi íbúa í hverri íbúð lækki úr 2,48 árið 1997 í 2,4 árið 2018 og í 2,31 árið 2024. Meðalfjöldinn var í lægri kantinum á seinni hluta tíunda áratugarins og virðist ástæðan helst sú að íbúðir voru skráðar strax á byggingarstigi. Meðalfjöldinn var kominn nálægt fyrra horfi árið 2000 og því er í aðalskipulaginu gert ráð fyrir að hann verði að jafnaði milli 2,8 til 2,9 íbúar í íbúð á skipulagstímabilinu. Bæjar- yfirvöld telja því ekki rétt að byggja spár á meðalfjöldanum frá árinu 1997.

Samgöngur.

Í tillögu svæðisskipulagi er tillaga um stofnbraut frá Smáranum eða Mjódd að Hafnarfjarðarvegi við Fossvog. Stofnbrautin færi um göng undir Kópavog og yrði vestari gangamunninn í landi Lundar við Nýbýlaveg. Tillögur um hátækni miðstöð þar koma ekki í veg fyrir útfærslu þessarar tillögu. Sjá nánar kafla 8.1 og inn- gangi 7. kafla.

Í tillögunni er einnig gert ráð fyrir hágæðatengingu almenningsvagna frá Smáranum að Mjódd.

3 Umhverfismál

Meginmarkmið Kópavogsbæjar í umhverfismálum er að samskipti manns og náttúru verði með þeim hætti að ekki spillist að óþörfu líf og land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft.

Með Ríó-yfirlýsingunni frá 1992, sem Ísland er aðili að, voru staðfestar nokkrar grundvallarreglur í samskiptum manns og umhverfis, er stuðla eiga að sjálfbærri þróun. Þar á meðal eru fjórar meginreglur og yfirlýsingar sem settar eru fram til að treysta grundvöll sjálfbærrar þróunar, réttindayfirlýsingar, varúðarreglan, mengunarbótareglan og nytjagreiðslureglan. Yfirlýsingin leggur þær skyldur á herðar ríkisstjórna að vinna eigin framkvæmdaáætlun (Dagskrá 21) í umhverfismálum og skyldar sveitarstjórnir að vinna að staðbundinni framkvæmdaáætlun, svokallaðri Staðardagskrá 21.

Lykilhugtakið í yfirlýsingunni er sjálfbær þróun en það er þróun samfélags sem tekur mið af vistfræðilegum, hagrænum, menningarlegum og félagslegum þörfum núlífandi og komandi kynslóða. Grundvallarhugsunin er sú að aðgerðir og breytni á heimavelli stuðli að betra umhverfi á heimsvísu.

3.1 Umhverfisstefna

Markmiðið með umhverfisstefnu er að leggja grunn að sjálfbærri þróun innan Kópavogs.

Helstu leiðir að þessu markmiði eru þær að Kópavogsbær vinni aðalskipulag og umhverfisstefnu, annist fræðslu og kynningu og hafi eftirlit með stöðu umhverfismála. Ennfremur breytni og áætlunar almennings, fyrirtækja og stofnana miði að sjálfbærri þróun innan Kópavogs.

Það er á ábyrgð ríkisvaldsins að framfylgja stefnu á grunni Ríó-yfirlýsingarinnar er vinna að markmiðum hennar fer fram á öllum sviðum samfélagsins, innan hvers sveitarfélags, með samstarfi sveitarfélaga og með framtaki fyrirtækja, áhugahópa og íbúa. Í Staðardagskrá 21 er lögð áhersla á þátttöku íbúa, samtaka og stjórnvalda um útfærslu og framkvæmd áætlunnarinnar enda skiptir breytni almennings miklu til að árangur náist. Fræðsla og upplýsingamiðlun fer fram á vegum ríkis, sveitarfélaga, fjölmiðla, hagsmunahópa og áhugamannafélaga.

Kópavogsbær vinni aðalskipulag og umhverfisstefnu, annist fræðslu og kynningu og hafi eftirlit með stöðu umhverfismála.

Sveitarfélögin bera ábyrgð á gerð aðalskipulags, vinnu við umhverfisstefnu (Staðardagskrá 21) og á framkvæmd umhverfismála innan sinnar lögsögu. Í skipulagsáætlunum skal gera grein fyrir áhrifum áætlunarinnar, einstakra markmiða hennar og ráðgerðra framkvæmda á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma.

Fjallað er að mörgu leyti um sömu viðfangsefni í mótun skipulags og í mótun og framkvæmd umhverfisstefnu, vinna við svæðis- aðal- og deiliskipulag byggir á skipulags- og byggingarlögum en mótun á umhverfisstefnu hvílir á alþjóðlegum sáttmálum. Umhverfisstefna getur bæði verið forsenda skipulags og tæki til að framfylgja því. Hún er einnig líklegri leið til þess að hafa áhrif á breytni almennings og virkja hann til þess að vinna að markmiðum sveitarfélags í umhverfismálum. Stöðumat Staðardagskrár 21 fyrir Kópavog var unnið árið 2000 og íbúaping var haldið í febrúar 2001. Stefnt er að því að Staðardagskrá 21 fyrir Kópavog verði tilbúin árið 2002.

Ríó-yfirlýsingin

Í Ríó-yfirlýsingunni segir að mannkyninu beri réttur til að lífa heilbrigðu og auðgandi lífi í sátt við náttúruna. Þar er einnig minnst á réttinn til þróunar, sem beri að nýta með þeim hætti að komið sé af sanngirni til móts við umhverfis- og þróunarþarfir núlífandi og komandi kynslóða. Tekið er fram að hver einstaklingur eigi rétt á upplýsingum um umhverfið, ástand þess og aðgerðir á sviði umhverfismála. Einnig á hver einstaklingur rétt á þátttöku í ákvarðanatöku sem snertir nánasta umhverfi hans. Heimild: *Sjálfbær þróun í Íslensku samfélagi - framkvæmdaáætlun til aldamóta. Heimasiða umhverfisráðuneytisins.*

Varúðarreglan

kveður á um að ekki skuli ráðast í framkvæmd sem kann að hafa alvarleg áhrif á umhverfið nema að sýnt sé fram á að hún hafi ekki slík áhrif.


Mengunarbótareglan

kveður á um að þeir sem spilla umhverfinu beri kostnað við mótvægisáðgerðir og bætur á þeim skaða sem þeir valda.

Nytjagreiðslureglan

kveður á um að þeir sem nýta náttúrulegar auðlindir til ágóða og ánægju greiði kostnað sem til fellur við stjórn, viðhald og verndun auðlindanna.

Heimild um reglurnar: *Heimasíða Náttúruverndar ríkisins, www.natturuvernd.is.*



Lífshættir og áætlanir almenninga, fyrirtækja og stofnana í Kópavogi miði að sjálfbærri þróun.

Þau lög og áætlanir sem fyrir liggja um sjálfbæra þróun geta einungis verið grundvöllur hennar. Markmiðið er að hugsunin á bak við hana verði sjálfsagður þáttur í almennum lífsháttum. Þannig getur almenningur einnig átt frumkvæði í þessari þróun, til dæmis með því að draga úr notkun einkabilsins og flokka og endurnýta sopp í meira mæli en hingað til hefur verið gert. Helsta ráðið til að hvetja íbúa til að taka þátt í vinnunni að sjálfbærri þróun er að hvetja fræða og veita ráðgjöf og upplýsingar. Unnt er að hefja fræðslu og aðgerðir í umhverfismálum þó að umhverfisstefna liggja ekki fyrir.

3.2 Umhverfismat á skipulagstillögum og mat á umhverfisáhrifum framkvæmda

Markmiðið með umhverfismati er að tryggja sem bestan grundvöll fyrir ákvarðanatöku.

Helstu leiðir að þessu markmiði er að meta áhrif markmiða og áætlana aðal- og svæðisskipulags og meta áhrif framkvæmda á umhverfið.

Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir því hvaða áhrif áætlunin hefur og hvaða áhrif einstök markmið hennar og ráðgerðar framkvæmdir hafa á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag. Mat og rökstuðningur vegna áætlana og framkvæmda gefur tækifæri til ítarlegri kynningar.

Metin verði áhrif markmiða og áætlana aðal- og svæðisskipulags á umhverfið.

Greinarmun þarf að gera á mati á áhrifum skipulagstillögu og framkvæmda. Við mat á áhrifum skipulagsáætlunar á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag er ekki stuðst við kerfisbundnar rannsóknir eins og við undirbúning framkvæmda heldur er það fyrst og fremst rökstuðningur fyrir tillögnum. Mat á markmiðum og áætlunum kemur ekki í stað mats á áhrifum framkvæmda. Meðal þeirra kosta sem hugsanlega þarf að meta gætu verið mismunandi stærð byggingarlands og þéttleiki byggðar. Hér þarf að hafa til hliðsjónar áhrif tillögunnar á náttúrufar innan bæjarlandsins og höfuðborgarsvæðisins skoða veitur og gatnakerfi í samhengi við hana, hagkvæmni uppbyggingarinnar og hvort tillagan sé í samræmi við markmið skipulagsins.

Í kafla 4.1 er gerður samanburður á tveimur kostum um uppbyggingu í Vatnsenda. Enn fremur hafa Kópavogsbær og Reykjavíkurborg ákveðið að rannsaka þætti sem aukin byggð við Elliðavatn kann að hafa áhrif á, eins og lífríki vatnsins. Sjá nánar kafla 5.1.

Metin verði áhrif einstakra framkvæmda á umhverfið.

Í skipulagstillögu skal gera grein fyrir þeim framkvæmdum sem eru fyrirhugaðar og háðar mati á umhverfisáhrifum. Fram skal koma hvort mat á umhverfisáhrifum hafi þegar farið fram á einstökum fyrirhuguðum framkvæmdum og hver niðurstaða þess hafi verið. Þá skal einnig koma fram í skipulagstillögu hvaða aðrar framkvæmdir sem stefnt er að samkvæmt skipulagstillögunni verði ekki heimil- aðar nema að undangengnu mati á umhverfisáhrifum, sbr. 9. grein skipulags- og byggingarlaga. Í viðaukum með lögum um mat á umhverfisáhrifum eru ennfremur tilgreindar þær framkvæmdir sem undantekningarlaust á að meta áður en framkvæmdaleyfi verður veitt. Þetta eru fyrst og fremst stærri framkvæmdir eins og lagning háspennulína, efnistökuastaðir (malarnám), förgunarstöðvar, sorpeyðingarstöðvar, skolphreinsistöðvar, lagning stofnbrauta og nýrra vega, járnbrauta og flugvalla og hafnir fyrir stærri skip en 1.350 tonn.

Framkvæmdir við stofnbrautir í þéttbýli eru matsskyldar samanber 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Áhrif framkvæmda vegna breikkunar Reykjanesbrautar og byggingar mismægra gatnamóta við Nýbýlaveg/Breiðholtsbraut og Smiðjuveg/Stekkjarkakka voru metin árin 2000 og 2001.

Meta þarf áhrif framkvæmda við Arnarnesveg frá Reykjanesbraut að Breiðholtsbraut, áhrif framkvæmda við stofnbraut í göngum frá Reykjanesbraut við Smárann eða Mjódd að Hafnarfjarðarvegi við Fossvog.

Framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum:

Flugvellir með 2.100 metra langa meginflugbraut eða lengri.

Stofnbrautir í þéttbýli.

Nýir vegir utan þéttbýlis sem eru 10 kílómetrar eða lengri. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis þar sem nýlagning samkvæmt áætlunum er að minnsta kosti 10 kílómetrar að lengd. Hafnir (viðskiptahafnir, skipgengar vatnaleiðir og innhafnir) sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um.

Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m² svæði eða stærra eða er 150.000 m³ eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 50.000 m² svæði eða stærra.

Loftlínur utan þéttbýlis til flutnings á raforku með 66 kV spennu eða hærri. Sæstrengir til flutnings á raforku með 132 kV spennu eða hærri og eru 20 kílómetrar eða lengri.

Sjá nánar viðauka 1 í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, 6. grein.

Framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum eru tilgreindar í 2. viðauka við lög. Framkvæmdaraðila ber að tilkynna Skipulagsstofnun um framkvæmdina og skal stofnunin tilkynna innan fjögurra vikna hvort framkvæmdin skuli háð mati. Landfyllingar við norðurströnd Kársness voru tilkynningarskyld framkvæmd þar sem hún er stærri en fimm hektarar. Sjá nánar lið 10h í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var sú að ekki þyrfti að meta umhverfisáhrif tillögunnar en bæjarstjórn samþykkti að áhrif framkvæmda við svæði undir bryggjuhverfi þurfi að meta. Áhrif framkvæmda við landfyllingar við Kópavogshöfn, Vatnsendaveg og skógrækt austan Lækjarbotna gæti þurft að meta samanber 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum:

Framkvæmdir sem tilgreindar eru í 2. viðauka við lög þessi skulu háðar mati á umhverfisáhrifum þegar þær geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar.

Nú er fyrirhuguð framkvæmd meðal þeirra sem taldar eru í 2. viðauka við lög þessi og ber framkvæmdaraðila þá að tilkynna Skipulagsstofnun um hana. Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um hvaða gögn skuli lögð fram til Skipulagsstofnunar. Innan fjögurra vikna frá því að gögn um framkvæmdina berast skal stofnunin tilkynna hvort framkvæmdin skuli háð mati samkvæmt lögum þessum. Við ákvörðun um matsskyldu skal Skipulagsstofnun fara eftir viðmiðum í 3. viðauka við lög þessi. Áður skal stofnunin leita álits leyfisveitenda, framkvæmdaraðila og annarra eftir eðli máls hverju sinni. Skipulagsstofnun skal gera hlutaðeigandi grein fyrir niðurstöðu sinni og kynna hana almenningi.

Almenningi skal heimilt að tilkynna framkvæmd eða bera fram fyrirspurn um matsskyldu framkvæmda sem taldar eru upp í 2. viðauka til Skipulagsstofnunar og skal stofnunin þá leita upplýsinga um framkvæmdina hjá framkvæmdaraðila og leyfisveitanda og taka ákvörðun um hvort hún eigi undir grein þessa.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar skv. 2. og 3. mgr. má kæra til umhverfisráðherra. Kærufrestur er fjórar vikur frá því að niðurstaða stofnunarinnar er kynnt hlutaðeigandi og almenningi.

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, 6. grein.

4 Íbúar og húsnæði

Kópavogsbær hefur það að meginmarkmiði að íbúðarhverfi bæjarins verði eftirsóknarverð fyrir alla aldurs- og þjóðfélagshópa. Næstu nýbyggingarsvæði Kópavogs verða í Vatnsenda og á landfyllingu við norðanvert Kársnes. Í Vatnsenda er gert ráð fyrir um fimm þúsund manna byggð í tveimur hverfum en um 1.250 manna byggð á sjö hektara landfyllingu við Kársnes. Í Vatnsendalandi er gert ráð fyrir um 1.670 íbúðum í tveimur hverfum og 350 til 400 íbúðum á landfyllingu á Kársnesi. Fjallað er um íbúðarbyggðina í Vatnsenda í kafla 4.1 og nýja íbúðarbyggð á Kársnesi í kafla 4.2.

Íbúðarbyggð í Gunnarshólma og Geirlandi gæti orðið góður kostur síðar, en enn sem komið er eru þau of fjarri annarri byggð á höfuðborgarsvæðinu. Í aðalskipulaginu er þó gefinn kostur á stækkun á þeirri aðstöðu sem er í Geirlandi en deiliskipulag er forsenda fyrir frekari uppbyggingar þar. Skipulag og framkvæmdir þar verða að hlýta reglum um vatnsvernd sbr. samkomulag sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu frá 1997.

Kópavogsbúar voru 23.527 í árslok 2000 og hafði fjölgað um 940 á einu ári. Búferlaflutningar hafa vegið þungt í fjölgun bæjarbúa en árið 2000 voru aðfluttir umfram brottflutta 661 eða 70.3% af fjölguninni. Að auki fluttu 1.514 Kópavogsbúar innan bæjarins árið 2000 eða 6.7% af íbúafjöldanum í upphafi ársins.

Í tillögu að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er gert ráð fyrir að íbúum fjölgi um 66 þúsund fram til ársins 2024 og verði 230 þúsund í lok skipulagstímabilsins. Í Aðalskipulagi Kópavogs er áætlað að 32 til 35 þúsund manns búi í fullbyggðum Kópavogi og að íbúum fjölgi fyrst og fremst vegna byggingu nýrra hverfa í Vatnsenda og á landfyllingum við norðanvert Kársnes.

Árið 2000 var lokið byggingu 232 íbúða í Kópavogi. Við upphaf skipulagstímabilsins hafði öllum lóðum í Linda- og Salahverfi verið úthlutað.

Ákvörðun um þéttleika hverfa byggir á þeim markmiðum bæjarins að nýta gott byggingarland með hagkvæmum hætti og að íbúðarhverfi bæjarins verði fjölbreytt og henti öllum aldurs- og þjóðfélagshópum.

Í tillögu að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er einnig sett fram sú stefna að „byggð verði þétt og að byggt verði þéttar á nýbyggingarsvæðum en gert hefur verið undanfarin ár.“ Í tillögu aðalskipulagsins að byggð í Vatnsendalandi er meðalþéttleikinn 20,8 íbúðir á hektara en hann var um 15,7 í síðasta aðalskipulagi. Skýringin á því er sú að byggingarlandið er minna en fjöldi íbúða er svipaður.

4.1 Ný íbúðarhverfi í Vatnsendalandi

Kópavogsbær hefur það að markmiði að í nýjum hverfum verði fjölbreytt framboð af íbúðarhúsnæði, þjónustu og útivist og greið og örugg samgöngukerfi.

Helstu leiðir að þessu markmiði eru að kanna og bera saman þá kosti sem til greina koma í uppbyggingu nýrra hverfa, að hverfi, eða bæjarhluti, verði aðlaðandi, hafi miðkjarna og fái sín sérkenni, að gott byggingarland verði nýtt með hagkvæmum hætti og að byggð verði fjölbreytt og falli vel að umhverfinu.

Ný íbúðarhverfi Kópavogs verða í Vatnsendalandi, milli Elliðavatns og Vatnsendahvarfs, Vatnsendahlíðar, Rjúpnahæðar og Vatnsendahvarfs. Vatnsendalandið er eitt hagkvæmasta byggingarland höfuðborgarsvæðisins meðal annars vegna þess að það er í miðju þessa svæðis. Þaðan er tiltölulega stutt í mörg af stærstu at- hafna- og þjónustuverfum svæðisins og fjölbreyttir möguleikar til útivistar eru í næsta nágrenni. Vatnsendalandið er gott og fjölbreytt byggingarland, útsýni þaðan er fagurt og stór hluti þess snýr vel við sólu.

Íbúðarsvæði

Á íbúðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé til þjónusta við íbúa viðkomandi hverfis, s.s. verslunum, hreinlegum iðnaði, handiðnaðarfyrirtækjum, þjónustustarfsemi og leiksvæðum, eða annarri starfsemi sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna lykta, hávaða eða óþrífnaðar né dragi að sér óeðlilega mikla umferð.

Skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Fjölgun íbúa og íbúða 1985-2000

Ár	íbúar	íbúðir	íb. í íbúð
1985	14631	5180	2.82
1990	16211	5608	2.89
1995	17660	6456	2.74
2000	23527	8401	2.80

Dæmi um þéttleika byggðar

stærð í hekturum	íbúar	íb./ha.
Kársnes 114	4.408	39
Fossvogsd.42	2.837	68
Nónhæð 30	3.752	125
Vatnsendi 80	5.000	63

Íbúðir/hektara - íbúar/hektara

Mælikvarði á þéttleika byggðar. Í flatarmáli hverfa eru allar lóðir, stíga- og gatnakerfi innan hverfa og annað sem tilheyrir hefðbundnum hverfum. Útivistarsvæði sem hafa aðdráttarafl fyrir allan bæinn, til dæmis Kópavogsdalur og Fossvogsdalur, eru ekki með í þessum útreikningum.

Aðeins hluti þessa svæðis hefur verið skipulagður en svæðið er að stórum hluta mótað af notkun þess í árána rás, til dæmis með sumarhúsum, ársbústöðum, hesthúsum og landbúnaðarsvæðum. Ný byggð verður einnig á Hörðuvöllum, milli Vatnsendahvarfs og Rjúpnahæðar, sem er svo til ósnortið land. Fyrirhuguð íbúðarhverfi í Vatnsendalandi verða um 80 hektarar, brúttó, en Hvörfin og svæðið milli vatns og vegar eru rúmir 50 hektarar. Gert er ráð fyrir að um 350 manns muni búa á síðastnefndu svæðunum fullbyggðum.

Með fyrra Aðalskipulagi Kópavogs voru staðfest áform um íbúðarbyggð í Vatnsenda. Áætlanir um þéttleika byggðar og landnotkun hafa þó ekki miðað að því að festa hina gömlu óskipulögðu byggð í sessi heldur var gert ráð fyrir nýrri byggð. Þó er lagt til að við deiliskipulag Vatnsenda verði athugað að hve miklu leyti eldri byggð geti fallið að nýju skipulagi.

Við endurskoðun Aðalskipulags Kópavogs voru metnar tvær tillögur um uppbyggingu í Vatnsenda. Önnur gerir ráð fyrir fimm þúsund manna byggð í tveimur skólahverfum en hin þrjú þúsund manna byggð í einu skólahverfi.

Tillaga 1: Fimm þúsund íbúar í tveimur skólahverfum.

Í Aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012 var gert ráð fyrir allt að fimm þúsund manna byggð í Vatnsendalandi í einu skólahverfi með tilheyrandi þjónustu ásamt atvinnusvæðum og hesthúshverfi. Þéttleiki byggðar var áætlaður um 22 íbúðir á hektara (nettó). Íbúðarbyggðin átti að verða blanda af sérbýli og fjölbýli sem er í ágætu samræmi við tillögur að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins um þéttleika í nýjum íbúðarhverfum.

Samhliða vinnu við endurskoðun aðalskipulagsins voru byggingarmöguleikar í Vatnsendalandi kannaðir nánar en áður hafði verið gert. Vinnan leiddi í ljós að æskilegt væri að breyta aðalगतakerfi svæðisins og afmörkun byggingarsvæða frá því sem ákveðið var í fyrra aðalskipulagi. Lega tengibrauta er ein af forsendum skipulagsins en með færslu tengibrautar frá jaðri byggðar í ofanverðu Vatnsendahvarfi og inn á mitt byggingarlandið vinnst tvennt: Austur- og suðvesturhlíðar Vatnsendahvarfs nýtast fyrir íbúðarbyggð og útivist gatnakerfið verður einfaldara og styttra og hentar betur almenningssamgöngum. Gert er ráð fyrir sama íbúafjölda og áður en á minna svæði og breytist nýtingarhlutfall einstakra svæða því að einhverju leyti. Í tillögunni er gert er ráð fyrir tveimur grunnskólum í stað eins og er það í samræmi við stefnu bæjaryfirvalda um æskilegan fjölda nemenda í hverjum grunnskóla og göngufjarlægðir milli heimila og skóla. Í fimm þúsund manna hverfi eru um 1.670 íbúðir og ef byggingarlandið er 80 hektarar þá samsvavar það þéttleikanum 20,8 íbúðum á hektara eða 63 íbúum á hektara.

Tillaga 2: Þrjú þúsund íbúar í einu skólahverfi.

Íbúar í Vatnsendahverfi leggja til að í Vatnsenda verði byggt eitt þrjú þúsund íbúa hverfi. Ekki var gerð tillaga að nýtingu eða þéttleika byggðar en lagt til að „haldið verði sem kostur er í frjálstlegu yfirbragð, lágreista dreifða byggð, gróður og óspillta náttúru svæðisins“. Einnig er lagt til að svæðið verði „skipulagt þannig að fólk geti notið útivistar, svo sem útreiða, fiskveiða, gönguferða og fleira í sem óspilltustu umhverfi. Skipulagt verði með tilliti til þeirra heimila, sumarhúsa og lóða sem eru fyrir á svæðinu. Að baki 3.000 manna byggð er einn fullnýttur grunnskóli og með þessum íbúafjölda er frekar hægt að samræma byggð og sveitayfirbragð.“

Í þrjú þúsund manna byggð verða um eitt þúsund íbúðir. Ef 80 hektarar eru til ráðstöfunar verður þéttleikinn 12,5 íbúðir á hektara eða 38 íbúar á hektara.

Bornir verði saman kostir sem til greina koma í uppbyggingu nýrra hverfa.

Í skipulagsáætlunum skal gera grein fyrir áhrifum áætlunarinnar, einstakra markmiða hennar og ráðgerðra framkvæmda á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma. Hér er fyrst og fremst um rökstuðning fyrir tillögunni að ræða en ekki kerfisbundnar rannsóknir eins og þegar um mat á áhrifum framkvæmda er að ræða. Áhrif einstakra framkvæmda á umhverfið, t.d. lagning þjóðvega, gæti þurft að meta þegar kemur að undirbúningi þeirra.

Sömu þættir koma til athugunar í báðum tillögunum; hagkvæmni og fjárhagslegar forsendur, samfélag, gatnakerfi og samgöngur, útivist, umhverfi og fráveita og meðhöndlun yfirborðsvatns.

Íbúa- og íbúðafjöldi m.v. árslok 2000. Athafnasvæðin og land ríkisins eru ekki talin með í flatarmáli Kársness.

Byggðin í Fossvogsdal er 42 hektarar, útivistarsvæðið er ekki talið með.

Allt land innan Fífuhvamsvegjar, Smárahvamsvegjar og Arnarnesvegjar er talið með í flatarmáli Nónhæðar.

Í Vatnsenda eru Hvörfin og svæðið milli vatns og vegar ekki talin með.



Vatnsendaland.

Íbúðarhúsnæði 1996 til 2000

í byggingu - hafin bygging - lokið byggingu			
1996	665	382	386
1997	661	442	501
1998	602	320	442
1999	480	322	402
2000	400	509	232

Skýrsla byggingarfulltrúa yfir byggingarframkvæmdir í Kópavogi 2000.

Samanburður kosta

Í skipulagsáætlunum skal gera grein fyrir áhrifum áætlunarinnar, einstakra markmiða hennar og ráðgerðra framkvæmda á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag, meðal annars með samanburði þeirra kosta sem til greina koma.

9. grein Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Báðar tillögurnar breyta ásýnd svæðisins en í mismunandi miklum mæli þó. Annars vegar er um blandaða byggð sérbýlis- og fjölbýlishúsa að ræða og hins vegar lágreiða og dreifða byggð. Í báðum tillögnum er þó gengið út frá því að byggð verði lágreiða næst Elliðavatni. Tillögurnar fela báðar í sér fjölbreytta möguleika á útfærslu í deiliskipulagi sem ekki er hægt að bera saman á þessu stigi.

Skipulagið verður að byggja á fjárhagslegum forsendum. Markmiðið er að byggð á svæðinu standi undir kostnaði við kaup á landi og uppbyggingu hverfa. Gatnagerðargjöld verða að standa undir kostnaði við veitu- og samgöngukerfi. Þar sem umfang byggðar verður svipað í báðum tillögnum má ætla að lengd gatnakerfis og veitukerfa verði áþekkt. Miðað við þessar forsendur virðist sem byggingarverð verði almennt hærra í tillögu 2 en í þéttari byggð. Auk þess verður byggðin einsleitari en það er ekki í samræmi við þá stefnu bæjaryfirvalda að í íbúðarhverfunum verði fjölbreytt byggð sem henti mismunandi aldurs- og þjóðfélagshópum.

Aukin byggð í Vatnsenda breytir núverandi samfélagi þar, hvort sem skipulögd verður byggð fyrir þrjú eða fimm þúsund manns. Í deiliskipulagi verði reynt að fella nýju byggðina að þeirri gömlu.

Fámennari byggð fylgir minni umferð og í lægri byggð er auðveldara að eiga við hugsanlegan umferðarhávaða. Hávaði frá umferð verður metinn í deiliskipulagi og séð til þess að skipulag standist kröfur um hljóðstig. Á móti kemur að fámennari byggð er lakari grundvöllur fyrir almenningsamgöngur og göngufjarlægðir milli heimila og skóla gætu orðið það miklar að nauðsynlegt verði að aka hluta barna í skóla.

Fjölmennari byggð er betri grundvöllur fyrir ýmsa almenna þjónustu og betri þjónusta innan hverfa dregur líka að einhverju leyti úr ferðaþörf.

Í báðum tillögnum myndi skipulag gatnakerfis miða að því að beina gegnumakstri frá safnbrautum og húsagötum en einnig að því að vegalengdir innan hverfa yrðu sem stytstar.

Vatnsendaland býður upp á fjölbreytta möguleika til útivistar og er markmiðið að sem flestir bæjarbúar geti notið þeirra. Íbúafjöldi skiptir máli um hvort það markmið náist og sömuleiðis samsetning byggðar.

Hins vegar er það álitamál hvort og hvernig ásýnd og gerð byggðar hafi áhrif á gæði útivistarsvæða umhverfis hana. Í drögum að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er lögð áhersla á að skörp skil verði milli byggðar og útivistarsvæða en algengt hefur verið að láta byggð "fjara út" að opnum svæðum. Hvort tveggja getur átt rétt á sér og er stefnt að því að nota báðar lausnirnar.

Við uppbyggingu og frágang hverfanna verður tekið tillit til náttúru- og mannvistarminja, útivistar og verndunar lífríkis Elliðavatns. Minjar í heimalandinu hafa verið skrásettar (sjá kafla 6.3) og í þessu aðalskipulagi er lagt til að Vatnsendavatn verði fellt undir bæjarvernd og að á helgunarsvæði vatnsins, sem er að jafnaði 50 metra breitt belti, verði ekki heimilaðar nýjar lóðir fyrir íbúðarhús. Sjá kafla 6.1. og 15. lið í kafla 11.2.



Kópavogsbær og Reykjavíkurborg munu vinna saman að úttekt á áhrifum byggðar á lífríki Elliðavatns. Í kjölfar úttektar verða gerðar tillögur sem miða að því að vernda vistkerfi vatnsins. Sjá nánar kafla 5.1. Í sjötta kafla er lagt til að sá hluti Elliðavatns, sem er innan Kópavogs, verði felldur undir bæjarvernd og að ströndin verði II. flokks verndarsvæði sbr. grein 4.21 í skipulagsreglugerð.

Með byggingu nýrra hverfa í Vatnsenda verða rotþrær lagðar af og hverfin tengd holræsakerfi höfuðborgarsvæðisins. Yfirborðsvatni verður veitt í settjarnir áður en vatninu verður hleypt út í Elliðavatn. Sjá nánar kafla 9.1 og skýrslu Hönnunar hf. og Fiski-Rannsóknna og ráðgjafar, október 2000.

Hverfi, eða bæjarhluti, verði aðlaðandi, hafi miðkjarna og fái sín sérkenni.

Í hverju hverfi skal vera fjölbreytt framboð af íbúðarhúsnæði og gott framboð og aðgengi að leik- og útivistarsvæðum. Hverfi skal vera nægilega fjölmennur grundvöllur fyrir einsetinn, tveggja hliðstæðna grunnskóla og tvo leikskóla. Einnig er gert ráð fyrir að minnsta kosti einum gæsluvelli í hverjum bæjarhluta. Markmiðið er að íbúðarhverfi bæjarins henti öllum aldurs- og þjóðfélagshópum og stuðli að því að íbúar vilji búa sem lengst í sínu hverfi eða annars staðar innan bæjarins.

Í skólahverfum er stefnt að greiðum og öruggum samgönguleiðum milli heimila, skóla, verslana, leikskóla og íþróttastöðu svo að þörf fyrir akstur innan hverfa verði sem minnst. Stefnt er að því að uppbygging þjónustu verði sem mest samhliða byggingu íbúðarhverfa.

Lagt er til að aðalíþróttasvæði Vatnsendabyggðar og nágrennis verði vestan hesthúsabyggðarinnar í Heimsenda.

Gott byggingarland verði nýtt með hagkvæmum hætti. Byggð verði fjölbreytt og falli vel að umhverfinu.

Byggingarland Kópavogs er takmarkað og nauðsynlegt að nýta það með hagkvæmum hætti. Fjárfestingar í nýju byggingarlandi og síðar veitu- og samgöngukerfum verða umtalsverðar og þær eiga að skila sér til baka með hagkvæmri nýtingu landsins.

Markmið með skipulagi að Vatnsenda er að nýta gott byggingarland með skynsamlegum og hagkvæmum hætti og að þar rísi aðlaðandi og fjölbreytt byggð sem falli vel að umhverfinu. Íbúðarbyggð verði fjölbreytt og henti öllum aldurs- og þjóðfélagshópum. Íbúar þar njóti sambærilegrar þjónustu og aðrir bæjarbúar og samgöngukerfi bjóði upp á eins öruggan ferðamáta og kostur er.

Tillaga um uppbyggingu í Vatnsendalandi.

Fyrir liggja tveir kostir um uppbyggingu í Vatnsendalandi. Annar gerir ráð fyrir lágreistri dreifðri byggð en hinn gerir ráð fyrir blandaðri byggð sérbýlis- og fjölbýlishúsa. Þessir kostir eru samrýmanlegir með því að byggð verði lágrest næst Elliðavatni en hærri fjær því. Við deiliskipulagningu hverfanna verður leitast við að fella fyrirhugaða byggð sem best að þeirri sem fyrir er. Jafnframt verður reynt að hlífa trjágróðri á svæðinu.

Lagt er til að tvö skólahverfi verði í landi Vatnsenda með samtals allt að fimm þúsund íbúum. Þar fer saman hagkvæm nýting byggingarlands og eitt af markmiðum aðalskipulagsins um fjölbreytta íbúðarbyggð.

Þess verði gætt að framkvæmdir, og síðar búseta, spilli ekki minjum á svæðinu eða lífríki Elliðavatns og tekið verði mið af þeim takmörkunum sem vatnsverndin setur.

Vistkerfi

„Vistkerfi er tiltekið svæði með þeim lífverum sem þar lifa og því umhverfi sem þær búa við. Í vistkerfi á sér stað stöðug hringrás næringarefna og orkuflæði milli hlekkja í fæðukeðjum þess. Vistkerfi eru alltaf að breytast, eru sífellt að aðlaga sig breyttum aðstæðum til að ná jafnvægi. Sum vistkerfi eru vel afmörkuð eins og t.d. tjörn eða stöðuvatn. Önnur vistkerfi hafa óljós ytri mörk og skarast ídulega við nálæg vistkerfi.“

Umhverfisvefurinn, www.umvefur.is.

Tilkynningarskyldar framkvæmdir

Framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum, sbr. einnig 3. viðauka.

Hámarksnýtingarhlutfall reita til viðmiðunar

Hámarksnýting til viðmiðunar er 0,20 til 0,35 á götoreitum með einbýlishúsum, 0,35 til 0,60 á reitum með raðhúsum, 0,50 til 0,80 með sambýlishúsum (2 til 5 íbúðir), 0,60 til 0,90 með fjölbýlishúsum (6 til 10 íbúðir) og 0,80 til 2,00 með háhúsum.

4.2 Eldri íbúðarhverfi og íbúðarbyggð á landfyllingum við Kársnes

Aukin byggð í eldri hverfum raski ekki yfirbragði þeirra.

Helsta leiðin að þessu markmiði er að meta áhrif nýrra bygginga, eða breytinga á byggingum, á yfirbragð byggðar, umferð, bílastæðapörf, útsýni og skuggamyndun.

Eldri hverfin eru byggðin á Kársnesi, Kópavogs- og Digraneshálsi og vestast í suðurhlíðum Kópavogsháls. Húsin voru langflest byggð eftir 1950. Þau eru fjölbreytt að gerð og útliti en heildaryfirbragð er lágreist íbúðarbyggð.

Íbúar í eldri hverfunum voru 9.559 í lok árs 2000 og hafði fækkað um sjö hundruð á tíunda áratug 20. aldar. Gert er ráð fyrir um 1.000 til 1.250 íbúa fjölgun vegna byggingar íbúðarhverfis á landfyllingum við norðanvert Kársnes.

Verlunarlóðir í eldri íbúðarhverfum eru auðkenndar á landnotkunarkorti aðalskipulagsins. Þess er ekki krafist í skipulagslögum en þetta er haft með þessum hætti til þess að minnka líkur á ágreiningi um landnotkun.

Aukið umferðaröryggi er eitt mikilvægasta skipulagsverkefnið í eldri hverfum bæjarins. Stefnt er að verulegri fjölgun svæða þar sem hámarkshraði bifreiða verður 30 km á klst. Sjá kafla 8.1, Gatnakerfi. Einnig er fjallað um eldri hverfi í kafla 6.1, Bæjarvernd.

Metin verði áhrif nýrra bygginga, eða breytinga á byggingum, á yfirbragð byggðar, umferð, bílastæðapörf, útsýni og skuggamyndun.

Eldri hverfin teljast fullbyggð og er því ekki gert ráð fyrir neinum grundvallar-breytingum á þeim á skipulagstímabilinu. Kannað verði hvort, og að hve miklu leyti, hægt sé að þetta byggð í þessum hverfum og einnig hvaða áhrif nýbyggingar eða breytingar á eldri byggð geti haft á yfirbragð hverfisins, umferð og bílastæðapörf, útsýni og skuggamyndun.

Byggingarmagn í nýrri hverfum bæjarins fer eftir samþykktu deiliskipulagi. Í eldri hverfum bæjarins þurfa skipulagsnefnd og bæjarstjórn að samþykkja breytingar á nýtingu (byggingarmagn) ef nýtingarhlutfall hækkar frá þeirri stöðu sem var við upphaf skipulagstímabilsins. Ákveða skal nýtt hámark með breytingu á deiliskipulagi eða nýju deiliskipulagi í samræmi við ákvæði skipulagslaga ef um verulega aukningu er að ræða að mati bæjaryfirvalda.

Helsti möguleiki á aukinni byggð í eldri hverfum er á uppfyllingum við norðanvert Kársnes. Landnotkun á norðurströnd Kársness er tvískipt. Neðan Kársnesbrautar að Urðarbraut er íbúðarbyggð en neðan Vesturvarar er athafnasvæði. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir 350 til 400 íbúða hverfi á uppfyllingu milli útivistarsvæðisins sem þar er og aðflugslínu Reykjavíkurflugvallar. Þar gætu búið allt að 1.250 manns.

Möguleikar á uppfyllingum eru takmarkaðir en verði Reykjavíkurflugvöllur lagður niður gefur það möguleika á frekari uppfyllingum vestar á Kársnesi. Samhliða þessu er gert ráð fyrir aukinni íbúðarbyggð við Kársnesbraut. Lagt er til að landnotkun þar verði blönduð, íbúðarsvæði og athafnasvæði.

Möguleg áhrif íbúðarbyggðar á landfyllingum við norðurströnd Kársness á umhverfi og skipulag voru metin vorið 2001. Helstu niðurstöður eru þessar:

Áætlaður fjöldi barna á grunnskólaaldri í nýju hverfi verður um 200, eða að meðaltali einn bekkur í hverjum árgangi. Hugsanlega þarf að byggja við grunnskólana á Kársnesi vegna þessa.

Byggja þarf einn þriggja til fjögurra deilda leikskóla og er gert ráð fyrir að hann verði innan nýja hverfisins.

Umferð eykst um 4.000 bíla á sólarhring en ekki er talin þörf á breytingum á umferðaræðum vegna þessa. Umferðarhávaði eykst í götum sem liggja að hverfinu. Fari hávaði yfir viðmiðunarmörk þarf að grípa til aðgerða sem vinna gegn því. Nýtt hverfi kallar heldur ekki á breytingar á leiðakerfi almenningsvagna.

Hindrunarflötur vegna flugumferðar takmarkar hæð húsa vestast á landfyllingunni. Húsin þar geta hæst orðið fimm hæðir, eða fjórar hæðir með risi. Hljóðstig meðaltalsumferðar um Reykjavíkurflugvöll er yfir viðmiðunarmörkum vestast á landfyllingunni. Án æfingaflugs verður hljóðstig undir þessum mörkum. Verði byggð ný flugbraut í Fossvogi, með austur-vestur stefnu verður hljóðstig í öllu hverfinu yfir viðmiðunarmörkum.

Aðstaða siglingaklúbba batnar og landfyllingar hindra ekki leiðir stærri báta.

Framkvæmdir á grunnvirkjum Mannvirki til að verjast rofi á strandlengjum, t.d. með stíflugörðum, brimbrjótum, hafnar-görðum og öðrum varnarmannvirkjum gegn ágangi sjávar. Landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er 5 ha eða stærri, þó ekki viðhald og endurbýgging slíkra mannvirkja. *Lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, 2. viðauki, liður 10.h.*

Landfyllingar vegna íbúðarhverfisins eru um sjö hektarar og var framkvæmdin því tilkynnt til Skipulagsstofnunar eins og skylt er samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Skipulagsstofnun komst að þeirri niðurstöðu í júlí 2001 að ekki þurfi að meta umhverfisáhrif tillögunnar en bæjarráð samþykkti á fundi sínum 12. júlí 2001 að það „líti svo á að svæði undir bryggjuhverfi fari í umhverfismat“. Áhrif framkvæmda vegna landfyllinganna verða því metin.

5 Opín svæði og útivist

Kópavogsbær vill tryggja bæjarbúum fjölbreytta aðstöðu til útiveru, leikja og íþróttá- og tómstundastarfs.

Óbyggð svæði og opin svæði til sérstakra nota eru um helmingur heimalandsins og bæjarlandið austan Heiðmerkur fellur að mestu undir þessa landnotkunarflokka.

Óbyggð svæði eru til almennrar útiveru en opin svæði til sérstakra nota hafa ákveðið hlutverk og eru hönnuð og útbúin sérstaklega fyrir það.

5.1 Óbyggð svæði

Það er markmið bæjarins að nýta sem best fjölbreytta útivistarmöguleika sem bæjarlandið býður upp á.

Helstu leiðir að þessu markmiði eru þessar: Lokið verði við frágang á óbyggðum svæðum innan heimalandsins. Þá verði haldið uppi umhverfisvöktun Elliðavatns, Bugðu og Hólmsár í samvinnu við Reykjavíkurborg. Ennfremur verði unnin áætlun um skógrækt fyrir bæjarlandið austan Elliðavatns og deiliskipulag gert fyrir sumarhúsabyggingu og svæði Kópasels í Lækjarbotnum.

Á óbyggðum svæðum er ekki gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum eða framkvæmdum en þeim sem tengjast notkun þeirra, svo sem uppgræðslu, gróðursetningu, stígum og áningarstöðum. Almenn er ekki gert ráð fyrir deiliskipulagningu óbyggðra svæða. Ef mannvirki, s.s. stígar, eru fyrirhuguð á óbyggðum svæðum getur þurft að deiliskipuleggja þau. Sjá einnig kafla 8.3 um stíga.

Skipulag stærrí opinna svæða er að hluta til unnið í samvinnu við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, til dæmis sameiginlegt verkefni sveitarfélaganna um skógrækt í jaðri byggðar.

Óbyggð svæði

Óbyggð svæði eru opin svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks og þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð, þ.m.t. skógræktarsvæði önnur en nytjaskógrækt á bújörðum og landgræðslusvæði. *Skipulagsreglugerð, nr. 400/1998, gr. 4.13.*

Umhverfisvöktun

Vöktun merkir kerfisbundna og síendurtekná skráningu einstakra breytilegra þátta í umhverfinu.

Heimasíða Náttúruverndar ríkisins, www.natturuvernd.is

Áhrif skógræktar þar á umhverfið

2. viðauki: Framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilvikinu með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum, sbr. einnig 3. viðauka.

Liður 1d: Nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum og ruðningur á náttúrulegum skógi.

Lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.



Opín svæði.



Svæði sem umhverfisvöktun nær til.

Kappkostað verði að ljúka við frágang á óbyggðum svæðum innan heimalandsins.

Byggð í Kópavogi hefur stækkað hratt á undanförunum árum. Þrátt fyrir hraða uppbyggingu hefur bænum tekist ágætlega að fylgja eftir vextinum með stígagerð og frágangi opinna svæða.

Fossvogsdalur og Kópavogsdalur eru í senn skipulagðir sem íþróttasvæði og almenn útivistarsvæði. Skipulag Fossvogsdals er samvinnuverkefni Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborgar. Markmið með deiliskipulagi þar er að skapa fjölbreytta aðstöðu til útivistar, leikja og íþróttaiðkunar.

Tillögur um stofnbraut í undirgöngum milli Hafnarfjarðarveggar og Reykjanesbrautar gætu haft áhrif á skipulag hluta af landi Lundar.

Vatnsendaheiði er sunnan Vatnsendahlíðar og Vatnsendavatns. Þar er unnið að skógrækt samkvæmt skipulagi frá 1995 á um 100 hektara svæði. Mikilvægi Vatnsendaheiðar sem útivistarsvæðis eykst með vaxandi byggð í Fífuhvamms- og Vatnsendalandi. Tryggja þarf að bæjarbúar geti notið útiveru þar með góðum gatna- og stígakerfum milli byggðar og útmerkur. Unnið verði að uppgæðslu lands á Vatnsendaheiði og í Vatnsendahlíð.

Umhverfisvöktun Elliðavatns, Bugðu og Hólmsár í samvinnu Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborgar.

Strönd Elliðavatns er almennt útivistarsvæði með reið- og gönguleiðum og aðstöðu til fiskveiða. Lagt er til að Elliðavatn verði sett undir bæjarvernd sbr. kafla 6.1. Einnig er með tilvísan í gr. 4.15.2. í skipulagsreglugerð nr. 400/1998, afmarkað beltí meðfram Elliðavatni, að jafnaði 50 metra breitt, sem er eins konar helgunarsvæði vatnsins. Helgunarsvæðið er ekki hluti bæjarverndarinnar. Þar eru ekki heimilaðar nýjar lóðir fyrir íbúðarhús. Landnotkun á helgunarsvæðinu einkennist af því að það er að mestu leyti óbyggt svæði, en að hluta til landbúnaðarland Vatnsenda og trjárækt og útivistarsvæði Sjálfsbjargar. Gert er ráð fyrir aðalgöngustíg meðfram vatninu og mannvirki verða að öðru leyti í samræmi við það sem landnotkunarflokkurinn óbyggt svæði heimilar. Sjá einnig 15. lið í kafla 11.2.

Vegna deiliskipulags íbúðarbyggðar í Vatnsenda verður gerð úttekt á áhrifum byggðar á lífríki vatnsins. Áætlanir, aðgerðir og framkvæmdir, sem byggja á niðurstöðu hennar, munu miða að því að vernda vistkerfi vatnsins.

Kópavogsbær og Reykjavíkurborg munu standa saman að umhverfisvöktun Elliðavatns, Bugðu og Hólmsár með það að markmiði að unnt verði að tryggja lífríki á vatnasvæðinu, vöxt þess og viðgang. Jafnframt verði tryggt að fyrirhuguð byggð í nágrenni Elliðavatns stofni ekki lífríkinu í hættu. Til að leggja grunn að umhverfisvöktun verður gerð úttekt og nauðsynlegar rannsóknir á vatnasvæðinu, þar sem núverandi ástand þess verður kannað frekar og kortlagt. Rannsóknirnar hófust árið 2001 og er stefnt að því að niðurstöður rannsókna liggja fyrir í síðasta lagi snemma árs 2004. Á grundvelli niðurstaðna verði lokið gerð heildstæðrar og vel rökstuddrar vöktunaráætlunar.

Vegna vinnu við gerð deiliskipulags í Vatnsendalandi árið 2000 var gerð úttekt á fráveitu skólps og ofanvatns og áhrifa byggðar á lífríki og vistkerfi Elliðavatns. Í niðurstöðum kemur fram að áhrif byggðar á lífríki vatnsins og ána verði hverfandi lítil ef það er tryggt að skólp verði dælt burt af svæðinu og ofnavatn verði hreinsað í settjörnum áður en því er veitt út í Elliðavatn eða Elliðaár. Með því að leggja af rotþrær má leiða líkur að því að áhrifin verði jafnvel minni en af núverandi byggð. Gerðar verða settjarnir til þess að draga úr hugsanlegri mengun. Ofanvatni frá syðra svæðinu (um tvö þúsund íbúar) verði veitt í regnvatnslagnir í Leirdal og ofanvatni frá nyrðra svæðinu (um þrjú þúsund íbúar) verður veitt í settjörn neðan við Elliðavatnsstíflu og þaðan út í Elliðaár. Tillögur um aðgerðir til verndar lífríkis vatnsins munu miða við um fimm þúsund manna byggð í Vatnsenda.

Unnin verði áætlun um skógrækt fyrir bæjarlandið austan Elliðavatns.

Um fjórðungur bæjarlandsins austan Elliðavatns er undir 200 metra hæðarlínu en hún er oft notuð til viðmiðunar um skógarmörk. Lagt er til að austursvæðin verði að stórum hluta skógræktar- og landgræðslusvæði og þar með hluti af samfelldu skógræktarsvæði í útjaðri höfuðborgarsvæðisins. Tilgangurinn er m.a. að mæta auknum áhuga almennings á útivist, opna og gera aðgengileg ný og „ókunn“ svæði í Kópavogi, vernda náttúru- og menningarminjar, græða landið og endurheimta landgæði. Gera þarf áætlun um framkvæmdir á svæðinu og verndun gróðurs. Ennfremur verði mótað stígakerfi sem tengir byggð við opnu svæðin austan Elliðavatns.

Skógræktarsvæðið austan Lækjarbotna er um 650 hektarar eins og það er afmarkað á sveitarfélagsupprætti. Áhrif skógræktar á umhverfið gæti þurft að meta, sbr. 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Ef svæði til nýræktunar er 200 hektarar, eða stærra, eða er á verndarsvæði, ber að tilkynna framkvæmdina til Skipulagsstofnunar sem úrskurðar hvort framkvæmdin skuli háð mati. Við mat á áhrifum skógrætar á umhverfið verði gerð grein fyrir gróðurfari, landslagi, náttúru- og menningarminjum á svæðinu. Einnig skal hlíta reglum um uppgræðslu og ræktun á verndarsvæðum vatnsbóla sem vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu byggir á. Sjá einnig kafla 9.1. Skipulag á svæðinu nái til gönguleiða, reiðleiða, vegslóða, bílastæða, ræktunar og uppgræðslu. Mikilvægt er að vanda vel til samsetningar gróðurs í gróðursetningu, þar sem svæðið, einkum Selfjall, er mjög áberandi frá Suðurlandsvegi.

Ræktun er langtímaverkefni með þátttöku fjölmargra samtaka, áhugahópa og stofnana sem ýmist hafa þegar gert samstarfssamning við Kópavogsbæ eða unnið að ræktun svæða að eigin frumkvæði í lengri tíma. Þessir aðilar búa yfir mikilli þekkingu sem nýtist við úttekt og áætlanir um ræktun og uppgræðslu.

Fjargirðing verður færð norður fyrir Suðurlandsveg og verður fé haft í beitarhólfi á Miðdalsheiði. Jafnframt verður girðing innan Lækjarbotna og Heiðmerkur fjarlægð.

Unnið verði deiliskipulag fyrir byggðina í Lækjarbotnum.

Í Lækjarbotnum eru rúmlega þrjú tugir sumarhúsa á svæði sem hefur ekki verið skipulagt. Lagt er til að unnið verði deiliskipulag að svæðinu og taki það fyrst og fremst mið af þeirri byggð sem fyrir er. Ekki er gert ráð fyrir því að húsnæði þar verði fyrir fasta búsetu heldur eingöngu tengt frístundum.

Sjálfsseignarstofnunin Ásmegin rekur leikskóla og grunnskóla í Kópaseli (sjá einnig 10.kafla). Lagt er til að Ásmegin geti bætt aðstöðu sína þar með byggingu skólahúsnæðis og íbúðum sem tengjast starfsemi en deiliskipulag er forsenda frekari uppbyggingar þar.

Við skipulag og framkvæmdir í Lækjarbotnum ber að fylgja reglum um fjar-svæði verndarsvæða vatnsbóla sem samþykktar voru árið 1997.

5.2 Opin svæði

Hlutverk opinna svæða er að tryggja bæjarbúum fjölbreytta aðstöðu til leikja og tómstundastarfs.

Meðal leiða að þessu markmiði er að gerð leiksvæða fylgi uppbyggingu nýrra íbúðarhverfa og auka áherslu á trjárækt og skógrækt.

Opin svæði eru leiksvæði, íþróttasvæði, garðsvæði og ræktunarsvæði. Markmiðið með þeim er að skapa aðstöðu fyrir íþróttastarf og tómstundastarf í bænum og aðstöðu fyrir leiki og ræktun matjurta og trjágróðurs. Þau eru grundvöllurinn fyrir

Verndarsvæði vatnsbóla

Grannsvæði, 20. gr., ræktunarstörf.

Ræktun og uppgræðsla á grannsvæði er háð leyfi heilbrigðisnefndar. Þegar sótt er um slíkt leyfi skal leggja fram áætlun um framkvæmdina. Heilbrigðisnefnd setur þau skilyrði fyrir leyfinu sem hún telur eiga við hverju sinni og skal leyfið bundið við tiltekið svæði, árafjólða og framkvæmdaraðila. Í leyfinu skal tekið fram um magn og meðferð áburðar sem heimilt er að dreifa og á hvaða tíma ársins dreifing er heimil. Notkun tilbúins áburðar er eingöngu heimil í undantekningartilvikum.

Fjarsvæði, 32. gr., uppgræðsla og ræktun.

Áður en ræktun eða uppgræðsla hefst á fjar-svæði skal leggja fyrir heilbrigðisnefnd til samþykktar áætlun um framkvæmdina. Óheimilt er að geyma búfjáráburð eða annan áburð í miklu magni á svæðinu nema komið hafi verið fyrir viðurkenndum mengunarförum. Halda skal yfirborði svæðisins sem upprunalegustu og stilla skal áburðarmotkun þar í hól.

Reglur um verndarsvæði vatnsbóla, nr. 636/12. nív. 1997.



útvíst og fjölbreytt uppeldisstarf sem fer fram á vegum bæjarins, íþróttafélaga og áhugahópa eða að frumkvæði iðkenda.

Gerð leiksvæða fylgi uppbyggingu nýrra íbúðarhverfa.

Við upphaf skipulagstímabilsins eru um 30 opin leiksvæði í Kópavogi. Gert er ráð fyrir fjórum til fimm leiksvæðum og tveimur til þremur sparkvöllum í nýjum skólahverfum. Lögð er áhersla á að leiksvæði verði gerð samhliða uppbyggingu nýrra hverfa enda eru börn og unglingar fjölmennustu aldurshóparnir í nýjum hverfum. Skipulag göngustíga miði að því að leiðin milli heimila og leiksvæða verði sem öruggust.

Aukin áhersla á trjárækt og skógrækt.

Skógræktarfélag Kópavogs annast skógrækt sunnan og vestan í Vatnsendaheiði í samvinnu við Kópavogsbæ og landeiganda. Starfsemi félagsins er einnig að Fossá í Kjós, þar sem félagsmenn hafa unnið að skógrækt ásamt Skógræktarfélagi Kjalarness og Kjósar. Sjá einnig kafla 5.1 um heildarskipulag bæjarlandsins austan Elliðavatns.

Trjárækt á vegum bæjarins verður einkum í Fossvogsdal og Kópavogsdal.

Skólagarðar eru á fjórum stöðum og gert er ráð fyrir skólagörðum í Vatnsenda-landi.

5.3 Íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarf

Kópavogsbær hefur það að markmiði að bæjarbúar á öllum aldri geti notið frítímans við íþróttaiðkun og tómstundastarf í sínu hverfi. Helstu leiðir að þessu markmiði eru að ráð verði gert fyrir fullnægjandi aðstöðu innan dyra og utan fyrir íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarf við skipulagningu nýrra hverfa. Félagsmiðstöðvar skulu vera í öllum nýjum grunnskólum og félags- og menningarmiðstöð fyrir ungt fólk í bænum.

Við uppbyggingu á nýjum mannvirkjum verði tekið tillit til þessa markmiðs sem og við hönnun á útvistar- og íþróttasvæðum meðal annars með tengingu þeirra á milli með göngu- og hjóltreifastígum.

Aðstaða til íþróttaiðkunar verði efl.

Aðstaða til íþróttaiðkunar, hvort sem hún er á vegum íþróttafélaganna eða bæjarins, verði bætt á íþróttasvæðum í Fossvogs- og Kópavogsdal. Smárahvammsvöllur verði áfram opið útvistar- og íþróttasvæði. Gert er ráð fyrir íþróttasvæðum með íþróttahúsum í Salahverfi og í Vatnsendahverfi, almenningsundlaug í Salahverfi, skólasundlaugum við íþróttahúsið Smárann, íþróttahúsið í Digranesi og íþróttahús Snælandsskóla, fjölgun bílastæða við Sundlaug Kópavogs og stækkun hennar. Reist verður fjölnota íþrótt- og sýningarhús í Kópavogsdal.

Gert er ráð fyrir aðstöðu fyrir almenningsíþróttir og íþróttir aldraðra í öllum hverfum bæjarins með tengingu milli þeirra eftir göngu- og hjóltreifastígum.

Gert er ráð fyrir 27 holu golfvelli á sveitarfélagamörkum Kópavogs og Garðabæjar. Völlurinn liggja úr Garðabæ sunnan Hnoðrahólts upp í Leirdal neðan Rjúpnadalshlíðar. Bygging hans er samvinnuverkefni sveitarfélaganna.

Gert er ráð fyrir að aðstaða til siglinga í Fossvogi verði efl eins og lagt er til í skipulagi nýrrar íbúðarbyggðar á landfyllingum við norðanvert Kársnes. Aðstaðan þar mun bæði nýtast keppnisfólki og almenningi.

Á Heimsenda í Vatnsendalandi er gert ráð fyrir stækkun hesthúsabyggðar, byggingu reiðhallar og skeiðvallar. Reiðstígakerfi innan bæjarmarkanna telst fullmótað en gert verði ráð fyrir tenginu þess við Vatnsendahverfi, Heiðmörk og útmörk bæjarins.

Í Bláfjöllum verði áfram skíðasvæði Kópavogsbúa og er rekstur þess í umsjón Bláfjallanefndar þar sem Kópavogur á fulltrúa. Hugað verði að nánari samvinnu sveitarfélaganna á suðvesturhorni landsins um nýtingu skíðasvæðanna í nágrenni höfuðborgarsvæðisins.

Gert er ráð fyrir skíða- og/eða sleðaaðstöðu fyrir börn í Fossvogsdal, Lindum og Vatnsendahverfi.

Gert er ráð fyrir aðstöðu fyrir hjólabretti og línuskauta í Kópavogsdal og Fossvogsdal. Jafnframt verði kannað með aðstöðu fyrir aðrar íþróttir innan bæjarlandsins s.s. skauta, mótorkross, go-kart og fleira.

Svæði fyrir frístundabyggð

eru svæði ætluð fyrir frístundahús, þ.e. byggð sem ekki er ætluð til heilsársbúsetu. *Skipulagsreglugerð nr. 4000/1998.*

Opin svæði

Opin svæði til sérstakra nota eru svæði með útvistargildi á einn eða annan hátt þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við þá starfsemi sem þar er stunduð, s.s. tjald- og hjólhýsasvæði, skrudgarðar, kirkjugarðar, leiksvæði, íþróttasvæði, golfvelli, sleða- og skíðasvæði, skautasvæði, siglingaaðstaða, hesthús og reiðvelli, rallybrautir og skotvelli. Einnig garðlönd og trjáræktarsvæði. *Skipulagsreglugerð nr. 4000/1998.*

Aðstaða til æskulýðs- og tómstundastarfs verði eflað.

Við hönnun allra nýrra grunnskóla verði gert ráð fyrir húsnæði undir félagsmiðstöð fyrir unglinga. Jafnframt verði gert ráð fyrir því að félagsmiðstöðvar verði hverfismiðstöðvar fyrir æskulýðs- og tómstundastarf íbúa.

Gert er ráð fyrir félags- og menningarmiðstöð fyrir ungt fólk í miðbænum. Þar verði meðal annars aðstaða fyrir tómstundastarf, námskeið og fræðslu.

Gert er ráð fyrir að aðstaða fyrir starf tómstundafélaga verði í öllum hverfum bæjarins í tengslum við félagsmiðstöðvar, skóla og/eða íþróttamannvirki. Aðalbækistöð skátastarfs verður í Kópavogsdal.

6 Verndun

Kópavogsbær hefur það að meginmarkmiði að vernda menningar- og náttúruminjar og sérkenni eldri hverfa og opinna svæða.

Verndun mannvirkja og náttúru- og menningarminja er liður í að varðveita og segja sögu bæjarins. Verndun byggir á þrenns konar grunni: Bæjarvernd (hverfisvernd), sem byggir á nýju ákvæði í skipulags- og byggingarlögum, friðun eða friðlýsingu samkvæmt náttúruverndarlögum og friðlýsingu samkvæmt þjóðminjalögum.

Hluti heimalandsins og allt land Kópavogs austan Heiðmerkur er háð vatnsvernd skv. samkomulagi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu frá 1997. Markmiðið með verndinni er að stuðla að hámarkshollustu neysluvatns með því að koma í veg fyrir óæskileg áhrif af völdum athafna, starfsemi og umsvifa á verndarsvæðum vatnsbóla. Sjá nánar kafla 9.1. Þessi kafla skarast einnig að nokkru leyti við 5. kafla sem fjallar um opin svæði og útivist.

6.1 Bæjarvernd

Markmið Kópavogsbæjar er að sérkenni byggðar og opinna svæða verði varðveitt og að það skapi fjölbreytt umhverfi og fjölbreyttari möguleika til útivistar.

Helstu leiðir að þessum markmiðum er að fjölga bæjarvernduðum svæðum og kanna hvort grundvöllur sé fyrir bæjarverndun byggðar.

Hverfisvernd er nýtt hugtak í skipulags- og byggingarlögum. Hún byggir á því sem kallað var bæjarvernd í Aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012 en er víðtækari, þar sem hún getur náð yfir hvaða landnotkun sem er, byggð svæði sem óbyggð. Unnið er með hverfisvernd á öllum skipulagsstigum, svæðis-, aðal- og deiliskipulagi. Með breytingar á hverfisvernd er farið eins og aðrar breytingar á skipulagi. Hverfisvernd getur náð til einstakra mannvirkja, heilla hverfa, reits eða götu.

Bæjarvernd (hverfisvernd)

Um hverfisverndarsvæði gilda sérstök ákvæði í skipulagsáætlunum, sem sveitarstjórnir hafa sett, og kveða á um verndun sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, svo sem einstakra bygginga, mannvirkja eða húsaþyrpinga, náttúruminja eða trjágróður sem æskilegt er talið að vernda vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða.

Skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Verndun strandsvæða

Flokkur I. Strandsvæði mikilvæg vegna nytja, lífríkis, jarðmyndana og útivistar.

Flokkur II. Önnur strandsvæði.

Skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Verndun vatnasvæða

Flokkur I. Svæði sem hafa sérstaka þýðingu vegna nytja af ýmsu tagi, lífríkis, jarðmyndana eða útivistar.

Flokkur II. Vötn, ár og lækir sem nýta má til afrennslis.

Skipulagsreglugerð nr. 400/1998.



Bæjarvernd í heimalandi Kópavogs.

Ákvörðun um hverfisvernd byggir ekki á aldri mannvirkjanna og hún felur ekki í sér kvöð um að eigendur varðveiti eignir sínar óbreyttar eða færi þær í upprunalegt horf. Markmiðið með hverfisvernd er að raska ekki yfirbragði og einkennum byggðarinnar.

Í þessu aðalskipulagi er hverfisvernd nefnd „bæjarvernd“ því að nafnið er betri skírskotun til þess að verndunin er að frumkvæði bæjarins.

Kannað verði hvort grundvöllur sé fyrir bæjarvernd byggðar.

Húsakostur í Kópavogi er nær allur frá seinni hluta 20. aldar. Elstu húsin eru á Kársnesi og í hluta austurbæjar en þar eru heillegar götummyndir og reitir frá 6. og 7. áratugnum. Í vinnu við hverfaskipulag vesturbæjar og austurbæjar var gerð ítarleg úttekt á byggð í bæjarhlutunum. Þar eru almennar leiðbeiningar um hvaða sérkenna skuli taka tillit til við breytingar á einstökum húsum. Kannað verði hvort grundvöllur sé fyrir bæjarvernd byggðar. Ákvörðun um bæjarvernd gæti byggð á vinnu í hverfaskipulagi.

Fjölgun bæjarverndaðra svæða.

Í Aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012 voru átta svæði háð bæjarvernd af ýmsu til-efni. Ástæða verndunar var tengd sögu staðanna, þjóðtrú, mannvistarminjum eða náttúruminum. Bæjarvernduðu svæðin voru í flestum tilvikum óbyggð svæði, einn staðurinn er opið svæði til sérstakra nota og í einu tilviki nær bæjarverndin út í sjó. Lagt er til að ellefu nýir staðir, eða svæði, verði settir undir bæjarvernd. Átta þessara svæða eru óbyggð svæði og tveir trjálundir eru opin svæði til sérstakra nota. Einnig er lagt til að þeir hlutar Elliðavatns og Fossvogsleiru sem eru innan lögsögu Kópavogs verði settir undir bæjarvernd.

Öll bæjarvernduð svæði skulu deiliskipulögð ef framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Ekki er gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum á bæjarvernduðum svæðum en þeim sem tengjast beint hlutverki svæðanna. Hér er átt við m.a. stíga, áningastaði og skipulagðan gróður. Framkvæmdir innan svæðanna mega þó ekki raska þeim þáttum sem verið er að vernda. Á stöðum sem eru á fornleifaskrá gilda einnig ákvæði þjóðminjalaga nr. 88/1989 um friðhelgað svæði.

Bæjarvernduð svæði í Aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012

Höfði, útivistarsvæði og áningarstaður á norðurströnd Kársness. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að aðalstígar liggja um svæðið.

Kópavogsleiran, ströndin ofan hennar og opið svæði upp fyrir gamla Kópavogsbæinn. Kópavogsleiran er ein fárra ósnortinna leira á höfuðborgarsvæðinu og er hluti hennar á náttúruminjskrá. Leiran er mikilvægur áningarstaður farfugla. Í fornleifaskrá bæjarins er mikilvægi Kópavogsbærjar og Kópavogsþingstaðar svona lýst: “Staðurinn býr yfir afar miklum upplýsingum sem ná frá nútíma allt aftur á landnámsöld. Ekki er mikið til ritað um staðinn og þeim mun mikilvægari eru þær heimildir sem geymdar eru undir sverðinum.”

Einnig eru strandsvæðin við *Kársnes* skilgreind sem I. flokks verndarsvæði, samanber grein 4.21 í skipulagsreglugerð, sem miðar að því að vernda ströndina gegn mengun.

Trjáræktarsvæði í Fossvogsdal milli Lundar og svæðis Skógræktarfélag Reykjavíkur og umhverfi *Fossvogslækjar*. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að aðalstígar liggja meðfram læknum.

Einbúi er hóll austan Skemmuvegur (nr. 12 í fornleifaskrá Kópavogs) sem var landamerki jarðanna Bústaða, Breiðholts, Fífuhvamms og Digraness. Sunnan Einbúa er talsvert mikið af sprengdu grjóti sem talið er vera ummerki um atvinnubótavinnu á fjórða áratug 20. aldar.

Álfhóll, jökulsorfinn klapparhóll, er bústaður huliðsvættu (nr. 10 í fornleifaskrá Kópavogs).

Hádegishólar í Fífuhvammslandi eru stakar grágrýtisklappir með áberandi jökulrákum. Syðst á svæðinu er rúst (nr. 31 í fornleifaskrá) sem ber að taka tillit til við framkvæmdir. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir aðalgöngustíg og reiðstígum í jaðri bæjarverndaða svæðisins og stíg sem liggur að Fjallalind. Afmörkun bæjarverndaða svæðisins var breytt árið 1998, sjá nánar lið 7 í kafla 11.1.1 á bls. 37.

Dimma, sem er efsti hluti Elliðaánnar, og umhverfi hennar. Markmiðið er að vernda lífríki árinna og vernda Elliðaár sem laxveiðiár.

Vötn, ár og sjór í skipulagsáætlun-um

Í svæðis- og aðalskipulagi skal auðkenna núverandi og fyrirhugaða vatnsfleti vatna, fallvatna og sjávar og greina frá ef fyrirhugaðar eru breytingar á legu þeirra vegna stífla, breytinga á árfarvegum eða landfyllinga. Almenn er ekki gert ráð fyrir deiliskipulagningu þessara svæða en í deiliskipulagi aðliggjandi svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim.

Skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Náttúruverndarsvæði

Til náttúruverndarsvæða teljast annarsvegar friðlýst svæði, þ.e. náttúruvætti, friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar, og hinsvegar svæði á náttúruminjskrá. Einnig afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar vegna náttúru eða landslags.

Um náttúruverndarsvæði gilda lög um náttúruvernd ásamt auglýsingum um einstök svæði í Stjórnartíðindum og sérlægum um verndun einstakra svæða.

Skipulagsreglugerð nr. 400/1998.



Ný svæði.

Ellidavatn er skilgreint sem bæjarverndað svæði vegna fjölbreytts dýralífs sem þar þrífst og vegna mikilvægi þess fyrir útivist. Verndin nær frá fjöruborði og að sveitarfélagamörkum Kópavogs og Reykjavíkur. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir aðalstíg meðfram vatninu. Einnig er gert ráð fyrir áningarstöðum við stígin. Sjá einnig kafla 4.1.

Strandsvæðið við *Ellidavatn* er skilgreint sem II. flokks verndarsvæði, samanber grein 4.21 í skipulagsreglugerð, og miðar það að því að vernda ströndina gegn mengun.

Fossvogsléiran verður bæjarverndað svæði eins og sá hluti hennar sem er innan lögsögu Reykjavíkur þar sem hún hefur „staðfesta borgarvernd“. Verndunin byggir á því að þar er mikilvægur áningarstaður fugla. Umfang verndunarinnar verði sambærileg þeirri sem er Reykjavíkurmegin.

Digranesbærinn var ein af höfuðjörðum Kópavogs. Í fornleifaskrá Kópavogs (nr. 16) eru bæjarrústirnar taldar hafa hátt minjagildi. Hugsanlega leynast fleiri minjar við *Digranesbæinn*.

Fjárhús (beitarhús?) og *rústarbrot*, nr. 47 í fornleifaskrá Kópavogs, suðaustan Vatnsvíkur í Vatnsendavatni.

Fjárhús, rétt, sel, fjárból og rúst í Gömlubotnum í landi Lækjarbotna og heimagrafreitur, rúst og bæjarstæði á Túnhól.

Engjaborg við Fífuhvammsveg var landamerki milli Kópavogs, *Digranes*, Fífuhvamms og *Arnarness*. Þarna er hugsanlega rúst af fjárborg og gerði samkvæmt fornleifaskrá (nr. 24). Aðalstígur liggur meðfram Fífuhvammsvegi og í deiliskipulagi er gert ráð fyrir stíg frá aðalstígnum, meðfram *Engjaborg* og að *Lindasmára*.

Trjálundur ofan *Birkigrundar*. Ræktun hófst á fjórða áratug 20. aldar. Þetta er einn af elstu trjálundum bæjarins og dæmi um ræktun á sumarbústaðalöndum fyrir upphaf þéttbýlismyndunar í Kópavogi. Þarna eru nokkur af stærstu trjám bæjarins.

Trjálundur milli *Reynihvamms* og *Digraneskirkju*. Ræktun á löðum *Dvalar* og *Barmahlíðar* og *Lækjarness* hófst á fjórða áratugnum. Þetta eru þrjár af elstu trjálundum bæjarins og dæmi um ræktun á sumarbústaðalöndum fyrir upphaf þéttbýlismyndunar í Kópavogi. Þarna eru nokkur af stærstu trjám bæjarins.

Grjótnám norðan *Smiðjuveg* (nr. 27 í fornleifaskrá Kópavogs) sem er minjar um atvinnubótavinnu frá fjórða áratug 20. aldar. Hefur svipað gildi og náman við hólinn *Einbúa*.

Sel í landi *Fífuhvamms* ofan *golfvallar*. Tekið verði tillit til rústar selsins við trjárækt, lagningu reiðstíga og gerð *golfvallar*.

Trjálundur við *Laxatanga*. Ræktun hófst á fjórða áratug 20. aldar og eru til góðar og ítarlegar heimildir um ræktun þar frá upphafi. *Trjágróður* er fjölbreyttur, m.a. nokkur af elstu sitkagrenitrjám landsins.

Sérstök vernd.

Eftirtaldir landslagsgerðir njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:

- eldvörp, gervigigar og eldhraun,
- stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri,
- mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri,
- fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m² að stærð eða stærri,
- sjávarfítjar og leirur.


Leita skal umsagnar Náttúruverndar ríkisins og náttúruverndarnefnda áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarteyfi, sbr. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun landslagsgerða skv. 1. mgr. nema fyrir liggja aðalskipulag samþykkt eftir gildistöku laga þessara þar sem umsögn skv. 33. gr. liggur fyrir. 37. grein í lögum um náttúruvernd nr. 44/1999.

Fornleifaskrá

Fornleifaskráning skal gerð undir stjórn fornleifafræðings. Við fornleifaskráningu skal þess gætt, að teknar séu saman ritaðar jafnt sem munnlegar heimildir um fornleifar og allir minjastaðir kannaðir á vettvangi, hvort sem fornleifar eru sýnilegar á yfirborði eða ekki. Allir minjastaðir skulu færðir á kort og gerðar lýsingar og uppdættir af þeim minjum sem sýnilegar eru. Fornleifaskráningu telst því aðeins lokið að út hafi komið fjölrítuð, prentuð eða stafræn skýrsla um hana.

Skyllt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess samkvæmt skipulagslögum.

Reglugerð um þjóðminjavörslu frá 1998.



Bláfjallafólkvangur.

Umhverfi *Botnalækjar* í landi Lækjarbotna og hraunjaðarinn vestan við lækinn. Markmiðið er að vernda svæðið þar sem lækurinn rennur undan hraunjaðrinum.

6.2 Fólkvangar og friðlýstar náttúruminjar

Markmið Kópavogsbæjar er að varðveita sérstakar náttúrumyndanir í bæjarlandinu.

Leiðin að þessu markmiði er friðlýsing náttúrumyndana.

Friðun eða friðlýsing náttúrumyndana byggir á mismunandi forsendum. Umhverfissráðherra getur, að fengnum tillögum eða álitni Náttúruverndar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndarráðs, friðað landsvæði vegna landslags eða lífríkis, náttúrumyndana og lífvera, búsvæða þeirra og vistkerfis. Sveitarfélög geta líka átt frumkvæðið að friðlýsingu en Náttúruvernd ríkisins undirbýr friðlýsinguna. Friðlýstar náttúruminjar skiptast í eftirfarandi flokka: Þjóðgarða, friðlönd, náttúruvætti á landi, friðlýstar lífverur, búsvæði og vistkerfi og fólkvanga.

Ýmsar landslagsgerðir njóta sérstakrar verndar skv. 37. grein Náttúruverndarlaga og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Fossvogsleira, Kópavogsleira, Elliðavatn og Húsfellsbruna gætu fallið undir skilgreiningu á svæðum sem njóta sérstakrar verndar. Leita skal umsagnar Náttúruverndar ríkisins og náttúruverndarnefnda áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi sem hafa í för með sér röskun landslagsgerða.

Svæði á náttúruminjakrá innan Kópavogs eru fjörur í Kópavogi út með Kársnesi og efsti hluti Elliðaárdals við Elliðavatn.

Friðlýsing sérstakra náttúrumyndana í bæjarlandinu.

Í Kópavogi eru fjórir staðir eða svæði friðlýst vegna sérstakra náttúrumyndana: Borgir á Kársnesi, Víghólar á Digraneshálsi, Tröllabörn á móts við Geirland við Suðurlandsveg og um 3.700 ha. af landi Kópavogs innan Bláfjallafólkvangs. Einstökum svæðum og ástæðum fyrir friðlýsingu þeirra er lýst í lögum sem kveða á um friðlýsingu þeirra. Borgir voru friðlýstar sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 269/1981, Tröllabörn í Lækjarbotnum sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 294/1983 og Víghólar sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 778/1983. Bláfjallafólkvangur var friðlýstur árið 1973 en endurskoðuð friðlýsing var auglýst í Stjórnartíðindum B nr. 173/1985.

Þjóðminjaverndarsvæði

Þjóðminjaverndarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornminjar, þekktar fornleifar eða friðuð hús samkvæmt þjóðminjalögum.

Í svæðis- og aðalskipulagi skal auðkenna og gera grein fyrir þjóðminjum, staðsetningu þeirra og helstu einkennum, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð. Í samræmi við ákvæði þjóðminjalaga.

Skyllt er að fram fari fornleifaskráning áður en gengið er frá skipulagi, samanber grein 3.2. Fornleifaskráning skal taka mið af þeirri nákvæmni sem skipulag er unnið í og frekari skráning eftir atvikum fara fram í tengslum við gerð deiliskipulags þar sem mannvirkjagerð er fyrirhuguð.

Skipulagsreglugerð nr. 400/1998.



Menningarminjar og staðir tengdir þjóðtrú í heimalandi Kópavogs.

6.3 Menningarminjar

Markmið Kópavogsbæjar er að varðveita menningarsögulegar minjar í bæjarlandinu.

Leiðin að því markmiði er að skrá fornminjar og meta minjagildi þeirra.

Samhliða vinnu við aðalskipulagið var gerð fornleifaskrá fyrir Kópavog. Í fyrsta áfanga var lögð áhersla á að skrá minjar í heimalandinu eða á þeim svæðum sem aðalskipulagið gerir ráð fyrir að byggist á skipulagstímabilinu. Skráningu á fornminjum í austurhluta bæjarlandsins þarf að ljúka áður en ráðist verður í frekari skipulagsvinnu fyrir þessi svæði. Framkvæmdir innan svæða þar sem fornminjar eru mega ekki raska þeim þáttum sem verið er að vernda. Fjöldi staða í bænum tengist sögum um álfa og huldufólk. Staðirnir eru merktir á þéttbýlis-uppdrátt aðalskipulagsins samkvæmt huliðsvættakorti sem unnið var fyrir Kópavog árið 1992. Kópavogsbær vill hlúa að þessum stöðum vegna sögu þeirra og skal gæta varfærni í framkvæmdum í námunda við þá.

Skráning fornminja.

Sjálfbær þróun miðar að því að komandi kynslóðir fái að njóta gæða landsins til jafns við núverandi kynslóðir. Verndun minja samræmist þessu markmiði að því leyti að með varðveislu þeirra gefst komandi kynslóðum kostur á að skoða minjar um eldri tíma, rannsaka þær og meta á eigin forsendum. Í þéttbýli Kópavogs og næsta nágrenni eru 53 staðir skráðir sem fornleifar og geyma þeir 75 stakar fornleifar. Kópavogur á sér ekki mjög mikla sögu sem lesa má um í rituðum heimildum, en fornleifarnar geyma býsna spennandi sögu sem nær að líkindum allt aftur til landnámsaldar. Í fornleifaskránni eru þessar minjar taldar hafa mest minjagildi: Kópavogspingstaðurinn og Kópavogsbærinn (nr. 1:1-12 í fornleifaskrá), Álfhóll (nr. 10:1), Digranesbærinn (nr. 16:1-4), Selstaða (nr. 19:1), Markasteinn (nr. 39:1), rúst undir Vatnsendahvarfi (nr. 42:1), beitarhús suður af Litlabási (nr. 48:1), forn þingstaður á Þingnesi við Elliðavatn (nr. 52:1-n). Hjónadysjar (nr. 33:1), Systkinaleiði (nr. 34:1) og Þingnes (nr. 52:1-n) voru friðlýstar árið 1938. Friðlýstar fornleifar eru sýndar á sveitarfélagsuppdraetti. Vatnsendabærinn hefur einnig mikið minjagildi og því þörf á ströngu eftirliti við framkvæmdir þar. Verði þörf fyrir fornleifarannsóknir þar verða þær framkvæmdar.

Eitt megin hlutverk fornleifaskrár Kópavogs er að styðja skipulagsnefnd og lista- og menningarráð við að standa vörð um fornleifarnar og marka stefnu í skipulagsmálum og minjavernd með hliðsjón af þeim.

Fornleifaskráningu lýkur í raun aldrei og skrána þarf að endurskoða reglulega. Þegar einhverjar áður óþekktar fornleifar finnast við jarðrask, ber að stöðva framkvæmdir, láta Fornleifavernd ríkisins vita og færa staðina inn á fornleifaskrá.

Fornleifar

Hver sá sem verður var við að fornleifar liggi undir skemmdum skal gera Fornleifavernd ríkisins viðvart. Ef fyrirsjáanlegt er að minjastaður spillist vegna breyttrar landnotkunar eða framkvæmda skal viðkomandi sveitarfélag eða framkvæmdaraðili gera Fornleifavernd ríkisins viðvart með hæfilegum fyrirvara. Fornleifavernd ríkisins ákveður að höfðu samráði við Náttúruvernd ríkisins hvort rannsóknar er þörf, hvort friðlýsa beri viðkomandi stað eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum.

Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

12. og 13. grein Þjóðminjalaga nr 107/2001.

7 Atvinna og athafnasvæði

Þróun athafnssvæða Kópavogs taki mið af sérstöðu bæjarins í miðjum stærsta atvinnumarkaði landsins.

Lega Kópavogs og góð tengsl við stofnbrautakerfið gera bæinn ákjósanlegan fyrir allfesta atvinnustarfsemi. Kópavogur er í miðju höfuðborgarsvæðisins og því hafa fyrirtæki í verslun og þjónustu, sem jafnan leita til slíkra svæða, hafið starfsemi í bænum og byggst þar hratt upp. Þessi þróun hefur verið í takt við markmið og áætlanir bæjarins í skipulagsmálum. Til framtíðar litið þarf að styðja við þessa þróun og laga landnotkun eftir því sem unnt er að þörfum atvinnugreinanna. Af hálfu bæjarins hefur verið lögð áhersla á að efla þjónustu við atvinnulífið.

Hagvöxtur á Íslandi mun í framtíðinni byggja á sífellt fjölbreyttari atvinnuháttum. Líklegt er að útflutningur á þekkingu og hugviti verði vaxandi á næstu árum en sú þróun mun styrkja atvinnulífið í heild.

Haldið er opnum möguleika á að hátæknimiðstöð geti risið í landi Lundar í Fossvogsdal enda verði ný byggð á Lundarsvæðinu aðlöguð að byggðinni sem er austan og sunnan við svæðið.

Árið 2000 var mannaflí Kópavogs (20 til 69 ára) um 13 þúsund manns en áætlað er að hann verði milli 21 og 23 þúsund manns við lok skipulagstímabilsins. Það samsvarar 65% af áætluðum íbúafjölda.

Í tillögu að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er gert ráð fyrir að störfum fjölgi um 34 þúsund fram til 2020. Fjöldgunin verður langmest í þjónustugreinum en einnig er gert ráð fyrir 9.400 nýjum störfum í hátæknigreinum. Fjöldi starfa í frumvinnslu og úrvinnslu verður árið 2020 svipaður því sem hann var við upphaf skipulagstímabilsins.

Fjöldgun starfa á höfuðborgarsvæðinu frá 1997 til 2020

	1997	2020
Frumvinnsla	500	500
Úrvinnsla	20200	20200
Þjónusta	72850	97550
Hátækni	1750	11150

Heimild: Tillaga að Svæðisskipulagi 2024, fylgirit 2. tölulegar forsendur.

Höfuðborgarsvæðið er einn vinnumarkaður. Vinnumarkaðskönnun frá 1998 sýndi að 76,4% mannaflans starfaði í Reykjavík en 8,4% í Kópavogi. Um 27% mannaflans í Kópavogi starfaði innanbæjar en um 2/3 hlutar í Reykjavík.

Í tillögu að Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2024 er áætlað að störfum á svæðinu þurfi að fjölga um 47 þúsund á skipulagstímabilinu til þess að þau verði í réttu hlutfalli við fólksfjöldann. Í tillögu að svæðisskipulagi tilheyrir Kópavogur suður- og austursvæðum. Við lok skipulagstímabilsins er reiknað með 23-55 þúsund störfum á suðursvæði höfuðborgarsvæðisins en þau þyrftu að vera 26-62 þúsund m.v. jafnvægi milli starfa og fólksfjölda. Á austursvæðinu þyrftu störfin að vera um 14 þúsund en í tillögu að svæðisskipulagi er reiknað með sex þúsund störfum þar.

Verslunarlóðir í eldri íbúðarhverfum eru auðkenndar á landnotkunarkorti aðal-skipulagsins. Þess er ekki krafist í skipulagslögum en þetta er haft með þessum hætti til þess að minnka líkur á ágreiningi um landnotkun.

Miðbæjarsvæði

Á miðsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, s.s. verslunum, skrifstofum, þjónustustofnunum, veitinga- og gistihúsum, menningarstofnunum og hreinlegum iðnaði.

Þar sem aðstæður leyfa má á miðsvæðum gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði, sérstaklega á efri hæðum bygginga.

Skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Nýtingarhlutfall er hlutfallið milli heildargólfplatara byggingar og lóðar eða heildargólf-flatar bygginga og reits.

Opnun og rekstur næturklúbba skv. skilgreiningu um veitinga- og gististaði, nr. nr. 67/1985 er ekki heimil í sveitarfélaginu. Þessu ákvæði verður fylgt eftir í deiliskipulagi á grundvelli greinar 3.1.4 í skipulags-reglugerð nr. 400/1998 sem heimilar þrengri skilgreiningu á landnotkun en gert er í aðalskipulagi.

Nýtingarhlutfall lóða til viðmiðunar í einstökum athafnahverfum

Kársnes 0,3 til 0,8, miðbær yfir 1,0, Nýbýlavegur 0,9 til 1,1, Lundur 1,5 til 2,0, Smiðjuhverfi 0,8 til 1,0, Dalvegur 0,5 til 0,8, Smáratorg 0,5 til 0,6, Smáralind 1,0, Smárar 0,7 til 0,8, Lindir 0,4 til 0,6 og Vatnsendi 0,5.

7.1 Miðbærinn

Það er markmið Kópavogsbæjar að efla miðbæinn sem miðstöð menningar og stjórnsýslu.

Leiðin að því markmiði er að ljúka uppbyggingu miðbæjarins á skipulagstímabilinu.

Miðbær Kópavogs er miðstöð menningar og stjórnsýslu í bænum. Þar er líka íbúðarbyggð, fjölbreytt félagsstarfsemi og almennur atvinnurekstur. Á undanförunum árum hafa bæjaryfirvöld leitast við að efla þetta hlutverk miðbæjarins, t.d. með byggingu listasafns og tónlistarhúss. Markmiðið er að í miðbænum verði almenn atvinnustarfsemi, einkum verlanir, skrifstofu- og þjónustufyrirtæki, menningarstarfsemi og stjórnsýsla bæjarins. Íbúðarbyggðin glæðir miðbæinn lífi utan venjulegs vinnutíma og nýtur hún þá jafnframt góðs af nálægð þeirrar þjónustu sem þar er.

Uppbyggingu miðbæjarins verði lokið á skipulagstímabilinu.

Gjáin sem Hafnarfjarðarvegur liggur um skiptir miðbænum í tvo hluta. Eitt af meginmarkmiðunum með samkeppni (samanburðartillögum) um skipulag miðbæjarins, sem fram fór árið 1999, var að sameina miðbæinn í eina heild. Vinningstillagan gerir ráð fyrir að byggt verði yfir gjána og að þar verði torg sem tengir vestur- og austurhluta miðbæjarins. Gönguleiðir og akstursleiðir á svæðinu verða lagfærðar. Tillagan gerir einnig ráð fyrir tveimur nýbyggingum yfir gjánni. Við útfærslu deiliskipulagsins þarf að huga sérstaklega að skjólmyndun og vistlegu umhverfi.



Miðbær og verðslunar- og þjónustusvæði.

Verðslunar- og þjónustusvæði

Á verðslunar- og þjónustusvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verðslunum og þjónustustarfsemi sem þjónar viðkomandi hverfi. Þar sem aðstæður leyfa má gera ráð fyrir íbúðum á verðslunar- og þjónustusvæðum, sérstaklega á efri hæðum bygginga.
Skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Athafnasvæði

Á athafnasvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun, svo sem léttum iðnaði, vörugæmslum, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverðslunum.

Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdri starfsemi fyrirtækja, svo sem fyrir húsverði.

Skipulagsreglugerð nr. 400/1998.



7.2 Verslunar- og þjónustusvæði

Markmið aðalskipulagsins er að verslunar- og þjónustuverfin í Smára- og Lindahverfum þjóni öllu höfuðborgarsvæðinu.

Unnið verði að þessu markmiði með uppbyggingu hverfa sem henta fjölbreyttri verslun og þjónustu.

Helsta verslunar- og þjónustusvæði Kópavogs er í Smára- og Lindahverfum. Það er í miðju byggðar á höfuðborgarsvæðinu og byggir ákvörðum um umfang þess á því. Svæðið verður líklega fullbyggt um mitt skipulagstímabilið og er áætlað að þar verði um 200 þúsund m² atvinnuhúsnæðis. Í tillögu að Svæðis-skipulagi höfuðborgarsvæðisins eru verslunar- og þjónustuverfin skilgreind sem „svæðiskjarni“ sem mun þjóna öllu höfuðborgarsvæðinu.

Gert er ráð fyrir lóðum fyrir verslanir og þjónustu í Vatnsenda.

Hverfi fyrir fjölbreytta verslun og þjónustu.

Í Smára- og Lindahverfum eru þrjár reitir skilgreindir sem miðhverfi og einn sem verslunar- og þjónustusvæði. Við Smáratorg er fjórtán þúsund fermetra húsnæði en enn eru óbyggðir tæpir ellefu þúsund fermetrar samkvæmt samningi. Smáralind er 63 þúsund m² verslunarbygging sem opnuð var í október 2001. Byggingin rúmar um 100 verslanir, auk veitingastaða og í austurenda byggingarinnar er 1.750 m² torg fyrir almennar samkomur, sem nefnt hefur verið Vetrargarður.

7.3 Athafnasvæði

Athafnasvæði fá að þróast með tilliti til þess að þau eru í miðjum stærsta atvinnumarkaði landsins.

Unnið verði að þessu markmiði með deiliskipulagi fyrir endurbótasvæðin. Þá fari fram úttekt á því hvort þörf sé á endurskipulagningu eldri athafnasvæða bæjarins. Jafnframt taki deiliskipulag nýrra athafnahverfa mið af því að þau eru í miðju höfuðborgarsvæðinu.

Athafnasvæði Kópavogs verða að fá að breytast og þróast eftir því sem þörf og kostur er. Þó verður að sporna við því að breytingarnar leiði til þess að landið verði notað til annars en þess sem tengist atvinnustarfsemi því þá eykst hætta á því að jafnvægið milli búsetu og framboðs á atvinnu raskist.

Ef áætlanir ganga eftir verður heimaland Kópavogs fullbyggt á skipulagstímabilinu. Í fullbyggðum bæ beinist athyglin meira að vanniðttum möguleikum á eldri atvinnusvæðum. Fyrirsjáanlegt er að í vaxandi mæli komi til landnotkun og landnýting á eldri atvinnusvæðum bæjarins til endurskoðunar t.d. við Dalveg, Nýbýlaveg og Auðbrekku og á Kársnesi. Lagt er til að þessi svæði verði skilgreind sem endurbótasvæði í aðalskipulagi.

Endurbótasvæði

Tillaga um endurbótasvæði felur ekki í sér kvöð um tafarlaugar breytingar heldur er verið að greiða fyrir æskilegum breytingum á landnotkun og nýtingu landsins.

Með skilgreiningu endurbótasvæða vilja bæjaryfirvöld greiða fyrir þeim breytingum á landnotkun sem þau telja æskilega.

Áætlun um endurbótasvæði getur falið í sér breytta notkun húsnæðis, stækkun þess eða byggingu nýs húsnæðis. Það fer eftir umfangi breytinganna hvort breyta þurfi gatna- og stígakervi.

Iðnaðarsvæði

Á iðnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengi-virkjum, veitustöðvum, skólþælu- og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir olíur og móttöku-stöðvum fyrir úrgang. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum.

Skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Hafnarsvæði

Á hafnarsvæðum tengist landnotkun fyrst og fremst hafnsækinni starfsemi, svo sem útgerð, fiskvinnslu og starfsemi tengdri sjóflutningum og skipasmíði eða viðgerðum.

Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á hafnarsvæðum. Þó er, í undantekningartilvikum, unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdri starfsemi fyrirtækja, svo sem fyrir húsverði.

Hafnarsvæði eru svæði sem heyra undir stjórn viðkomandi hafnarstjórnar. Um skilgreiningu hafnarsvæða, sjá hafnalög og reglugerðir um einstakar hafnir.

Skipulagsreglugerð nr. 400/1998.



Athafnasvæði og hafnarsvæði.

Unnið verði deiliskipulag fyrir endurbótasvæðin.

Ein leiðin til að greiða fyrir þeim breytingum á landnotkun sem bæjaryfirvöld telja æskilega er að skilgreina umrædd svæði sem endurbótasvæði. Tillaga um endurbótasvæði felur ekki í sér kvöð um tafarlaugar breytingar heldur er verið að greiða fyrir æskilegum breytingum á landnotkun og nýtingu landsins.

Breytingar á hlutverki reita eða hverfa verða að vera í samræmi við aðalskipulag og byggja á deiliskipulagi og skilmálum þess og kvöðum. Áætlun um endurbótasvæði getur falið í sér breytta notkun húsnæðis, stækkun þess eða byggingu nýs húsnæðis. Það fer eftir umfangi breytinganna hvort breyta þurfi gatna- og stígakerfi. Ekki er gerð tillaga um nýtingarhlutfall á endurbótasvæðunum við þessa endurskoðun aðalskipulagsins. Á þéttbýlisupprætti aðalskipulagsins eru endurbótasvæðin auðkennd sérstaklega. Númerin á uppdrættinum vísa til um-sagnar í greinargerð hér að neðan.

Svæði 7.3.1., Dalvegur: Þetta svæði hefur verið skilgreint sem iðnaðarsvæði. Lagt er til að tveir hlutar þess verði skilgreindir sem endurbótasvæði þar sem landnotkun einkennist af verslun og þjónustu en iðnaður verði víkjandi. Breytingin er rökrétt m.t.t. legu landsins og uppbyggingu sunnan þess og handan Reykjanesbrautar.

Svæði 7.3.2., Nýbýlavegur: Landnotkun á svæðinu norðan Hamraborgar, við Auðbrekku og Nýbýlaveg, hefur breyst frá því að það byggðist sem iðnaðarsvæði. Verslun og þjónusta er orðin algengari en iðnaður. Þessi þróun hefur tengt hverfið betur við miðbæjarsvæðið og í raun má segja að miðbæjarsvæðið hafi stækkað út í gamla iðnaðarhverfið.

Lagt er til að skipulag hverfisins verði endurskoðað í heild með það að markmiði að auka hlut verslunar og þjónustu eða starfsemi sem er tengd henni. Endurskoðunin miði m.a. að því að bæta ásýnd þessa hluta Kópavogs. Við endurskipulagningu hverfanna verði kannaður húsakostur og bílastæðapörf og vinna þarf að bættu stígakerfi og betri tengingum við ytra gatnakerfið.

Svæði 7.3.3., Kársnes: Á norðan- og vestanverðu Kársnesi er um 15 ha. at-hafnasvæði. Atvinnurekstur þar er mjög fjölbreyttur. Þar eru m.a. matvælavinnsla, stofnanir, lyfjagerð, fiskverkun og bílaviðgerðir. Svæðið hefur hingað til verið iðnaðarsvæði í aðalskipulagi en lagt er til að það verði að hluta til skilgreint sem endurbótasvæði og að landnotkun verði athafnasvæði og að hluta til íbúðarsvæði milli Hafnarbrautar og Kársnesbrautar. Nauðsynlegt er að á svæðinu verði áfram atvinnustarfsemi og að ný skilgreining á landnotkun og landnýtingu opni fyrir möguleikann á fjölbreyttari þjónustu.

Gerð verði úttekt á eldri hverfum bæjarins og kannað hvort þörf sé á endurskipulagningu þeirra.

Smiðjuhverfi telst fullbyggt og þar eru samanlagt um 120 þúsund m² atvinnuhúsnæðis. Tenging Smiðjuhverfis við aðalgatnakerfi höfuðborgarsvæðisins batnaði til muna með mislægum gatnamótum Reykjanesbrautar, Nýbýlavegar og Breiðholtsbrautar. Fyrirhugað er að byggja önnur mislæg gatnamót á Reykjanesbraut við Smiðjuveg og Stekkjarbakka. Reynist þörf á að endurskoða skipulag hverfisins þarf að huga sérstaklega að bílastæðapörf.

Milli Dalvegur og Reykjanesbrautar er svæði fyrir garðlönd og gróðrarstöðvar. Gróðrarstöðvar eru ein tegund atvinnustarfsemi en þar sem reiturinn nýtist að meiri hluta til ræktunar fær hann táknið opinna svæða á landnotkunarkorti. Landnotkunarflokkurinn leyfir mannvirki tengd starfseminni.

Skipulag nýrra athafnahverfa taki mið af því að þau eru í miðju höfuðborgarsvæðinu.

Gert er ráð fyrir athafnasvæði í Vatnsendalandi við Breiðholtsbraut. Uppbygging þar skal styrkja markmið aðalskipulagsins um fjölbreyttan atvinnurekstur og taka mið af því að það er í miðju höfuðborgarsvæðisins.

Gert er ráð fyrir um 66 þúsund m² atvinnuhúsnæði í Vatnsenda og að þar verði fyrst og fremst verslunar- og þjónustufyrirtæki. Meðalnýtingarhlutfall í hverfinu yrði um 0,5 en þó breytilegt milli lóða.

Framkvæmdir á hafnarsvæðum

1. viðauki. Framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum.

11. liður: Hafnir (viðskiptahafnir, skipgengar vatnaleiðir og innhafnir) sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um.

2. viðauki. Framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögnum.

10. Framkvæmdir á grunnvirkjum:

h. Mannvirki til að verjast rofi á strandlengjum, t.d. með stíflugörðum, brimbrjótum, hafnar-görðum og öðrum varnarmannvirkjum gegn ágangi sjávar. Landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er 5 ha eða stærri, þó ekki viðhald og endurbygging slíkra mannvirkja.

Lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

7.4 Kópavogshöfn

Markmiðið er að efla starfsemi tengda sjósókn og flutningum á sjó.

Unnið verði að þessu markmiði með því að efla hlutverk Kópavogshafnar á sviði viðgerða og þjónustu og stækkun hafnarsvæðisins með landfyllingum.

Landrými fyrir hafnsækna starfsemi er á vestanverðu Kársnesinu. Virði landsins hefur verið aukið með landfyllingu og lengri viðlegukanti og þegar hafa öflug fyrirtæki hafið starfsemi á svæðinu.

Umferð þungra farartækja til og frá hafnar- og iðnaðarsvæðinu er réttmætt áhyggjuefni íbúa á Kársnesi og því verður skipulagsvinna að taka fullt tillit til þessara viðhorfa. Leita þarf leiða til að minnka álag frá umferð vegna hafnarinnar á íbúðarhverfi á Kársnesinu.

Hlutverk Kópavogshafnar verði einkum á sviði viðgerða og þjónustu.

Hafnarsvæði eru fyrst og fremst fyrir svokallaða hafnsækna starfsemi, svo sem útgerð, fiskvinnslu og starfsemi tengda sjóflutningum. Stefnt er að því að Kópavogshöfn verði einkum tengd viðgerðum og þjónustu. Á hafnarsvæði Kópavogs er töluvert fjölbreyttur rekstur en tryggja þarf að hafnsækni starfsemi hafi forgang við úthlutun lóða. Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er lögð áhersla á að halda jafnvægi milli atvinnutækifæra og búsetu. Þar er gert ráð fyrir að störfum fjölgi mest í þjónustu og hátækni á skipulagstímabilinu en störf í frumvinnslu- og úrvinnslugreinum verði álíka mörg við upphaf og við lok tíma-bilsins. Áætlanir Aðalskipulags Kópavogs um fjölgun starfa byggja bæði á því að efla eldri svæði og á uppbyggingu nýrra svæða.

Í aðalskipulaginu er tillaga um að fjölga störfum við Kópavogshöfn. Eini raunhæfi möguleikinn til þess er að auka athafnasvæði hafnarinnar er með landfyllingum. Lagt er til að svæðið verði stækkað um fimm hektara og verður efni til landfyllinga sótt í uppgröft við húsbyggingar og gatnagerð á nýbyggðasvæðum bæjarins.

Stækkun hafnarsvæðisins gæti gefið rými fyrir 50 til 150 störf og markmið aðalskipulagsins er að þau verði tengd viðgerðum og þjónustu. Áhrif uppbyggingar á hafnarsvæðinu á byggð á Kársnesi verða einkum af aukinni umferð. Þannig má búast við að aukin umferð, sem stækkun hafnarsvæðisins leiðir af sér, gæti orðið um þúsund bifreiðar (bæði fólk bílar og flutningabílar) á sólarhring. Leita þarf leiða til að minnka álag frá umferð vegna hafnarinnar á íbúðarhverfi á Kársnesinu. Áhrif framkvæmda við landfyllingar gæti þurft að meta ef þær ná yfir stærra svæði en fimm hektara, sbr. lið 10h í 2. viðauka laga um mat á umhverfis-áhrifum. Framkvæmdir við landfyllingar við Kópavogshöfn þarf því líklega að metna þegar kemur að undirbúningi þeirra.

Leggja þarf ríkari áherslu á að gera hafnarsvæðið allt aðlaðandi, bæta við gróðurreitum, koma á betra skipulagi bifreiðastæða og almennu aðhaldi í öllum frágangi og umhirðu. Þá þarf að tvíanna saman á aðgengilegan og aðlaðandi hátt atvinnu-starfseminu á svæðinu og göngustígakerfið sem liggur fyrir Kársnesið.

7.5 Efnistökusvæði

Nýting á jarðefnum raski ekki umhverfinu ekki að óþörfu.

Unnið verði að þessu markmiði með því að undirbúa efnisnám með deiliskipulagi og mati á umhverfisáhrifum framkvæmda. Jafnframt verði gerð áætlun um frágang námusvæða að vinnslu lokinni.

Svæðið við Bolöldu að Vífilfellsöxl er eina efnistökusvæðið innan Kópavogs sem enn er í notkun en svæðið sunnan Arnarþúfna gæti nýst að einhverju leyti áfram. Úttekt á efnisnámi í landi Kópavogs var gerð árið 1997 en áætlanir vantar um nýtingu þess sem svæðin gefa hugsanlega af sér. Huga þarf að frágangi þeirra svæða sem ekki eru lengur í notkun.

Efnistökusvæðin eru öll innan vatnsverndarmarka. Í samkomulagi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um vatnsvernd innan lögsögu þeirra eru engin ákvæði um efnisnám, heldur almennt um atvinnurekstur og framkvæmdir. Fólkvangar setja efnistöku líka skorður. Húsfellsbruni er allur innan Bláfjallafólkvangs og kemur hann því ekki til greina sem efnistökusvæði.

Efnistökusvæði

Efnistökusvæði eru þau svæði á landi, í sjó eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám.

Íbúðir eru ekki heimilaðar á efnistökusvæðum.

Um efnistöku í almenningum/þjóðlendum gilda ákvæði laga um náttúruvernd. *Skipulagsreglugerð nr. 400/1998.*

Áætlun um efnistöku

Áður en leyfi er veitt til náms jarðefna skv. 47. gr. skal liggja fyrir áætlun námuréttarhafa um væntanlega efnistöku þar sem m.a. skal gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði.

Úr 48. grein laga um náttúruvernd nr. 44/1999.



Efnistökusvæði í landi Kópavogs.

Efnistaka er alltaf háð mati á umhverfisáhrifum ef hún raskar stærra svæði en 50.000 m² eða ef efnistakan nemur meira en 150.000 m³. Sama á við þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná samanlagt yfir stærra svæði en 50.000 m². Efnistaka er tilkynningarskyld þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m² svæði eða stærra eða er 50.000 m³ eða meiri. Efnistaka er einnig tilkynningarskyld þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 25.000 m² svæði eða stærra. Efnistaka á verndarsvæðum er líka tilkynningarskyld.

Öll efnistaka er háð framkvæmdaleyfi. Áður en leyfi er veitt til náms jarðfna skal liggja fyrir áætlun námurétthafa um væntanlega efnistöku þar sem m.a. skal gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði.

Ekki er gert ráð fyrir efnisnámi innan heimalandsins en allt nýtanlegt efni sem kemur upp við húsbýggingar, vegagerð og aðrar framkvæmdir er notað ef mögulegt er.

Efnisnám verði undirbúið með deiliskipulagi og mati á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Unnið verði deiliskipulag fyrir ný námsvæði og eldri svæði sem verða áfram í notkun. Þar komi fram umfang svæðanna og áætlun um magn þess efnis sem unnið verður. Þar verði einnig gerð grein fyrir öllum mannvirkjum á vinnslusvæðinu s.s. vegum, bílastæðum, roþróum og geymslu varasamra efna.

Áður en leyfi er veitt til efnisnáms skv. 47. gr. laga um náttúruvernd skal liggja fyrir áætlun námurétthafa um væntanlega efnistöku þar sem m.a. skal gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði

Deiliskipulag og mat á umhverfisáhrifum framkvæmda eiga að tryggja að allar forsendur efnisnáms og umhverfisverndar verði metnar. Leitað verði eftir samstarfi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um efnisnám.

Gert er ráð fyrir að svæðið við Bolöldu verði nýtt áfram. Svæðið er um 50 ha. eins og það er afmarkað á sveitarfélagsuppdrætti skipulagsins. Unnið verði mat á umhverfisáhrifum efnisnámsins áður en nýtt leyfi verður gefið út. Nyrst í Lakheiði, skammt ofan Selhóla, er töluvert af grágrýti. Svæðið er skilgreint sem efnistökusvæði í aðalskipulaginu. Það er innan vatnsverndarmarka (fjarsvæði A) og efnistaka þar þarf því starfsleyfi heilbrigðisnefndar og framkvæmdaleyfi, sem byggir á mati á áhrifum starfseminnar á umhverfið, ef umfang hennar fer umfram áður nefnd mörk.

Við Lögberg í Lækjarbotnum er gert ráð fyrir grjótnámi á um 2.500 m² svæði. Bæjarskipulag mun gera tillögu um hvernig skuli ganga frá svæðinu þegar vinnslu lýkur.

Framkvæmdaleyfi

Meiri háttar framkvæmdir, sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breyting lands með jarðvegi eða efnistöku, skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við. Óheimilt er að hefja slíkar framkvæmdir sem ekki eru háðar byggingarleyfi skv. IV. kafla fyrr en að fengnu framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitarstjórnar.

Leiki vafi á því hvort framkvæmdir séu háðar ákvæðum um framkvæmdaleyfi skal úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála kveða upp úr um það.

Framkvæmdaleyfi fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan tólf mánaða frá útgáfu þess.

Úr 27. grein skipulagslaga nr. 73/1997.

Frágangur á námusvæðum að vinnslu lokinni.

Gerð verði áætlun um frágang á námasvæðum milli Vífilfells og Bláfjalla, norðan Selfjalls og ofan Selhóla. Við frágang skal m.a. taka tillit til ákvæða um ræktun og uppgæðslu í samkomulagi um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu. Í deiliskipulagi nýrra námusvæða verði gerð grein fyrir umgengni meðan á vinnslu stendur og frágangi efnistökusvæðis að vinnslu lokinni.

8 Samgöngur

Meginmarkmið Kópavogsbæjar í umferðarmálum er að öryggi allra vegfarenda verði aukið og dregið verði úr óþægindum af bílaumferð.

Í áætlun um samgöngur í aðalskipulagi er megináhersla lögð á að auka umferðaröryggi og minnka ónæði af bílaumferð. Stefnt er að því að draga úr hraða umferðar og gegnumakstri í íbúðarhverfum og halda sem næst óbreyttu þjónustustigi á aðalगतnakerfinu og er það í samræmi við umferðaröryggisáætlun 2001-2012. Þar er m.a. lögð áhersla á að ná niður umferðarhraða í íbúðarhverfum og skilja á milli gangandi vegfarenda og akandi á stofn- og tengibrautum.

Deiliskipulag íbúðarhverfa miði að því að staðsetning þjónustu og lega göngu- stíga gefi íbúum færi á að velja aðra samgöngumáta en akstur einkabílsins.


Í skipulagsáætlunum skal gera grein fyrir áhrifum áætlunarinnar, einstakra markmiða hennar og ráðgerðra framkvæmda á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma.

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu unnu saman að mótun svæðisskipulags sem gildir til ársins 2024. Þar eru m.a. lögð drög að uppbyggingu aðalगतnakerfis svæðisins. Helsta nýjungin sem varðar Kópavog er tillaga að stofnbraut í göngum milli Reykjanesbrautar og Hafnarfjarðarvegjar.

Í tillögu að svæðisskipulagi er lagt til að skoðaðir verði nánar aðrir möguleikar á almenningsvagnsamgöngum innan höfuðborgarsvæðisins, eins og „light rail“ eða sporvagnar.

8.1 Stígar

Stefnt er að því að stígakerfi bæjarins verði öruggt og víðfeðmt og bjóði upp á valkosti við akstur einkabíla hvað ferðamáta varðar, allt árið um kring.



Stígakerfi í heimalandi Kópavogs.

Samgöngur

Undir þennan flokk falla öll helstu samgöngumannvirki, svo sem vegir og götur, þar með taldar brýr, mislæg gatnamót, göngubrýr, undirgöng og jarðgöng, göngu-, hjóltreidda- og reiðstígar, flugvellir og flugbrautir, komustaðir farþegaferja, sporbundin umferð og önnur samgöngumannvirki.

Skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Stígakerfi

Aðalstígar eru veigamestu stígar bæjarins.

Dæmi um þá eru stígar í Fossvogs- og Kópavogsdal og tengingar við nágrannasveitarfélög.

Tengistígar tengja hverfi bæjarins við stofnstígakerfið.



Unnið verði að þessu markmiði með því að gera undirgöng eða brýr þar sem stígar liggja þvert á umferðargötum. Þá verði lokið við stíga í eldri hverfum og til nágrannasveitarfélaganna. Jafnframt fylgi lagning stíga uppbyggingu nýrra hverfa. Ennfremur verði bættir möguleikar til útivistar með lagningu göngu- og reiðstíga í útmörkinni.

Notkun stígakerfis Kópavogs er fyrst og fremst tengd útivist og gönguleiðum barna og unglinga milli heimilis og skóla en í minna mæli daglegum ferðum bæjarbúa til og frá vinnu. Í tillögu að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er lagt til að byggt verði upp svæðisbundið hjólreiðastígakerfi í áföngum. Meginstígar munu tengja íbúðarsvæði og helstu atvinnu- og kjarnasvæði. Svæðisstígar innan Kópavogs munu liggja meðfram Hafnarfjarðarvegi og Reykjanesbraut.

Undirgöng eða brýr þar sem stígar þvera umferðargötur.

Þar sem leiðir aðalstíga og stofn- eða tengibrauta skerast á miðjum götukafla skal gera ráð fyrir undirgöngum eða göngubrúum eftir því sem aðstæður leyfa.

Stígagerð í eldri hverfum og til nágrannasveitarfélaganna verði lokið.

Lagning stíga fylgi uppbyggingu nýrra hverfa.

Skipulag stígakerfisins miði að því að almenningur geti með öruggum hætti farið erinda sinna, hjólandi eða gangandi allt árið um kring. Nauðsynlegt er að ryðja snjó af helstu stígum yfir veturinn eftir því sem kostur er. Fullmótað á stígakerfið að gefa almenningi annan kost en umferð einkabíla en árangurinn veltur á breytni almennings.

Stígagerð við strönd Kársness fylgir uppbyggingu fráveitu. Fjölga þarf áningarstöðum við strandstíginn og auðveldla vegfarendum leiðina að stígnum til dæmis með lækkun gangstéttarbrúna.

Göngu- og hjólreiðastíga milli Kársness og Fossvogsdals vantar en þeir verða hannaðir samtímis hönnun gatnamannvirkja á mótum Hafnarfjarðarvegur og Kringlumýrarbrautar. Stíga vantar milli Kópavogs og nágrannasveitarfélaganna við Nónhæð, Hnoðraholt, Selhrygg og í Fossvogsdal. Þeir verða mikilvægar samgöngubætur fyrir Kópavogsbúa sem sækja vinnu utanbæjar og íbúa annarra sveitarfélaga sem sækja vinnu í Kópavogi.

Bættir verði möguleikar til útivistar með lagningu göngu- og reiðstíga í útmörkinni.

Kerfi reiðstíga miðast við lengri eða skemmri leiðir út frá hesthúsahverfunum í Glaðheimum og Heimsenda, tengingu við útivistarsvæðin við Vatnsendavatn, Vatnsendahlíð og reiðstígakerfi Garðabæjar og Reykjavíkur. Helstu breytingar á reiðstígakerfi bæjarins tengjast tillögum að skipulagi Vatnsendahverfa. Stígakerfi

Útmörk

Óbyggð svæði utan þéttbýlis í Kópavogi. Orðið er bæði notað um syðsta hluta Vatnsendalands og bæjarlandið austan Heiðmerkur.

Gróðurhúsalofttegundir

Koldíoxíð (CO₂). Helstu uppsprettur hérlandis eru samgöngur, fiskiskip og iðnaður.

Díkíðunarefnisoxíð (N₂O). Helstu uppsprettur hérlandis eru notkun tilbúins áburðar og bílaumferð.


Metan (CH₄). Helstu uppsprettur hérlandis er húsdýrahald og sorphaugar.

Flúóorkolefni (FC). Helsta uppspretta hérlandis er vegna álframleiðslu (aukaafurð), en þessi efni myndast þegar spenna rís við rafgreiningu álsins.

Vetnisflúóorkolefni (HFC). Helsta uppspretta hér á landi er vegna notkunar þeirra sem kæli- miðlar til dæmis R134a og R404a.

Brennisteinshexaflúoríð (SF₆). Helsta uppspretta hérlandis er einangrunargas í háspennurofum.

Hollustuvernd ríkisins. www.hollver.is.



Aðalगतakerfi.

milli byggðar og útmerkur verður mótað samhliða vinnu við deiliskipulag Vatnsenda (sjá kafla 4.1) og vinnu við heildarskipulag fyrir bæjarlandið fyrir austan Elliðavatn (sjá kafla 5.1).

Helgunarsvæði

Byggingar, leiðslur eða önnur mannvirki, föst eða laus, má ekki staðsetja, nema leyfi Vegagerðinnar komi til, nær vegi en 30 m frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega.

33. grein vegalaga, nr. 45/1994.

8.2 Bílaumferð

Dregið verði úr óþægindum af bílaumferð.

Íbúar geta unnið að þessu markmiði með því að draga úr notkun einkabílsins, yfirvöld með því að fylgjast með því að loftmengun sé innan viðmiðunarmarka og bæjarskipulag með því að lágmarka umferðarhávaða í nýjum hverfum við hönnun þeirra.

Árið 2000 voru 12.700 fólksbifreiðar skráðar í Kópavogi og hafði fjölgað um tæp 1.100 á einu ári. Í tillögu að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2000-2024 er reiknað með að bílaeign aukist enn frekar á skipulagstímabilinu og nái metnun við 600 bíla á hverja 1000 íbúa. Gangi það eftir verða 19 til 21 þúsund bifreiðar í fullbyggðum Kópavogi sem er fjölgun um 4 til 6 þúsund bíla.

Bílaumferð vex í kjölfar þess um 50-60% skv. áætlun í tillögu að svæðisskipulagi. Aukning á umferð innan Kópavogs stafar fyrst og fremst af vaxandi byggð og af ferðum milli sveitarfélaganna sunnan og norðan við bæinn. Arnarnesvegur nýtist fyrst og fremst umferð innan Kópavogs og Garðabæjar og gegnumakstur er lítill enn sem komið er. Gert er ráð fyrir tíu þúsund bílum á sólarhring á Arnarnesvegi þegar Linda-, Sala- og Vatnsendahverfi verða fullbyggð.

Aðalskipulag Kópavogs tekur mið af kröfum sem gerðar eru í lögum og reglugerðum til dæmis fyrir hljóðvist og mengun en Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis framkvæmir reglubundnar eftirlitsmælingar með loftmengun og hávaða.

Minni umferð einkabíla.

Einkabílum fylgir mikið hagræði en bílaumferð getur líka haft neikvæð áhrif á umhverfi og heilsu manna. Nokkrir samverkandi þættir gætu dregið úr neikvæðum áhrifum af umferð, svo sem strangari reglur um hávaða og loftmengun, efling almenningsgangna, bætt stígakerfi og meira jafnvægi í framboði í íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði. Veigamest eru samt breytt viðhorf almennings til þess að nýta sér aðrar og vistvænni samgöngur en bílaumferð.

Fylgst verði með því að loftmengun sé innan viðmiðunarmarka.

Samgöngur eru helsti mengunarvaldurinn hérlendis og á mengun frá einkabílum þar drýgstan þátt. Mengun frá einkabílum er eðlilega mest þar sem umferðin er mest og við gatnamót þar sem gjarnan myndast bíðraðir. Mengun á höfuðborgarsvæðinu er jafnan undir viðmiðunarmörkum en mælingar sýna að í köldu og lygnu veðri getur hún verið sambærileg við það sem gerist í erlendum stórborgum.

Hollustuvernd ríkisins annast, skipuleggur og hefur umsjón með loftgæðarannsóknnum en heilbrigðisnefnd framkvæmir eða lætur framkvæma reglubundnar eftirlitsmælingar á loftmengun. Heilbrigðisnefnd skal gera ráðstafanir sem miða að því að draga úr loftmengun og að viðmiðunarmörkin séu virt.

Umferðarhávaði í nýjum hverfum verði metinn við hönnun þeirra.

Hávaði frá bílaumferð í nýjum hverfum er metinn út frá áætlaðri umferð sem aftur byggir á íbúafjölda og heildargólfleti atvinnuhúsnæðis samkvæmt deiliskipulagi.

Árið 1999 lét tæknideild reikna út umferðarhávaða í þeim hlutum eldri hverfa bæjarins þar sem líklegt var að hann væri yfir viðmiðunarmörkum.

8.3 Gatnakerfi

Umferð verði greidd og örugg á aðalgatnakerfinu, einkum stofnbrautunum, en hægar innan íbúðarhverfa.

Leiðir að þessu markmiði eru að lækka ekki þjónustustig aðalgatnakerfisins og að gatnaskipulag byggji áfram á flokkun gatna í húsgötur, safn-, tengi- og stofnbrautir. Þá verði fjölgað verulega svæðum með 30 km hámarkshraða og unnið að umbótum á gatnakerfinu á grundvelli umferðaröryggisskýrslunnar. Auk þess verði áhrif af framkvæmdum við umferðarmannvirki á umhverfið metin.

Tvær nýjar stofnbrautir eru fyrirhugaðar í landi Kópavogs. Arnarnesvegur (Ofanbyggðarvegur) var staðfestur sem stofnbraut með fyrra aðalskipulagi bæjarins en tillaga svæðisskipulagsins um stofnbraut milli Reykjanesbrautar og Hafnarfjarðarvegur er ný. Í tillögu að svæðisskipulagi eru báðar brautirnar taldar nauðsynlegar viðbætur ef halda á uppi núverandi þjónustustigi á gatnakerfi höfuðborgarsvæðisins.

Í tillögu að svæðisskipulagi eru einnig metnir kostir og gallar þess að draga markvisst úr þjónustustigi gatnakerfisins. Í kjölfar þess mætti búast við auknum töfum á álagstímum, sérstaklega á stofnbrautum næst miðsvæðum. Talið er að ferðatíminn muni lengjast til muna á álagstíma. Fjárfesting í gatnakerfinu verður minni en hins vegar er talið að heildarumhverfisálag muni minnka óverulega.

Arnarnesvegur er tenging milli sveitarfélaganna á suðurhluta höfuðborgarsvæðisins og Suðurlandsvegur og tenging milli byggðar í Kópavogi vestan og austan Reykjanesbrautar. Vegurinn styttr lítillga leið þeirra sem aka frá Reykjanesbraut að Suðurlandsvegi en helsti ávinningurinn af brautinni er að hún léttir álaginu af Reykjanesbraut og Breiðholtsbraut. Í tillögu að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er gert ráð fyrir að Arnarnesvegur þurfi að anna tíu þúsund bílum á sólarhring árið 2012. Í aðalskipulaginu er lagt til að um 3/4 hlutar Arnarnesvegur, ofan Seljahverfis, verði færðir ofar í Vatnsendahvarf inn í lögsögu Kópavogs. Mislæg gatnamót Arnarnesvegur og Breiðaholtsbrautar verða innan lögsögu Reykjavíkur.

Nákvæm lega Arnarnesvegur hefur mótast samhliða deiliskipulagningu nýrra íbúðarhverfa í Fífuhammslandi og Vatnsendahvarfi. Lega vegarins í vestanverðu Vatnsendahvarfi er talin mun betri kostur fyrir íbúðarbyggðina í Vatnsendalandi.

Stofnbraut í göngum milli Reykjanesbrautar og Hafnarfjarðarvegur á að bæta samgöngur milli Smárans og Mjóddar og miðbæjar Reykjavíkur. Í tillögu að svæðisskipulagi er gert ráð fyrir 32 þúsund bílum á sólarhring í göngunum árið 2012 og að umferðin vaxi í 38 þúsund bíla árið 2024. Ný stofnbraut, eins og tillagan gerir ráð fyrir, styttr leiðina milli Smáralindar og miðbæjar Reykjavíkur um tæpa tvo kílómetra.

Austari gangnamunninn verður á móts við sveitarfélagamörk Kópavogs og Reykjavíkur (Fífuhammslands og Breiðholts) en veggöngin verða að öðru leyti innan Kópavogs. Vestari gatnamótin verða við Kringlumýrarbraut í Reykjavík. Gert er ráð fyrir að brautin verði fjórar akreinar. Ekki kemur fram í tillögu að svæðisskipulagi hvort um fleiri kosti er að ræða varðandi legu brautarinnar. Við hönnun og lagningu götunnar verður að taka tillit til bæjarverndaðs svæðis við Fossvogs-lækinn neðan Lundar.

Í desember árið 2000 var lokið við drög að samkomulagi milli Kópavogs og Reykjavíkur um gatnakerfi í vestanverðu Vatnsendahvarfi. Þar var gerð tillaga að legu Arnarnesvegur og tengibrautar frá Kópavogi og að Jaðarseli í Reykjavík. Arnarnesvegur er sýndur á sveitarfélagsupprætti í samræmi við samkomulagsdrögin en ekki tengibrautin þar sem Reykjavík hefur ákveðið að sýna hana ekki í sínu aðalskipulagi.

Þjónustustig aðalgatnakerfisins lækki ekki.

Í tillögu að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er áætlað að gatnakerfi svæðisins þurfi að anna 50-60% meiri umferð árið 2024 en árið 2000. Stefnt verði að því að þjónustustig aðalgatnakerfisins lækki ekki. Í skipulaginu er tillaga um nýja stofnbraut, að mestu neðanjarðar, frá Reykjanesbraut við Smáránn eða Mjódd og að Hafnarfjarðarvegi við Fossvog. Gert er ráð fyrir mislægum gatnamótum við báða enda brautarinnar. Aðrar framkvæmdir við stofnbrautakerfið innan Kópavogs eru lagning Arnarnesvegur frá Reykjanesbraut að Breiðholtsbraut og gerð mislægra gatnamóta á Reykjanesbraut við Breiðholtsbraut, Stekkjarbakka og Arnarnesveg. Þá verða lögð mislæg gatnamót á mótum Hafnarfjarðarvegur og Fífuhammsvegur vestan íþróttasvæðis Breiðabliks. Helstu breytingar á innra gatnakerfi Kópavogs verða í tengslum við skipulag í Vatnsendalandi.

Gatnaskipulag byggi áfram á flokkun gatna í húsagötur, safn-, tengi- og stofnbrautir.

Markmiðið með flokkun gatna er að beina óþarfa gegnumakstri frá húsagötum og hægja á umferð þar. Gatnakerfi vestur- og austurbæjar mótaðist áður en farið var að vinna eftir flokkun gatna í skipulagi. Því hefur reynt erfitt að fylgja til fulls eftir flokkun gatna í eldri hverfum. Í hverfaskipulagi fyrir Vesturbæ og Austurbæ eru kort sem sýna flokkun gatna en það er almenn skilgreining á hlutverki gatnanna. Ekki eru tillögur um breytingar á flokkun einstakra gatna í þessari endurskoðun aðalskipulagsins.

Fjölgað verði svæðum með 30 km hámarkshraða.

Afmörkun svæða innan íbúðarhverfa með 30 km hámarkshraða miðar að því að hægja á umferð, draga úr líkum á gegnumakstri og minnka þar með slyshættu og ónæði af umferð. Stefnt er að því að 30 km hámarkshraði verði meginregla í húsagötum.

Í drögum að umferðaröryggisáætlun 2001-2012 er það talið skipta höfuðmáli að ná niður umferðarhraða í íbúðarhverfum. Þeim þjóðum sem hafa beitt þessum úrræðum hefur tekist að fækka slysum umtalsvert.

Unnið verði að umbótum á gatnakerfinu á grundvelli umferðaröryggisskýrslunnar.

Kópavogsbær lét vinna skýrslu um umferðaröryggi í bænum. Gerð var úttekt á gatnamótum og götuköflum þar sem óhöpp voru tíð á árunum 1992 til 1997. Í niðurstöðu skýrslunnar, sem gefin var út árið 1999, kemur þetta m.a. fram: „Í heild var umferðaröryggi í Kópavogi sæmilegt. Ekki var unnt að benda á mjög marga staði í gatnakerfinu, þar sem gagngerra endurbóta var þörf. Undantekning frá þessu er þó Nýbýlavegur, sem virðist vera fremur hættuleg gata, þó að miðað sé við umferðarmagn.“

Auk þess hefur Vegagerð ríkisins sett fram áætlun í umferðaröryggismálum á þeim götum sem hún hefur umsjón með; Nýbýlavegi, Reykjanesbraut og Hafnarfjarðarvegi.

Áhrif framkvæmda við umferðarmannvirki á umhverfið verði metin.

Hönnun umferðarmannvirkja skal miða að því að draga úr neikvæðum áhrifum umferðar og umferðarmannvirkja á umhverfið. Stofnbrautir í þéttbýli eru matsskyldar framkvæmdir samanber 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Því þarf að meta umhverfisáhrif framkvæmda við lagningu Arnarnesvegjar, við gerð mismægra gatnamóta Fífuhvamsvegjar og Hafnarfjarðarvegjar og vegna stofnbrautar í göngum frá Smáranum eða Mjódd og að Hafnarfjarðarvegi við Fossvog. Sjá einnig kafla 3.2.

Áhrif framkvæmda vegna breikkunar Reykjanesbrautar og byggingar mismægra gatnamóta við Nýbýlaveg/Breiðholtsbraut og Smiðjuveg/Stekkjarkakka voru metin árin 2000 og 2001. Áhrif framkvæmda við lagningu tengibrautar á umhverfið gæti þurft að meta, sbr. 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Sveitarfélagi ber að tilkynna framkvæmdina til Skipulagsstofnunar sem úrskurðar hvort framkvæmdin skuli háð mati.

8.4 Almenningsamgöngur

Markmið sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu er að efla almenningssamgöngur.

Helsta leiðin að þessu markmiði er sameiginlegt leiðakerfi fyrir allt höfuðborgarsvæðið og að almenningssvagnar fái aukinn forgang í umferðinni. Einnig mun Strætó bs. annast ferðapjónustu fatlaðra.

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa sameinast um að efla almenningssamgöngur. Strætó bs. er í eigu Reykjavíkurborgar, Kópavogsbæjar, Hafnarfjarðarbæjar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar, Seltjarnarneskaupstaðar og Bessastaðahrepps og á Kópavogsbær 13,46% í fyrirtækinu. Stærð eignarhlutar miðast við íbúafjölda 1. desember 2000. Kópavogsbær greiðir hins vegar 11,32% af rekstrarkostnaði fyrirtækisins í upphafi og miðast skiptihlutföll við leiðakerfið eins og það var við undirritun samnings auk fyrirhugaðra breytinga á leiðakerfum AV og SVR sem ákveðið var að tækju gildi á árinu 2001. Unnið verður að nýrri skiptingu sem að

Húsagötur

Húsagötur eiga fyrst og fremst að veita aðgang að húsum og starfsemi við viðkomandi götu. *Skipulagsreglugerð nr. 400/1998.*

Safnbrautir

Safnbrautir eru helstu umferðargötur innan hvers hverfis. Þær tengja húsagötur við tengi- og stofnbrautir. *Skipulagsreglugerð nr. 400/1998.*

Tengi- og stofnbrautir

Tengi- og stofnbrautir tengja einstaka bæjarhluta við stofnbrautarkerfið og nálæga bæjarhluta saman innbyrðis og eru helstu umferðargötur í hverjum bæjarhluta. *Skipulagsreglugerð nr. 400/1998.*

Í aðalskipulaginu eru tveir flokkar tengibrauta. Í 1. flokks tengibrautum er hámarkshraði allt að 60 km. á klst. en 50 km. á 2. flokks tengibrautum og þar eru hraðahindranir einnig leyfðar í undantekningartilvikum.

Til álíta kemur að banna hjóleiðar og umferð vinnuvéla á annatíma á 1. flokks tengibrautum og bifreiðastöður koma ekki til greina. Æskileg fjarlægð milli gatnamóta er a.m.k. 4-500 metrar á 1. flokks tengibrautum en miða má við 2-300 metra sem lágmark. Á 2. flokks tengibrautum er æskileg fjarlægð milli gatnamóta metin hverju sinni.

Merktar gangbrautir koma vart til álíta á 1. flokks tengibrautum nema e.t.v. á tveggja akreina götum og þá með miðeyju. Gangbrautaljós koma til álíta. Á 2. flokks tengibrautum koma merktar gangbrautir til álíta á tveggja akreina götum og þá með miðeyju, ef rými leyfir. Gangbrautaljós koma einnig til álíta.

Útdráttur úr riti umferðardeildar Borgarverkfræðingsins í Reykjavík um stofn- og tengibrautir, leiðbeiningar varðandi umferðar-tæknileg atriði. Útgefið árið 1991.

Stofnbrautir

Stofnbrautir eru aðalumferðarbrautir í þéttbýli og tengjast stofnvegakerfi utan þéttbýlis. *Skipulagsreglugerð nr. 400/1998.*

meginstefnu miðast við eka kílómetra innan hvers sveitarfélags. Hvert sveitarfélag á einn fulltrúa í stjórn byggðasamlagsins. Stjórnin annast stefnumótun fyrirtækisins og gerir áætlun um rekstur, fjárfestingu og fjármál. Sveitarfélögin munu jafnframt vinna sameiginlega að hagsmunamálum almenningsgangna gagnvart ríkisvaldinu.

Strætó bs. hefur yfirumsjón með allri ferðþjónustu fatlaðra á svæðinu. Um er að ræða sameiginlega skipulagningu og umsjón með rekstrinum eftir því sem við á, en sveitarfélögunum verði að öðru leyti í sjálfsvald sett hvernig þau haga sjálfri framkvæmd þjónustunnar, þ.m.t. hvort þau fela hana fyrirtækinu.

Leiðakerfi á höfuðborgarsvæðinu hafa verið sameinuð. Tilgangur byggðasamlagsins er að sinna almenningsgangum á höfuðborgarsvæðinu í umboði eigenda sinna. Markmiðið er að efla almenningsgangur, bæta þjónustu og auka hagkvæmni. Fyrirtækið starfrækir almenningsvagnaþjónustu á svæðinu með einu leiðakerfi og einni gjaldskrá og mun leita hverju sinni hagkvæmstu leiða í rekstri og starfrækslu. Fyrirtækið verði samstarfsvettvangur sveitarfélögunna gagnvart ríkisvaldinu til þess að knýja á um betri rekstrarskilyrði greinarinnar.

Strætisvagnar fá aukinn forgang í umferðinni.

Sveitarfélögin tryggja strætisvögnum sem aka á vegum fyrirtækisins samræmdan og aukinn forgang í umferð. Kópavogsbær mun kanna hvar strætisvagnar verða helst fyrir töfum innan bæjarins. Í framhaldinu verða gerðar tillögur um hvernig megi greiða fyrir umferð strætisvagna á þessum stöðum. Deiliskipulag nýrra hverfa miði að því að leið almenningsvagna verði sem greiðust og þjónusta þeirra við íbúa sem best.

8.5 Flug

Sandskeið verði áfram miðstöð svifflugs.

Unnið verði að því með gerð deiliskipulags sem treystir stöðu Sandskeiðs sem miðstöðvar svifflugs.

Á Sandskeiði er aðstaða fyrir Svifflugfélag Íslands. Staða flugvallarins byggir á leyfi hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps frá 1938 og samþykkt bæjarráðs Kópavogs um stækkun athafnasvæðis árið 1993.

Miðstöð innanlandsflugs er á Reykjavíkflugvelli. Aðflugslínur tveggja flugbrauta eru yfir byggð í Kópavogi, á Kársnesi og í norðurhlíðum Fossvogsdals. Í tillögu að Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001–2024 er gert ráð fyrir að flugvallarsvæðið verði minnkað umtalsvert og að við lok skipulagstímabilsins verði aðeins austurvestur flugbrautin í notkun. Veigamiklar breytingar á flugvellingum og ákvarðanir um framtíð hans varða hagsmuni Kópavogsbúa. Það er því rökrétt að Reykjavíkurborg og Flugmálastjórn hafi bæjaryfirvöld í Kópavogi með í ráðum við ákvarðanir um framtíð flugvallarins.

Unnið verði deiliskipulag fyrir Sandskeið með tilliti til þess að þar verði miðstöð svifflugs.

Flugvöllurinn á Sandskeiði er í um 180 metra hæð yfir sjó og landið ekki metið sem byggingarland á gildistíma Aðalskipulags Kópavogs 2000–2012. Lagt er til að svifflugvöllurinn verði áfram á Sandskeiði og verði þörf fyrir frekari framkvæmdir, eða endurbætur, þarf að vinna deiliskipulag fyrir svæðið ásamt því að skilgreina nauðsynlega skilmála. Flugvöllurinn er innan vatnsverndarsvæðis sbr. samkomulag sveitarfélögunna á höfuðborgarsvæðinu frá 1997. Í reglum með samkomulaginu eru nokkur ákvæði sem varða atvinnurekstur og framkvæmdir og ber að hlýta þeim við skipulag og uppbyggingu við flugvöllinn.

Strætó bs.

Tilgangur Strætó bs. er að sinna almenningsgangum á höfuðborgarsvæðinu í umboði eigenda sinna. Markmiðið er að efla almenningsgangur, bæta þjónustu og auka hagkvæmni. Fyrirtækið starfrækir almenningsvagnaþjónustu á svæðinu með einu leiðakerfi og einni gjaldskrá og leiti hverju sinni hagkvæmstu leiða í rekstri og starfrækslu. Fyrirtækið verði samstarfsvettvangur sveitarfélögunna gagnvart ríkisvaldinu til þess að knýja á um betri rekstrarskilyrði greinarinnar. Fyrirtækið hafi jafnframt yfirumsjón með allri ferðþjónustu fatlaðra á svæðinu.

Úr 2. gr. stofnsamnings Strætó bs.

9 Veitur og sorp

Veitur

Kópavogsbæjar valdi sem minnstum skaða á lífríkinu og dregið verði úr umfangi sorps með aukinni flokkun, endurnýtingu og endurvinnslu.

Kópavogsbúar kaupa vatn og orku af Orkuveitu Reykjavíkur. Sveitarfélagið tekur þátt í uppbyggingu fráveitukerfis höfuðborgarsvæðisins og rekstri Sorpu bs.

Aukin orkunotkun stafar af fólksfjölgun, vaxandi byggð og aukinni notkun rafmagnstækja. Orkuspárnefnd gerir ráð fyrir 2,5% aukningu í rafmagnsnotkun á höfuðborgarsvæðinu á ári til 2025. Í tillögu að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins kemur fram að nægt vatn er í vatnsbólum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu fyrir væntanlega byggðapróun til langrar framtíðar.

Ljósleiðarar nýtast síma- og tölvusamskiptum og flutningi á sjónvarps- og útvarpsefni. Landssíminn og Lína.net hafa byggt upp ljósleiðarakerfið í Kópavogi.

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á landnotkun á lóð Landssímans í Rjúpnahæð eða lóð Ríkisútvarpsins í Vatnsendahvarfi.

Bækistöðvar slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins eru á þremur stöðum í Reykjavík og einum í Hafnarfirði.

9.1 Veitur

Veitur bæjarins leiti ávallt hagkvæmustu kosti í öflun vatns og orku og fylgst verði með hugsanlegri mengun af völdum fráveitukerfisins.

Kannaðir verði fleiri möguleikar á öflun orku og neysluvatns. Fylgst verði með hugsanlegri mengun af völdum fráveitukerfisins. Vatnsendaland verði tengt fráveitukerfi höfuðborgarsvæðisins og ofanvatni veitt í settjarnir.

Veitur

Til veitna teljast stofn- og dreifikerfi veitna, svo sem vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu, fjarskipta og fráveitu.

Með stofnkerfi er í reglugerð þessari átt við flutningskerfi, frá upptökum að dreifikerfi. *Skipulagsreglugerð nr. 400/1998.*

Vatnsvernd

Markmiðið með vatnsvernd er að stuðla að hámarkshollustu neysluvatns á höfuðborgarsvæðinu til framtíðar með því að koma í veg fyrir óæskileg áhrif af völdum athafna, starfsemi og umsvifa á vatnsverndarsvæðum vatnsbóla á svæðinu.

Samþykktin um vatnsverndarsvæði á höfuðborgarsvæðinu tekur til framkvæmda, ræktunarstarfa, umgengni, nýrra bygginga, breytinga, viðhalds og frágangs mannvirkja, umferð vélknúinna farartækja, meðferð efna sem valdið geta mengun, atvinnurekstrar, húsdýrahalds og útivistar. Jafnframt skulu uppfyllt ákvæði reglugerða um neysluvatn, varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi og mengunarvarnir.

Sjá afmörkun vatnsverndarsvæða á sveitarfélagsupprætti.

Reglur um verndarsvæði vatnsbóla nr. 636/12. nóv. 1997.



Stofnkerfi veitna innan Kópavogs.

Kópavogsbúar kaupa rafmagn og neysluvatn af Orkuveitu Reykjavíkur sem sér um dreifingu til viðskiptavina. Orkuveitan á lagnakerfi hitaveitunnar í bænum og notendastrengi rafmagnsveitu.

Vatnsveita Kópavogs sér um allt viðhald og nýframkvæmdir vegna vatnsveitulaagna svo og viðhald og endurnýjun á heimæðum.

Hitaveitulagnir í nýjum hverfum eru unnar í samráði við tæknideild Kópavogsbæjar. Lýsing gatna og strengir, sem henni fylgja, eru eign Kópavogsbæjar en Orkuveitan annast viðhald gatnalýsingar fyrir Kópavogsbæ.

Uppbygging veitukerfa fylgir áformum um uppbyggingu þéttingarsvæða og nýrra hverfa, jafnframt því sem unnið er að endurbótum á eldri hlutum kerfanna. Við uppbyggingu á veitukerfi bæjarins var miðað sérstaklega við það að í Kópavogsdal yrði mikil uppbygging atvinnuhúsnæðis.

Hluti Vatnsendalands, og allt bæjarlandið austan Heiðmerkur, er háð vatnsvernd samkvæmt samkomulagi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu frá 1997. Reglur um vatnsvernd taka til almennrar umgengni, geymslu varasamra efna, vega og verklegra framkvæmda, salerna og rotþróa, mengandi atvinnurekstrar eða starfsemi, viðhalds bygginga, búfjárhalds, ræktunarstarfa, útivistar og meðferðar skotvopna. Ákvæðin eru mismunandi ströng eftir því hvort þau eigi við brunnsvæði, grannsvæði eða fjarvæði. Ákvæði um vatnsvernd varða því landnotkun, framkvæmdir og starfsemi á Sandskeiði (kafla 8.5), í Lækjarbotnum (kafla 5.1), Bláfjöllum (kafla 5.3), Gunnarshólma og Geirlandi (4. kafla) og áætlanir um efnistöku (kafla 7.5) og skógrækt (kafla 5.1).

Særstur hluti vatnsverndarinnar innan Kópavogs er ýmist grannsvæði eða fjarvæði en í Vatnsendakrikum, við sveitarfélagamörk Kópavogs og Reykjavíkur, er brunnsvæði. Sá hluti svæðisins sem er innan Kópavogs er á stærð við Kársnes.

Í tillögu að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er mörkuð sú stefna að háspennulínum innan svæðisins skuli ekki fjölgað en frekar horft til þess að grafa háspennustrengi í jörðu eða auka flutningsgetu núverandi háspennulína með hærri spennu.

Kannaðir verði fleiri möguleikar á öflun orku og neysluvatns.

Kópavogsbær hefur keypt raforku og neysluvatn af orkufyrirtækjum Reykjavíkur í nokkra áratugi. Fyrirsjáanleg er aukin samkeppni í sölu raforku sem gefur sveitarfélögum tækifæri til að leita eftir hagkvæmstu kostunum.

Einnig er í athugun möguleiki á sameiginlegri vatnsveitu sveitarfélaganna á sunnanverðu höfuðborgarsvæðinu.


Viðtaki

er svæði sem tekur við mengun og þynnir hana eða eyðir.

Reglugerð um fráveitur og sorp, nr. 798/1999.

Útg. umhverfisráðuneytið.

Flokkun SORPU á úrgangi
Timbur
Dagblöð og tímarit
Skrifstofupappír
Bylgjupappi
Fernur
Málmar
Trjágreinar
Gras og blómaafskurður
Grjót
Gler og burðarhæfur jarðvegur
Nytjahlutir
Hjólbarðar
Teppi og dýnur
Grófur og óbagganlegur úrgangur
Annar bagganlegur úrgangur
Kælitæki
Vörubretti
Skilgjaltdsumbúðir
Klæði
Skór
Spilliefni
Kertavax
Heimasíða Sorpu bs., www.sorpa.is.



Vatnsverndarsvæði innan lögsögu Kópavogs.

Fylgst verði með hugsanlegri mengun af völdum fráveitukerfisins. Þætti Kópavogs í uppbyggingu fráveitukerfis höfuðborgarsvæðisins er lokið. Með þeim áfanga eiga mengunarvarnarmál að vera komin í gott horf á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt útreikningum sem gerðir voru vegna uppbyggingar fráveitukerfisins. Samt er brýnt að sveitarfélagið fylgist með hugsanlegri mengun í fráveitukerfinu, bregðist skjótt við hættuástandi og finni upptök mengunar. Í tillögu að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins segir að fráveitur skuli uppfylla kröfur mengunarvarnarræglugerðar. Beita skuli fyrsta stigs hreinsun áður en skólpi er veitt í sjó og við fjörur skuli fjöldi saurgerla utan þynningarsvæða vera undir 100 stk. á hverja 100 ml. í 90% tilvika. Ábyrgð Kópavogs nær eingöngu til lögsögu bæjarins og fylgir bærinn þeim stöðlum og kröfum í fráveitumálum sem settir eru í lögum og reglugerðum. Heilbrigðisefirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis fylgist með viðtaka og leitar orsaka mengunar ef hún mælist.

Vatnsendaland verði tengt fráveitukerfi höfuðborgarsvæðisins og ofanvatni veitt í settjarnir.

Með uppbyggingu að Vatnsenda verður fráveitukerfið þar byggt upp frá grunni. Rotþrær verða aflagðar að stórum hluta og öllu skólpi veitt burtu til dælustöðva og út í sjó. Yfirborðsvatni verður veitt í settjarnir þar sem „aðskotaefni“ síast burtu áður en vatninu er hleypt út í Elliðavatn.

9.2 Sorp

Dregið verði úr umfangi sorps til urðunar.

Leiðir að þessu markmiði er aukin flokkun, endurnýting og endurvinnsla.

Markmiðið er að lágmarka allan úrgang, en nýta hann eða farga honum þar sem hann fellur til, þó þannig að það hamli ekki þróun atvinnulífs, en verði komandi kynslóðum til efnahagslegs og félagslegs ábata og skerði ekki lífsskilyrði þeirra.

Sorpa bs. er sameiginlegt fyrirtæki sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Það hefur bækistöðvar sínar í Gufunesi, urðunarstað í Álfsnesi og gámasstöðvar á átta stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Ein þeirra er við Dalveg í Kópavogi. Stöðin tók við 3.911 tonnum af sorpi árið 2000 og var blandað sorp 1.285 tonn, jarðvegur 734 tonn, timbur 699 tonn, málmar 599 tonn. Sjá nánar töfluna hér til hliðar. Í mót-tökustöð Sorpu í Gufunesi er tekið á móti öllu sorpi frá höfuðborgarsvæðinu. Stærstur hluti þess er pressaður í bagga og hann urðaður í Álfsnesi. Áætlað er að urðunarstaðurinn verði í notkun fram til ársins 2014. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um nýjan urðunarstað.

Um 70% af úrgangnum sem kemur inn á endurvinnslustöðvar SORPU fer til endurnotkunar og/eða endurvinnslu.

Einu löggin um flokkun og skil á sorpi varða spilliefni. Skil á öðrum flokkum byggir á skilagjaldi eða umhverfisvitund fólks. Fræðsla og leiðbeiningar eru grunnþátturinn í frekari árangri ásamt bættri aðstöðu á gámasstöðvum eða í heimahúsum. Markmiðið er að flokkun og endurnýting verði sjálfsagður hluti af daglegu lífi fólks.

Upprunaflokkun verði eflað.

Stefnt er að því að draga úr urðun sorps með aukinni upprunaflokkun. Hún byggir á því að almenningur og fyrirtæki skili í auknum mæli flokkuðu sorpi til gámasstöðva eða sorp verði sótt flokkað í heimahús og til fyrirtækja.

Endurnýting og endurvinnsla verði aukin.

Möguleikar til endurvinnslu og endurnýtingu aukast ár frá ári. Allir flokkar sem skilgreindir eru til endurnýtingar eða endurvinnslu eiga sér endurnýtingarfarveg og eru því ekki urðaðir.

Magntölur frá endurvinnslustöð SORPU við Dalveg árið 2000

Blandað	1.285
Timbur	699
Pappi	140
Dagblöð	183
Skrifstofupappír	0
Spilliefni	50
Málmar	599
Jarðvegur	734
Garðaúrgangur	120
Skorin dekk	57
Föt RKÍ	44
Samtals	3.911

Magntölurnar eru í tonnum.
Ársskýrsla SORPU bs.

10 Fræðslu- og menningarmál, félags- og heilbrigðismál

Allir íbúar bæjarins hafi jafnan aðgang að þjónustu í bænum.

Fræðslu- og félagsmál eru stærstu málaflokkarnir í rekstri bæjarins. Umfang þeirra hefur vaxið umtalsvert á síðustu árum meðal annars vegna þess að sveitarfélögin hafa tekið við verkefnum sem áður voru í umsjón ríkisins.

10.1 Leikskólar

Leikskólar Kópavogs.

Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir börn undir skólaskyldu-aldri. Samkvæmt lögum um leikskóla er sveitarfélögum skylt að hafa forystu um að tryggja börnum dvöl í góðum leikskóla. Bæjarstjórn hefur markað þá stefnu að öllum tveggja til sex ára börnum verði gefinn kostur á leikskóladvöl fyrir árslok 2002. Hröð þróun er í þá átt að leikskólarnir verði að mestu einsetnir.

Í leikskólum er starfað samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla sem menntamálaráðuneyti gefur út og sameiginlegri skólanámskrá leikskóla Kópavogs sem svo hver leikskóli byggir sína sérstöku skólanámskrá á. Einnig er fylgt sameiginlegum áætlunum t.d. hefur verið mótuð umhverfisstefna leikskóla Kópavogs sem allir leikskólar fylgja. Þrátt fyrir þetta eru mismunandi áherslur í starfi leikskólanna og mismunandi stefnum fylgt. Má þar nefna áherslur á heilsu og heilbrigði, tónlist, vináttu, samskipti/samvinnu, skapandi starf og fl.

Byggðir verði 7 leikskólar í Sala-, Vatnsenda- og Bryggjuhverfum og viðbætur gerðar við eldri leikskóla.

Börn á leikskólaaldri (1-5 ára) voru um 2300 í árslok 2000, en áætlað er að þau verði 2900-3000 í lok skipulagstímabilsins. Kópavogsbær rekur þrettán leikskóla í lok árs 2000 með um 1150 börnum. Gert er ráð fyrir tveim nýjum leikskólum í Salahverfi, fjórum í Vatnsendahverfum og einum í vesturbæ vegna Bryggjuhverfis. Fyrri leikskólinn í Salahverfi mun taka til starfa á haustönn 2001 og sá síðari á vordögum 2002. Báðir leikskólarnir í Salahverfi verða 6 deilda og munu um 120 börn dvelja í hvorum þeirra. Þá eru fyrirhugaðar viðbætur við leikskóla í eldri hverfum, tveggja deilda viðbyggingu við Efstahjalla í lok árs 2001 og einnar deildar viðbyggingu við Grænátún á árinu 2002. Við lok skipulagstímabilsins er því áætlað að reknir verði 20 leikskólar á vegum Kópavogsbæjar með um 2000 börnum.

Einkareknir leikskólar.

Einstaklingum, félögum og félagasamtökum er heimilt að reka leikskóla að fengnu samþykki bæjarstjórnar. Í árslok 2000 voru reknir þrjú einkaleikskólar í Kópavogi og sá fjórði bættist við um mitt ár 2001. Samtals dvelja í þessum leikskólum um 150 börn.

10.2 Grunnskólar

Bæjarstjórn Kópavogs hefur markað þá stefnu að allir grunnskólar verði heildstæðir, tveggja hliðstæðna skólar.

Nemendur í grunnskólum Kópavogs voru tæplega 3.500 veturinn 1999-2000 og hafði fjölgað um þriðjung á tíunda áratug aldarinnar. Grunnskólanemendur voru því um 15% bæjarbúa.

Núverandi byggð er skipt í sjö grunnskólahverfi og voru grunnskólanemendur

Svæði fyrir þjónustustofnanir

Á svæðum fyrir þjónustustofnanir skal fyrst og fremst gera ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnunum, heilbrigðisstofnunum, menningarstofnunum, félagslegum stofnunum, trúarstofnunum, umferðarmiðstöðvum og öðrum þjónustustofnunum ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila. *Skipulagsreglugerð nr. 400/1998.*

3.600 haustið 2000. Gert er ráð fyrir nýjum grunnskóla í Salahverfi haustið 2001 og mun hann þjóna 3.000 til 3.500 manna byggð. Í nýjum hverfum í Vatnsendalandi eru ráðgerð tvö grunnskólahverfi sem hvort um sig er 2.500 til 3.000 manna byggð eins og gert er ráð fyrir í tillögu 1. Sjá nánar 4. kafla á. bls. 14. Stefnt er að því að grunnskólar verði sem næst miðju íbúðarhverfa.

Áætlaður fjöldi barna á grunnskólaaldri í nýju hverfi á landfyllingum við norðanvert Kársnes verður um 200, eða að meðaltali einn bekkur í hverjum árgangi. Hugsanlega þarf að byggja við grunnskólana á Kársnesi vegna þessa. Sjá nánar kafla 4.2 á bls. 16.

Sjálfseignarstofnunin Ásmegin hefur frá árinu 1996 rekið grunnskóla í Kópaseli fyrir allt að 30 nemendur. Bæjarstjórn Kópavogs hefur markað þá stefnu að þeir nemendur sem þess óska fái heimild til að stunda nám í einkareknum grunnskólum utan Kópavogs. Skólaárið 1999-2000 voru þetta um 80 nemendur.

10.3 Framhaldsskólar

Gert er ráð fyrir nýjum framhaldsskóla í Vatnsendalandi.

Menntaskólinn í Kópavogi, sem í raun er þrjár skólar, þ.e. bóknámsdeild, Hótel- og matvælkaskólinn og Ferðamálastjórn, er staðsettur við Digranesveg. Ráðgert er að byggja eina nýja álmu við skólann og telst hann þar með fullbyggður. Veturinn 2000-2001 stunduðu 1.130 nemendur nám við skólann en íbúar á framhaldsskólastigi voru um 1.700 í árslok 2000.

Í skipulagi nýrrar byggðar í Vatnsenda er gert ráð fyrir lóð fyrir framhaldsskóla.

10.4 Aðrir skólar

Í athugun er opnun útibús tónlistarskóla í austurbæ.

Haustið 2000 voru í Kópavogi þrjár sérskólar og að auki starfar skólahljómsveit Kópavogs. Tónlistarskóli Kópavogs, sem skiptist í grunnnám, miðstig og framhaldsnám tónlistarskóla, er með um 480 nemendur. Kvöldskóli Kópavogs var með 927 nemendur árið 2000, 428 á vorönn og 499 á haustönn. Skólinn hefur aðsetur í grunnskólum Kópavogs en aðalaðsetur hans er í Snælandsskóla í Fossvogsdal.

Gert er ráð fyrir aukinni samvinnu Tónlistarskóla Kópavogs og grunnskóla bæjarins. Í athugun er opnun útibús tónlistarskóla í austurbæ.

Myndlistarskóli Kópavogs er nú með aðsetur í Fannborg 6 og var með um þrjú hundruð nemendur haustið 2000. Skólinn býður upp á fjölmörg námskeið í mynd-



Skólar í Kópavogi.



list, leirmótun og glerlist. Skólahljómsveit Kópavogs var með 120 nemendur haustið 2000 og skiptist námið í þrjár deildir, yngsta stig, miðstig og elsta stig. Skólahljómsveit Kópavogs hefur aðsetur í íþróttahúsinu í Digranesi.

10.5 Menningarmál

Miðbær Kópavogs verði eflður og þar verði miðstöð menningar í bænum.

Salurinn, Tónlistarhús Kópavogs, fyrsti og eini sérhannaði tónleikasalur landsins, var tekinn í notkun 2. janúar 1999. Tónlistarhús Kópavogs er hluti af menningarmiðstöð bæjarins sem stendur á Borgarholtinu við hlið Gerðarsafns.

Frá því að Salurinn var tekinn í notkun hafa verið haldnir að meðaltali tvennir tónleikar í viku, fjöldi ráðstefna af ýmsu tagi, námskeið, verðlaunaafhendingar, alþjóðlegt skákmót og píanókeppni svo fátt eitt sé talið. Salurinn rúmar 300 manns í sæti, 200 í sal og 100 á svölum.

Tónleikahald í Salnum er afar fjölbreytt og hefur hann hlotið mikið lof fyrir góðan hljómburð og vandaða tónleika. Hann er vel búinn tækjum og þar eru m.a. tveir flyglar. Fullkomið fjölrása upptökuver er tengt Salnum. Einstaklega vandað hljóðkerfi Salarins gerði það m.a. mögulegt að halda fyrstu alþjóðlegu Raf- og Tölvutónlistarhátíðina, ART2000, sem haldin hefur verið hér á landi.

Á skipulagstímabilinu verði lokið byggingu menningarmiðstöðvar sunnan Tónlistarhúss Kópavogs. Í menningarmiðstöðinni er gert ráð fyrir miðstöð fyrir bókasafn Kópavogs en jafnframt er gert ráð fyrir að opna útibú frá safninu í Linda-skóla. Þá er gert ráð fyrir að Náttúrufræðistofa Kópavogs flytji í menningarmiðstöðina.

10.6 Félagsmál

Höfuðmarkmiðið með starfsemi félagsþjónustu Kópavogs er að hjálpa fólki til sjálfshjálpar.

Félagsþjónusta Kópavogs fer með framkvæmd félagsmála í bæjarfélaginu. Aðsetur félagsþjónustunnar er í Fannborg 4 en stefnt er að því að opna útibú í austurhluta bæjarlandsins.

Höfuðmarkmiðið með starfsemi stofnunarinnar er að hjálpa fólki til sjálfshjálpar með ráðgjöf, upplýsingum og endurhæfingu svo og með nauðsynlegri fjárhagsaðstoð. Reynt er að leggja áherslu á hvers konar félagsstarf sem spornar við félagslegum vandkvæðum. Starfsemi félagsþjónustunnar er mjög umfangsmikil og undir hana heyra fjölskyldudeild, húsnæðisdeild, þjónustudeild fatlaðra, öldrunardeild, daggæsludeild og rekstrardeild. Í aðalskipulaginu er eingöngu fjallað um gæsluvelli og þann þátt starfsins sem snýr að húsnæðismálum.

Einstaklingar verði aðstoðaðir við húsnæðisöflun.

Í árslok 2000 voru 357 félagslegar eignaríbúðir í Kópavogi. Á húsnæðisnefndinni hvílir innlausnarskylda og hún hefur forkaupsrétt á íbúðunum. Í bæjarfélaginu eru 257 leigu- og kaupleiguíbúðir, þ.e. leiguíbúðir með kauprétti. Af ofantöldum íbúðum eru 84 sérstaklega ætlaðar eldri íbúum bæjarfélagsins.

Í elsta hluta bæjarins er þjónustukjarninn Gjábakki sem ætlað er að sinna félagslegri þjónustu við aldraða á miðbæjarsvæðinu. Samskonar þjónustukjarni er í Gullsmára og stefnt er að slíkri uppbyggingu í nýjum íbúðarhverfum.

Mikilvægt er að í nýjum hverfum sé fjölbreytt framboð af íbúðarhúsnæði sem hentar öllum aldurs- og þjóðfélagshópum. Það er því stefna bæjaryfirvalda að gera íbúabyggð eins fjölbreytta og mögulegt er. Stefnt er að uppbyggingu fjölþættra þjónustuúrræða fyrir fatlaða, aldraða og aðra sem þurfa á sérstakri þjónustu að halda. Má þar nefna uppbyggingu sambýla, hjúkrunarheimila, íbúða fyrir aldraða og fatlaða. Með þessu móti er þjónusta alla jafna í nálægð við íbúa og hluti af íbúabyggðinni.

Félagsþjónustunni ber að aðstoða þá sem á leiguhúsnæði þurfa að halda eins og kostur er. Er stefnt að því að á hverju ári bætist við ákveðinn fjöldi leiguíbúða, þannig að hægt sé að sinna húsnæðisþörf þeirra sem búa við erfiðust kjör. Þessar íbúðir eru keyptar sem víðast í íbúðarhverfum þannig að þær dreifist í öll íbúðarhverfi bæjarins.

Byggður verði gæsluvöllur í hverjum bæjarhluta.

Í Kópavogi voru fimm gæsluvellir í upphafi skipulagstímabilsins, einn í vesturbæ, þrír í austurbæ og einn í Smárum. Gert er ráð fyrir einum gæsluvelli fyrir Salahverfi og Lindahverfi og einum í nýju íbúðarhverfunum í Vatnsenda.

10.7 Heilbrigðismál

Ein heilsugæslustöð verði í hverjum bæjarhluta.

Kópavogur tilheyrir Reykjaneshéraði samkvæmt lögum um heilsugæslu númer 97/1990. Í bænum eru tvær heilsugæslustöðvar við Fannborg og í Hagasmára. Ríkissjóður greiðir 85% af byggingu og búnaði heilsugæslustöðva en bæjarsjóður 15%.

Gert er ráð fyrir heilsugæslustöðvum í Linda- og Salahverfi og í Vatnsendalandi.

Gert er ráð fyrir heilsugæslustöð í Vatnsendalandi og verður lóð hennar afmörkuð í deiliskipulagi. Bæjaryfirvöld hafa farið þess á leit við ríkisvaldið að heilsugæslustöð verði í Linda- eða Salahverfi.

10.8 Kirkjur

Miðað er við að nýju hverfin austan Reykjanesbrautar geti orðið nýjar kirkjusóknir.

Þess vegna er í skipulagi tekið frá land fyrir kirkju í Lindahverfi og í Vatnsendalandi.

Kópavogur tilheyrir Reykjavíkurborgarprófastsdæmi eystra en í bænum eru þrjár kirkjusóknir; Kársnessókn, Digranessókn og Hjallasókn. Í Kópavogi eru einnig starfandi Vegurinn – kristið samfélag, Krossinn – kristilegt starf og KEFAS.

Hafin er gerð um 14 hektara kirkjugarðs á landfyllingum í Leirdal og er áætlað að hann verði tekinn í notkun árið 2003. Fjöldi grafa verður um 15 þúsund.

Í skipulagi er tekið frá land fyrir kirkju í Lindahverfi og í Vatnsendalandi. Í deiliskipulagi Lindahverfis er afmörkuð lóð fyrir sóknarkirkju og einnig er gert ráð fyrir kirkju í Vatnsendalandi. Lóð hennar verður afmörkuð í deiliskipulagi.

11 Viðaukar

Í viðaukum er yfirlit yfir breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012 og skrá yfir heimildir, kort, gröf og ljósmyndir.

11.1 Breytingar á landnotkun

Aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012 var breytt 16 sinnum eftir staðfestingu þess árið 1994. Veigamestu breytingarnar voru vegna deiliskipulags í Fífuhammslandi (Linda- og Salahverfum). Textinn með staðfestu breytingunum hér að neðan er sá sami og í gögnunum sem voru kynnt og auglýst á sínum tíma. Sjá nánar viðkomandi gögn.

Helstu tillögur um breytingar á landnotkun í þessari endurskoðun eru vegna breyttrar afmörkunar byggingarlands í Vatnsenda. Nokkrar breytingar eru vegna nýrrar skilgreiningar í reglugerð en þær eru ekki eiginlegar landnotkunarbreytingar. Dæmi um það er bæjarverndin (hverfisvernd). Sjá kafla 6.1. Þær breytingar eru ekki á listanum hér að neðan.

11.1.1 Staðfestar breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012:

1. Engihjalli 6, opið svæði. Við afgreiðslu Aðalskipulags Kópavogs 1992-2012 var kveðið á um landnotkun á lóðinni Engihjalli 6 sbr. staðfest landnotkunarkort. Bæjaryfirvöld hafa nú ákveðið að lóðin skuli auðkennd sem opið svæði til sérstakra nota, þ.e. almenningsgarður. Samþykkt í bæjarstjórn 24. maí 1994 og Skipulagsstjórn ríkisins 22. júní 1994.
2. Fífuhammsland, tenging við Reykjanesbraut. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir nýrri tengibraut frá Reykjanesbraut í austur inn í Fífuhammsland (norðan skeiðvallar Gusts) að Lindarvegi. Ennfremur gerir breytingin ráð fyrir tengingu frá fyrirhuguðum áningarstað austan Reykjanesbrautar (við Bæjarlind) inn á Reykjanesbraut. Samþykkt í bæjarstjórn 25. október 1994 og staðfest af Umhverfissráðuneytinu 27. mars 1995.
3. Nónhæð, Arnarsmári 32. Í breytingunni felst að lóðin Arnarsmári 32 verður auðkennd sem verslunar- og þjónustulóð (m.a. bensínsala) í stað lóðar með blandaða landnotkun þ.e. opinber þjónusta og opið svæði til sérstakra nota. Samþykkt í bæjarstjórn 13. september 1994, Skipulagsstjórn ríkisins 15. mars 1995 og staðfest af Umhverfissráðuneytinu 18. apríl 1995.
4. Fífuhammsland, Lindir II og III. Breytingin nær til svæðis sem afmarkast af Reykjanesbraut í vestur og norður, lögsögumörkum Kópavogs og Reykjavíkur í austur (Púfuseli, Þrándarseli, Strýtuseli, Stuðlaseli) og fyrirhuguðum Fífuhammsvegi í suður. Breytingin felst í eftirfarandi:
 - Fyrirhuguð tengibraut frá Fífuhammsvegi að Stekkjarbakka í Reykjavík er færð vestar þ.e. nær Reykjanesbraut.
 - Fallið er frá hugmyndum um miðhverfi austan Reykjanesbrautar, svæðið verði fyrir blandaða landnotkun. Þ.e. verslun, þjónusta, stofnanir og opið svæði til sérstakra nota.
 - Svæði með blandaða landnotkun fyrir norðan fyrirhugaðan Fífuhammsvegi er minnkað þannig að hluti þess, næst fyrirhuguðum Fífuhammsvegi verður íbúðarsvæði.
 - Opið svæði milli fyrirhugaðra íbúðarsvæða er stækkað og annars vegar auðkennt sem opið svæði og hins vegar sem opið svæði til sérstakra nota.
 - Afmörkun fyrirhugaðra íbúðarsvæða breytist:

Syðra íbúðarsvæðið Lindir II er stækkað til austurs að lögsögumörkum Kópavogs og Reykjavíkur.

Nyrðra íbúðarsvæðið Lindir III er stækkað til vesturs að fyrirhugaðri tengibraut milli fyrirhugaðs Fífuhammsvegar og Stekkjarbakka.

Norðurmörk nyrðra íbúðarsvæðisins eru færð sunnar þ.e. fjær Reykjanesbraut og opið svæði stækkað sem því nemur.

- Svæði með blandaða landnotkun milli Reykjanesbrautar og fyrirhugaðrar tengibrautar er stækkað til norðurs þannig að opið svæði við Reykjanesbraut er minnkað sem því nemur. Ennfremur er svæðið stækkað til suðurs og miðhverfið fellt út samanber lið 2 hér að ofan.
 - Gert er ráð fyrir trjárækt á opna svæðinu sunnan Reykjanesbrautar.
 - Hverfisverslun Núpaland 1.
 - Leikskólalóð sem hugsuð var efst á Urðarholti er færð sunnar að grunn-skólalóð.
Samþykkt í bæjarráði 28. júlí 1995, Skipulagsstjórn ríkisins 17. ágúst 1995 og staðfest af Umhverfisstofnun 12. september 1995.
5. Birkigrund 1B, Birkihlíð. Í breytingunni felst að opna svæði til sérstakra nota (svæðinu þar sem Gróðrarstöðin Birkihlíð stóð) er breytt í íbúðarsvæði.
Samþykkt í bæjarstjórn 23. apríl 1996, Skipulagsstjórn ríkisins 8. maí 1996 og staðfest af Umhverfisstofnun 7. ágúst 1996.
6. Vatnsendaland. Um eftirfarandi breytingar er að ræða: Lega tengibrautar breytist, vestara athafnasvæðið stækkar en austara athafnasvæðið minnkar, afmörkun íbúðarsvæðis breytist og það stækkar til norðurs. Samþykkt í bæjarstjórn 11. febrúar 1997, Skipulagsstjórn ríkisins 19. mars 1997 og staðfest af Umhverfisstofnun 4. apríl 1997.
Við þessa endurskoðun aðalskipulagsins er lögð til breyting á staðfestingunni frá 1997. Sjá nánar lið 54 í „helstu breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs“ á bls. 40.
7. Fífuhvammaland, Salir. Breytingin nær til svæðis sem afmarkast af Hádegishólum og byggð í Lindum í vestur, lögsögumörkum Kópavogs og Reykjavíkur í norður, mörkum Vatnsendalands og Fífuhvammalands við Markastein í austur og Rjúpnahlíð og Hnoðraholt í suður. Breytingin felst í eftirfarandi:
- Arnarnesvegur er færður norðar og tengibraut felld út allt frá Leirdalsbotni að Jaðarseli.
 - Verslunar- og þjónustusvæði fellt út.
 - Iðnaðarsvæði í Rjúpnadal felld út.
 - Gert er ráð fyrir 9 holu golfvelli í Litla-Leirdal.
 - Afmörkun fyrirhugaðs kirkjugarðs í Hádegishólum er breytt með tilvísun í ítarlegri afmörkun.
 - Afmörkun íþróttasvæðis breytist.
 - Afmörkun íbúðarsvæðis breytist. Milli þess og íþróttasvæðis er gert ráð fyrir hverfisþjónustu og leikskóla.
 - Afmörkun íbúðarsvæðis breytist og það færð í norðaustur. Sjá ennfremur lið þrjú hér á undan.
 - Göngu- og reiðleiðir breytast.
- Samþykkt í skipulagsnefnd 2. júní 1998, í bæjarstjórn 9. júní 1998, afgang af Skipulagsstofnun 1. júlí 1998 og staðfest af umhverfisstofnun 26. ágúst 1998.
8. Álfatún 2, leikskólalóð. Í breytingunni felst að íbúðarlóð og hluti opins svæðis austan hennar verður að stofnanalóð og opna svæði til sérstakra nota, þ.e. blönduð landnotkun. Samþykkt í skipulagsnefnd 13. júlí 1999, í bæjarstjórn 20. júlí 1999, afgang af Skipulagsstofnun 16. ágúst 1999 og staðfest af umhverfisstofnun 4. október 1999.
9. Vatnsendablettur 241a. Í tillögunni felst að gerð verði íbúðarlóð á svæði sem áður var skilgreint sem opið svæði. Samþykkt í skipulagsnefnd 30. nóvember 1999, í bæjarstjórn 2. desember 1999, afgang af Skipulagsstofnun 29. desember 1999 og staðfest af Umhverfisstofnun 9. mars 2000.
10. Endurvinnslustöð Sorpu við Dalveg. Í tillögunni felst að á umræddri lóð verði starfrækt móttökustöð Sorpu fyrir úrgang. Í breytingunni felst að svæðið verður skilgreint sem iðnaðarsvæði skv. grein 4.7.1. í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 í stað opins svæðis áður. Samþykkt í skipulagsnefnd 14. desember 1999, í bæjarstjórn 20. desember 1999, afgang af Skipulagsstofnun 29. desember 1999 og staðfest af Umhverfisstofnun 9. mars 2000.
11. Leikskóli við Kópavogsbraut. Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir leikskólalóð suðaustan gatnamóta Kópavogsbrautar og Urðarbrautar með aðkomu frá Kópavogsbraut. Í breytingunni felst að opið svæði og stofnanasvæði verður opið svæði til sérstakra nota og stofnanasvæði. Samþykkt í skipulagsnefnd 18. janúar 2000, í bæjarstjórn 25. janúar 2000, afgang af Skipulagsstofnun 8. febrúar 2000 og staðfest af umhverfisstofnun 14. apríl 2000.

Lega stíga meðfram Urðarbraut og Kópavogsbraut er breytt í kjölfar þessa. Sjá nánar lið 10 í „helstu breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs“ á bls. 39.

12. Vatnsendi, lóð KEFAS. Í breytingunni felst að umrætt land verði skilgreint sem stofnanalóð í stað opins svæðis. Samþykkt í skipulagsnefnd 21. mars 2000, í bæjarstjórn 28. mars 2000, afgreitt af Skipulagsstofnun 17. apríl 2000 og staðfest af umhverfisráðuneytinu 10. maí 2000.
13. Leikskólalóð við Dalsmára í Kópavogsdal. Í tillögunni felst að opið svæði til sérstakra nota verður blanda af opnu svæði til sérstakra nota og stofnanasvæði. Samþykkt í skipulagsnefnd 25. júlí 2000, í bæjarstjórn 27. júlí 2000, afgreitt af Skipulagsstofnun 4. ágúst 2000 og staðfest af Umhverfisráðuneytinu 20. september 2000.
14. Félagssvæði H.K. og Víkings í Fossvogsdal. Í tillögunni felst að félagssvæði Handknattleiksfélags Kópavogs í Fossvogsdal er stækkað til austurs og norðurs (að hluta í lögsögu Reykjavíkur), þannig að opið svæði verður að opnu svæði til sérstakra nota. Jafnframt nær tillagan til breyttrar landnotkunar á félagssvæði Knattspyrnufélagsins Víkings, sem stækkar til suðurs (í lögsögu Kópavogs), þannig að opið svæði verður að opnu svæði til sérstakra nota. Samþykkt í skipulagsnefnd 5. september 2000, í bæjarstjórn 28. nóvember 2000, afgreitt af Skipulagsstofnun 21. desember 2000 og staðfest af Umhverfisráðuneytinu 5. janúar 2001.
15. Vatnsendi milli vatns og vegar. Í tillögunni felst eftirfarandi breyting á landnotkun: Afmörkun landbúnaðarsvæða og opinna svæða breytast og inn koma svæði fyrir íbúðarbyggð og opin svæði til sérstakra nota. Gönguleiðir meðfram vatni er óbreyttar en þeim fjölgar inni á svæðinu. Einnig er bætt við undirgöngum við Vatnsendaveg og reiðleiðum. Hluti reiðleiðar í norðvesturhorni svæðisins er felld út. Gert er ráð fyrir um 1,5 íbúð á ha. að meðaltali.

Svæðið er innan vatnsverndarsvæðis, fjarsvæðis B og framkvæmdir innan þess þurfa að vera í samræmi við þær reglur sem um það svæði gilda. Fráveita verður í samræmi við tillögur sem koma fram í Greinargerð 3 (Vatnsendahverfi. Greinargerð um fyrirhugaða fráveitu skolps og ofanvatns og áhrif byggðar á lífríki og vistfræði Elliðavatns. Hönnun hf. Verkfræðistofa og Fiski-Rannsóknir og ráðgjöf, október 2000) og samþykkt var af bæjarstjórn Kópavogs 9. nóvember 2000.

Á fundi bæjarstjórnar Kópavogs þann 9. nóvember voru samþykktar eftirfarandi breytingar á auglýstri tillögu að breyttu aðalskipulagi:

- Fyrirhuguð leikskólalóð á Vatnsendabletti 5 er felld út. Í staðinn verður gert ráð fyrir leikskólanum á norðursvæðinu þ.e. ofan Vatnsendavegar. Blönduð landnotkun, stofnanasvæði og opið svæði til sérstakra nota verður opið óbyggt svæði eins og það er í gildandi aðalskipulagi. Áætluð reiðleið í gegnum umrætt leiguland færir sunnar að fyrirhuguðum vegi og gönguleið.
- Felld er út fyrirhuguð íbúðarlóð við vatnið sunnan Gilsbakka og austan við Vatnsendablett 6. Grátt svæði verður opið óbyggt svæði eins og það er í gildandi aðalskipulagi.
- Opið svæði til sérstakra nota við Kríunes verður felld út. Verður opið óbyggt svæði.
- Íbúðarreitur að Vatnsendabletti 23 er stækkaður um 5 metra til suðurs og 3 metra til austurs miðað við auglýsta tillögu.
- Uppfylling – bátalægi við Elliðavatn er, samkvæmt ábendingu Skipulagsstofnunar, bætt inn á landnotkunarkort aðalskipulagsins í samræmi við tillögu að deiliskipulagi svæðisins milli vatns og vegar.

Á fundi bæjarstjórnar Kópavogs þann 27. febrúar 2001 voru síðan eftirfarandi breytingar samþykktar:

- Uppfylling – bátalægi felld út.
- Íbúðarsvæði felld út eða minnkað og verður opið svæði eins og það er í gildandi aðalskipulagi.

Auk þessa var samþykkt að við endurskoðun Aðalskipulags Kópavogs 2000 - 2012 verði Elliðavatn sett undir bæjarvernd (hverfisvernd) í samræmi við gr. 4.22 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998. Einnig að með tilvísan í gr. 4.15.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 verði afmarkað belti meðfram Elliðavatni sem verði að jafnaði 50 metra breitt, einkonar helgunarsvæði vatnsins, og þar verði ekki heimilaðar nýjar lóðir fyrir íbúðarhús.

Samþykkt í skipulagsnefnd 6. febrúar 2001, í bæjarstjórn 27. febrúar 2001, afgreitt af Skipulagsstofnun 2. mars 2000 og staðfest af Umhverfissráðuneytinu 20. mars 2001.

16. Vatnsendahvarf. Athafnasvæði. Breytingin nær til svæðis sem markast í norður af bæjarmörkum Kópavogs og Reykjavíkur við Breiðholtsbraut, íbúðarsvæði í Hvörfum til austurs, landi Landssímans í suður og til vesturs markast skipulagssvæðið af lögsögumörkum Kópavogs og Reykjavíkur við fyrirhugaðan Arnarnesveg í vestanverðu Vatnsendahvarfi.

Aðalskipulagsbreytingin varðaði eftirtalin atriði:

- Landnotkun fyrir verslun, þjónustu, iðnaðarstarfsemi og opin svæði breytist lítillega.
- Lega tengibrautar breytist og tengist hún jafnframt fyrirhuguðum Arnarnesvegi.
- Breyting verður á legu fyrirhugaðs Arnarnesvegar í vestanverðu Vatnsendahvarfi og verður hann að hluta innan lögsögu Kópavogs. Gert er ráð fyrir mismögum gatnamótum fyrirhugaðs Arnarnesvegar og Breiðholtsbrautar.
- Göngu- og reiðleiðir breytast. Í tengslum við þær er gert ráð fyrir undirgöngum undir tengibraut og brú yfir Dimmu við Breiðholtsbraut.

Samþykkt í skipulagsnefnd 18. september 2001, í bæjarstjórn 25. september 2001, afgreitt af Skipulagsstofnun 17. október 2001 og staðfest af Umhverfissráðuneytinu 5. desember 2001.

11.1.2 Helstu breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012 með staðfestingu þessa skipulags.

Vesturbær

1. Kópavogshöfn: Breytt afmörkun norðurkants hafnarsvæðisins. Sjá nánar kafla 7.4.
2. Hafnarbraut, endurbótasvæði. Sjá nánar kafla 7.3.3.
3. Kársnesbraut, Hafnarbraut og Vesturvör: Blönduð landnotkun íbúðarsvæðis og athafnasvæðis í stað iðnaðarsvæðis. Einnig er gert ráð fyrir stofnanalód norðan Kársness vegna leikskóla. Sjá nánar kafla 4.2.
4. Kársnes: Íbúðarhverfi á um sjö hektara landfyllingu við norðanvert nesið. Sjá nánar kafla 4.2. Einnig er gert ráð fyrir að strandstígurinn liggja utan með byggðinni.
5. Kársnesbraut, lóð Vita- og hafnamálastofnunar: Athafnalóð í stað iðnaðarlóðar.
6. Kópavogsbraut, lóð Þinghólsskóla: Stofnanasvæði stækkar til austurs og opið svæði til sérstakra nota minnkar sem því nemur.
7. Sunnubraut: Lóð dælustöðvar við enda Sunnubrautar. Leiðrétting á staðsetningu en ekki breyting.
8. Þinghólsbraut 19-21. Var verslunarlóð, verður íbúðarlóð.
9. Urðarbraut 30. Ekki eiginleg landnotkunarbreyting því lóðin er verslunarlóð og er skilgreind sem slík sbr. þá afstöðu sem kemur fram í 7. kafla.
10. Kópavogsbraut, Urðarbraut: Breytt lega göngustíga við Kópavogsbraut og Urðarbraut í kjölfar stækkunar lóðar leikskólans Stubbasels. Sjá einnig lið 11 í staðfestum breytingum á landnotkun Aðalskipulags Kópavogs 1992-2012.
11. Sæbólsbraut: Óbyggt svæði í stað íbúðarsvæðis.
12. Sæbólsbraut: Opið svæði til sérstakra nota (leiksvæði) í stað íbúðarsvæðis.
13. Fossvogsléiran verður bæjarverndað svæði. Sjá nánar kafla 6.1.

Austurbær

14. Lundur. Hafði blandaða landnotkun, landbúnaðarsvæði og stofnanasvæði auk þess sem skipulagi var frestað á vesturhluta svæðisins. Verður verslunar og þjónustusvæði næst Nýbýlavegi en opið svæði þar fyrir norðan.
15. Nýbýlavegur, endurbótasvæði. Óbreytt skilgreining á landnotkun en svæðið verður endurbótasvæði milli Auðbrekku og Nýbýlavegar. Sjá nánar kafla 7.3.2.
16. Nýbýlavegur: Trjálundir beggja vegna Nýbýlavegar við Birkigrund og Laufbrekku verða bæjarverndað svæði.
17. Hjallabrekka 2: Verslunar- og þjónustulóð verður íbúðarlóð og verslunar- og þjónustulóð.

18. Birkigrund, Reynigrund: Opið svæði til sérstakra nota verður óbyggt svæði.
19. Daltún, Furugrund: Opið svæði til sérstakra nota verður óbyggt svæði.
20. Daltún, Brekkutún: Opið svæði til sérstakra nota verður óbyggt svæði.
21. Grænatún 3, leikskólalóð: Lóðin stækkuð til norðurs. Opið svæði til sérstakra nota verður svæði fyrir þjónustustofnun.
22. Fossvogsdalur neðan Kjarrhólma og Smiðjuhverfis: Skipulagi var frestað þar vegna Fossvogsbrautar en frestunin er felld niður við þessa endurskoðun aðalskipulagsins.
23. Digranesheiði 6. Lóð vatnstanksins verður skilgreind sem lóð fyrir þjónustustofnun en ekki íbúðarlóð.
24. Svæði milli Digranesskóla og íbúðarbyggðar við Álfaheiði: Var blönduð landnotkun, stofnanasvæði, opið svæði til sérstakra nota og að hluta til íbúðarsvæði. Verður óbyggt svæði.
25. Digranesbærinn ofan Heiðarhjalla. Var blönduð landnotkun, stofnanasvæði og opið svæði til sérstakra nota en verður óbyggt svæði og bæjarverndað svæði.
26. Grjótnám norðan Smiðjuvegur sem er minjar um atvinnubótavinnu frá þriðja áratug 20. aldar. Verður bæjarverndað svæði. Sjá nánar kafla 6.1.
27. Smiðjuhverfi: Aðalstígur sem lá um Skemmuveg (Svarta götu) verður austan Smiðjuhverfis.
28. Dalvegur, Nýbýlavegur: Brú eða undirgöng á tveimur stöðum við gatnamót Dalvegur og Nýbýlavegar. Lega aðalstígs breytist líka á þessu svæði.
29. Vogatunga, Digranesvegur: Íbúðarsvæði verður opið svæði til sérstakra nota.
30. Trjálundur milli Reynihvams og Digraneskirkju verða bæjarvernduð svæði. Sjá nánar kafla 6.1.
31. Dvöl við Reynihvamm verður lóð fyrir þjónustustofnun í stað opins svæðis til sérstakra nota.
32. Engihjalli 8: Blönduð landnotkun, stofnanir og verslun og þjónusta, verður eingöngu verslun og þjónusta.
33. Hlíðarhjalli, Fagrihjalli, Furuhjalli, Fífuhjalli: Opið svæði til sérstakra nota verður óbyggt svæði.
34. Hólahjalli, Heiðarhjalli: Íbúðarsvæði verður opið svæði.
35. Hlíðarhjalli, Blikahjalli: Íbúðarsvæði verður opið svæði.
36. Kópavogsdalur, skátaheimili: Breytingin byggir á samþykktari breytingu á deiliskipulagi frá desember 1997. Óbyggt svæði verður opið svæði til sérstakra nota.

Smárinn

37. Engjaborg við Fífuhvammsveg sem var landamerki milli Kópavogs, Digraness, Fífuhvamms og Arnarness verður bæjarverndað svæði. Sjá nánar kafla 6.1.
38. Fífuhvammsvegur: Brú eða undirgöng suðvestan íþróttasvæðis Breiðabliks. Lega aðalstígs breytist líka næst brúnni eða undirgöngunum.
39. Smáratorg: Blönduð landnotkun, verslunar- og þjónustusvæði og iðnaðarsvæði, verður miðsvæði.
40. Smárinn, sunnan Smáralindar: Blönduð landnotkun, verslunar- og þjónustusvæði og iðnaðarsvæði, verður verslunar- og þjónustusvæði.
41. Dalvegur. Iðnaðarsvæði verður verslunar- og þjónustusvæði. Tveir hlutar þess verða ennfremur endurbótasvæði. Sjá nánar kafla 7.3.1.
42. Fífuhvammsvegur og Smárahvammsvegur. Undirgöng eða brú milli Smáratorgs og Smáralindar og milli Gullsmára og Smáralindar.
43. Dalvegur. Opið svæði til sérstakra nota. Breytt afmörkun næst Nýbýlavegi. Opið svæði og helgunarsvæði verða opið svæði til sérstakra nota.

Lindir og Salir

44. Athafnasvæði í Lindum I. Var iðnaðarsvæði en verður athafnasvæði.
45. Bæjarlind: Var blönduð landnotkun, verslunar- og þjónustusvæði og iðnaðarsvæði, en verður eingöngu verslunar- og þjónustusvæði.
46. Lindir IV: Var blönduð landnotkun, verslunar- og þjónustusvæði, stofnanasvæði og opið svæði til sérstakra nota, en verður miðsvæði.
47. Lindarvegur, Funalind: Stígur sem átti að liggja frá Funalind að Lindarvegi er felldur niður sem aðalstígur. Í stað hans mun aðalstígurinn liggja meðfram Lindarvegi. Áfram verður stígur milli Funalindar og Lindarvegur þó hann sé ekki skilgreindur sem aðalstígur.

48. Funalind 2 og 4 og opin svæði við Funalind og Fitjalind. Verslunarlóð, stofn-
analóð og opin svæði til sérstakra nota. Hafði áður blandaða landnotkun
stofnanasvæða og opinna svæða til sérstakra nota. Funalind 2 er skilgreind
sem verslunarlóð í samræmi við þá afstöðu sem kemur fram í 7. kafla.
49. Arnarnesvegur: Brú eða undirgöng á móts við syðsta botnlangann í Fjallalind.
50. Fífuhvamsvegur, kirkjulóð. Nánari útfærsla á skipulagi sem var staðfest 26.
ágúst 1998.
51. Reiðleiðir í Linda- og Salahverfum eru skv. samkomulagi Kópavogsbæjar og
Hestamannafélagsins Gusts frá janúar 1998.
52. Sel í Fífuhvamslandi ofan golfvallar verður bæjarverndað svæði. Sjá nánar
kafla 6.1.
53. Rjúpnasalir 1. Ekki eiginleg landnotkunarbreyting því lóðin er verslunarlóð og
er skilgreind sem slík sbr. þá afstöðu sem kemur fram í 7. kafla.

Vatnsendi

54. Vatnsendi: Afmörkun svæða er í samræmi við drög að deiliskipulagi sem hafa
verið unnin samhliða aðalskipulaginu. Deiliskipulagsvinnan er nauðsynlegur
grunnur fyrir tillögum sem settar eru fram í 4. kafla greinargerðarinnar.
55. Vatnsendavatn/Elliðavatn, innan lögsögu Kópavogs, verður bæjarverndað
svæði. Sjá nánar kafla 6.1.
56. Vatnsendi, Dimmuhvarf: Aðalgöngustígur verður eftir Dimmuhvarfi en ekki
meðfram árbakkanum.
57. Leiksvæði milli Dimmuhvarfs og Melahverfis: Var íbúðarsvæði en verður opið
svæði til sérstakra nota.
58. Beitarhús og rúst suðaustan Vatnsvíkur í Vatnsendavatni. Verður bæjarvernd-
að svæði. Sjá nánar kafla 6.1.
59. Trjálundur við Laxatanga. Verður bæjarverndað svæði. Sjá nánar kafla 6.1.
60. Vatnsendahlíð: Nýir aðalstígar vestan, sunnan og austan við Vatnsendahlíð.
61. Vatnsendablettur 206: Óbyggt svæði verður hluti íbúðarlóðar.

Austursvæði

Landnotkun á austursvæðum sýnd í fyrsta sinn í Aðalskipulagi Kópavogs og er
strangt til tekið ný þar sem hún hefur ekki verið staðfest fyrr. Ákvörðun um land-
notkun á austursvæðunum byggir að mestu leyti á þeirri landnotkun sem þar hef-
ur verið í áranna rás. Landnotkun þar byggir á ýmsum forsendum, t.d. samkomu-
lagi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um vatnsvernd, lögum um fólkvanga
og friðlýst svæði og samþykktir Kópavogsbæjar um starfsemi á svæðinu.

Tillögur um bæjarvernduð svæði í landi Lækjarbotna og Geirlands verður að
geta sérstaklega:

62. Fjánhús, rétt, sel, fjárból og rúst í Gömlubotnum í landi Lækjarbotna verður
bæjarverndað svæði. Sjá nánar kafla 6.1.
63. Heimagrafreitur, rúst og bæjarstæði á Túnhól. Verður bæjarverndað svæði.
Sjá nánar kafla 6.1.
64. Umhverfi Botnalækjar í landi Lækjarbotna og hraunjaðarinn vestan við lækinn
verður bæjarverndað svæði. Sjá nánar kafla 6.1.
65. Geirland. Landnotkun gefur möguleika á stækkun á þeirri aðstöðu sem er í
Geirlandi .

Gatnakerfi

66. Ný stofnbraut í göngum milli Reykjanesbrautar og Hafnarfjarðarvegur og
tvenn mislæg gatnamót. Sjá nánar kafla 8.3.
67. Lindarvegur: Gatan er færð til norðurs á kaflanum milli Lindahverfis og
Reykjanesbrautar.
68. Arnarnesvegur: Breytt lega í Vatnsendahvarfi. Mislæg gatnamót við Breið-
holtsbraut eru öll innan Reykjavíkur. Sjá nánar kafla 8.3.

11.2 Heimildir

Gerð aðalskipulags byggir á fjölmörgum lögum og reglugerðum og fjölda inn-
lendra og erlendra heimilda.

1. Akureyrarbær: Aðalskipulag Akureyrar 1998-2018 á vefsíðu bæjarins,
www.akureyri.is.

2. Alta ehf.: Minnisblað um Staðardagskrá 21 í Kópavogi, dags. 3. september 2001.
3. Alþingi Íslendinga: Lagasafn á heimasíðu Alþingis, www.althingi.is.
4. Árbæjarsafn: Fornleifaskrá Reykjavíkur, útg. 1995.
5. Borgarskipulag Reykjavíkur og Borgarverkfræðingurinn í Reykjavík: Aðalskipulag Reykjavíkur 1996-2016, útg. 1997.
6. Borgarskipulag Reykjavíkur: Tillaga að Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024. Kynning á heimasíðu Reykjavíkur, www.rvk.is.
7. Byggingarfulltrúi Kópavogs – upplýsingar um íbúðafjölda, fermetrafjölda og aldur bygginga.
8. Bæjarráð Kópavogs: Fundargerðir á heimasíðu Kópavogs, www.kopavogur.is.
9. Bæjarskipulag Kópavogs: Aðalskipulag Kópavogs 1988-2008, útg. 1990.
11. Bæjarskipulag Kópavogs: Aðalskipulag Kópavogs 1992-2012, útg. 1994.
12. Bæjarskipulag Kópavogs: Deiliskipulag Salahverfis, samþ. 1999.
13. Bæjarskipulag Kópavogs: Hverfaskipulag austurbæjar Kópavogs, útg. 1994.
14. Bæjarskipulag Kópavogs: Hverfaskipulag vesturbæjar Kópavogs, útg. 1990.
15. Bæjarskipulag Kópavogs: Útivistarsvæði Kópavogs, útg. 1998.
16. Bæjarskipulag Kópavogs: Skjala- og teikningasafn.
17. Bæjarskipulag Kópavogs: Kópavogsbær. Staðardagskrá 21. Stöðumat 2000.
18. Bæjarskipulag Kópavogs: Fundargerð frá borgarafundi 9. maí 2001.
19. Bæjarstjórn Kópavogs: Fundargerðir á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is.
20. Félagssvið Kópavogs: Ársskýrsla 1998.
21. Fjármála- og hagsýsludeild Reykjavíkurborgar: Árbækur Reykjavíkur 1974-1999.
22. Fornleifafræðistofan ehf.: Fornleifaskrá Kópavogs, útg. 2000.
23. Fornleifafræðistofan ehf.: Vatnsendi, snið í túngarð. Skýrsla um prufuholugróft haustið 2000, útg. 2000.
24. Garðabær: Aðalskipulag Garðabæjar 1995-2015, útg. 1998.
25. Gylfi Gröndal: Við byggðum nýjan bæ. Endurminningar Huldu Jakobsdóttur, útg. AB, 1988.
26. Hafnarfjarðarbær: Aðalskipulag Hafnarfjarðar 1995-2015, útg. 1998.
27. Hagstofa Íslands: Yfirlit yfir mannfjölda á vefsíðu Hagstofunnar, www.hagstofa.is.
28. Hagstofa Íslands: Tölur um vinnumarkað á vefsíðu Hagstofunnar, www.hagstofa.is.
29. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Mótun umhverfisstefnu – Selfossbær, www.su-durland.is/hs.
30. Heilbrigðisráðuneytið: Lög og reglugerðir á heimasíðu ráðuneytisins – www.stjr.is/interpro/htr/htr.nsf/pages/front.
31. Hollustuvernd ríkisins: Lög og reglugerðir á heimasíðu Hollustuverndar, www.hollver.is.
32. Huliðsvættakort fyrir Kópavogskaupstað eftir Erlu Stefánsdóttur, sjáanda og Kolbrúnu Þóru Oddsdóttur, landslagsarkitekt. Kortið er ódagsett en var líklega unnið árið 1992.
33. Hönnun hf. og Fiski-Rannsóknir og ráðgjöf: Vatnsendahverfi. Greinargerð um fyrirhugaða fráveitu skólps og ofanvatns og áhrif byggðar á lífríki og vistfræði Elliðavatns, útg. október 2000.
34. Hönnun hf.: Landfylling á Kársnesi, Kópavogi – Bryggjuhverfi. Mat á umhverfisáhrifum. Greinargerð um möguleg áhrif Bryggjuhverfis á Kársnesi, Kópavogi á umhverfi og skipulag.
35. Institute for Global Communications: Dagskrá 21, www.igc.apc.org/habitat/agenda21.
36. Institute for Global Communications: Ríó-yfirlýsingin, www.igc.apc.org/habitat/agenda21.
37. Institute for Global Communications: Staðardagskrá 21, www.igc.apc.org/habitat/agenda21.
38. Íbúabing Kópavogs vegna Staðardagskrár 21: Sigurborg Kr. Hannesdóttir fyrir umhverfissráð og Bæjarskipulag í febrúar 2001.
39. Kópavogsbær: Ársskýrsla Kópavogsbæjar 1991.
40. Kópavogsbær: Ársskýrsla Kópavogsbæjar 1997.
41. Kópavogsbær: Ársskýrsla Kópavogsbæjar 1998.
42. Kópavogsbær: Ársskýrsla Kópavogsbæjar 1999.

43. Kópavogsbær: Handbók Kópavogs 1997.
44. Kópavogsbær: Handbók Kópavogs 1998.
45. Kópavogsbær: Handbók Kópavogs 2000.
46. Kópavogskaupstaður: Rannsókn á Kópavogspingstað, útg. 1986.
47. Landupplýsingakerfi Kópavogs: Upplýsingar um fasteignir í Kópavogi.
48. Lionsklúbbur Kópavogs: Saga Kópavogs I. Saga lands og lýðs á liðnum öldum, útg. 1990.
49. Lionsklúbbur Kópavogs: Saga Kópavogs II. Frumbyggð og hreppsár 1935-1955, útg. 1990.
50. Lionsklúbbur Kópavogs: Saga Kópavogs III. Þættir úr kaupstaðarsögunni 1955-1985, útg. 1990.
51. Línuhönnun hf.: Umferðaröryggi í Kópavogi, greinargerð frá apríl 1999.
52. Línuhönnun hf.: Reykjanesbraut við Mjódd, mislæg gatnamót og tengingar. Frumdrög, 1. hluti, greinargerð, teikningar.
53. Línuhönnun hf.: Reykjanesbraut við Mjódd, mislæg gatnamót og tengingar. Frumdrög, 2. hluti, viðaukar.
54. Línuhönnun hf.: Umferðaröryggi í Kópavogi, viðauki við greinargerð frá apríl 1999.
55. Línuhönnun hf.: Reykjanesbraut við Mjódd, tvenn mislæg gatnamót. Frummat á umhverfisáhrifum, útg. maí 2000.
56. Lögsögumörk Kópavogskaupstaðar: Vinna Sigurðar Björnssonar, fyrrverandi bæjarverkfræðings, síðastliðna tvo áratugi.
57. Menntamálaráðuneyti: Lög og reglugerðir á heimasíðu ráðuneytisins, www.stjr.is/mrn/mrn.nsf/pages/forsida.
58. Náttúrufræðistofnun Íslands: Um efnisnám í landi Kópavogs, Haukur Jóhannesson, desember 1997.
59. Náttúruvernd ríkisins: Heimasíða Náttúruverndar, <http://www.natturuvernd.is>.
60. Nes Planners: Drög að nokkrum tillögum að svæðisskipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið, útg. 1999.
61. Nes Planners: Þétting byggðar á höfuðborgarsvæðinu, útg. 1999.
62. Nes Planners: Svæðisskipulag 2024 fyrir átta sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, útg. maí 2000.
63. Nes Planners: Svæðisskipulag 2024 fyrir átta sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Fylgirit um byggðina og landslagið, tölulegar forsendur, endurnýjun og þróun borgar, umferðarspár, umhverfisstefnu, framkvæmdakostnað og framkvæmd skipulagsins, útg. ágúst 2000.
64. Nes Planners: Svæðisskipulag 2024 fyrir átta sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, útg. júlí 2001.
65. Orkuveita Reykjavíkur: Heimasíða Orkuveitunnar, www.or.is.
66. Rótarýklúbbur Kópavogs: Þjóðsögur og sagnir úr Kópavogi.
67. Salurinn: Heimasíða Salarins, www.salurinn.is.
68. Samband íslenskra sveitarfélaga: Heimasíða, www.samband.is.
69. Samband íslenskra sveitarfélaga og umhverfisráðuneytið: Umhverfisáætlanir sveitarfélaga, útg. 1998.
70. Sameinuðu þjóðirnar: Sjálfbær þróun, www.un.org/esa/sustdev/.
71. Samgönguráðuneytið: Lög og reglugerðir á heimasíðu ráðuneytisins – www.stjr.is/interpro/samgongur/samgongur.nsf/pages/index.html.
72. Skipulagsnefnd Kópavogs: Fundargerðir á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is.
73. Skipulagsstofnun: Lög og reglugerðir á heimasíðu stofnunarinnar, <http://www.skipulag.is>.
74. Skipulagsstofnun: Drög að leiðbeiningariti um aðalskipulag.
75. Skipulagsstofnun: Landfylling við Kársnes, Kópavogi. Ákvörðun um matskyldu. 16. júlí 2001.
76. Skógræktarfélag Kópavogs: Afmælisrit 1999.
77. Skráningastofan: Upplýsingar um fjölda ökutækja í Kópavogi, <http://www.sks.is>.
78. Sorpa: Upplýsingar um starfsemi fyrirtækisins á heimasíðu þess, www.sorpa.is.
79. Stjórnarráð Íslands: Laga- og reglugerðasafn á heimasíðu ráðuneytanna, www.raduneyti.is/interpro/stjr/stjr.nsf/pages/index.html.
80. Strætó bs.: Stofnsamningur frá apríl 2001.
81. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins: Heimasíða, www.svaedisskipulag.ssh.is/wpp/svaedisskipulag/wpp.nsf/pages/index.html.

82. Umferðaröryggisnefnd: Umferðaröryggisáætlun 2001-2012, drög – umræðu-
grundvöllur, útg. í nóvember 2000.
83. Umhverfisráðuneytið: Lög og reglugerðir á heimasíðu ráðuneytis –
<http://www.stjr.is/interpro/umh/umh.nsf/pages/forsida>.
84. Umhverfisráðuneytið: Skýrsla um ástand og þróun umhverfismála á Íslandi á
árinu 1999. www.stjr.is/interpro/umh/umh.nsf/pages/arsskyrsla1999.
85. Umhverfisfræðsluráð: Umhverfisvefurinn, www.umvefur.is.
86. Vatnsendi. Milli vatns og vegar: Athugasemdir – ábendingar – umsagnir. Bæj-
arskipulag Kópavogs, október 2000.
87. Vatnsendi. Reitur F: Athugasemdir – ábendingar – umsagnir. Bæjarskipulag
Kópavogs, október 2000.
88. Vatnsveita Reykjavíkur: Vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu (kort), útg.
17.12.1997.

11.3 Ljósmyndir

Sigurður Geirdal, bærarstjóri	.6
Ármann Kr. Ólafsson, formaður skipulagsnefndar	7
Gerðarsafn	.12
Sundlaug Kópavogs	.12
Við Elliðavatn	.12
Suðurhlíðar, Digranesháls og Fossvogsdalur	.12
Listaverk á Rútstúni	.12
Kársnes	.21
Salahverfi	.21
Trjágróður	.25
Við Kópavogslæk	.25
Linda- og Salahverfi	.25
Börn í leikskóla	.31
Lindahverfi	.31
Fjölbýlishús við Lækjasmára og Lautasmára	.31
Frá Kópavogsdal	.31
Fossvogsdalur, Digranesháls og Suðurhlíðar	.31
Grjithleðsla austan Víghóls	.38
Heiðavallasvæðið	.38
Sundlaug Kópavogs	.38
Íþróttasvæðið Smárinn	.38
Fossvogsdalur	.38
Golf	.38
Frjálsar íþróttir	.38
Fossvogur	.43
Fossvogur	.43
Við Víghól	.43
Kópavogslækur	.43
Fannborg	.49
Hamraborg	.49
Kársnes	.49
Dalvegur	.49
Hamraborg	.49
Mislæg gatnamót Reykjanesbrautar og Fífuhvamsvegur	.56
Dalvegur	.56
Börn á reiðhjólum	.56
Mislæg gatnamót Reykjanesbrautar og Nýbýlavegar og Breiðholtsbrautar	.56
Strætisvagn	.56
Hafnarfjarðarvegur í gjánni	.56
Stígur í Lindum	.56
Kópavogskirkja	.67
Salurinn, Tónlistarhús Kópavogs	.67
Smáraskóli	.67
Leikskólinn Núpur	.67
Börn í leikskóla	.67
Börn í leikskóla	.67

11.4 Kort, töflur og línurit

Lögsagnarumdæmi Kópavogs	.19
Eignarhald	.19
Breytingar á íbúafjölda 2000 til 2012	.20
Helstu áætlanir aðalskipulagsins	.20
Byggðaðpróun í Kópavogi 1992-2000	.20
Vatnsendaland	.30
Hámarksnýtingarlutfall reita til viðmiðunar	.32
Opin svæði	.35
Svæði sem umhverfisvöktun nær til	.36
Bæjarvernd í heimalandi Kópavogs	.41
Bláfjallafólkvangur	.44
Menningarminjar og staðir tengdir þjóðtrú í heimalandi Kópavogs	.45
Fjöldgun starfa á höfuðborgarsvæðinu frá 1997-2020	.47
Miðbær og verslunar- og þjónustusvæði	.48
Athafnasvæði og hafnarsvæði	.50
Efnistökusvæði í landi Kópavogs	.53
Stígakerfi í heimalandi Kópavogs	.55
Aðalgatnakerfi	.57
Stofnkerfi veitna innan Kópavogs	.62
Vatnsverndarsvæði innan lögsögu Kópavogs	.63
Skólar í Kópavogi	.66

